KRISTUR

FJARLÆGÐUR

EYÐILEGGING BIBLÍUFÉLAGA Á ORÐI GUÐS Á HEIMSVÍSU

KRISTUR FJARLÆGÐUR

EYÐILEGGING BIBLÍFÉLAGA Á ORÐI GUÐS Á HEIMSVÍSU

SAMANTEKT OG SAMANBURÐUR VERSA

2025

Nýja Testament Odds 1540:

Jesús svaraði og sagði til hans: **Skrifað er**, **það maðurinn lifir eigi af brauði einu, heldur af sérhverju Guðs orði.**

Biblía 21. Aldar 2007:

Og Jesús svaraði honum: **„Ritað er: Eigi lifir maðurinn á einu saman brauði.“**

E F N I S Y F I R L I T

Kristur fjarlægður.....9
Hættulegar breytingar.....46
Breytingar á Matteus.....56
Breytingar á Markús.....79
Breytingar á Lúkas.....97
Breytingar á Jóhannes.....123
Breytingar ár Postulasögunni.....135
Breytingar á Rómverjabréfinu.....154
Breytingar á Fyrra Korintubréfi.....164
Breytingar á Seinna Korintubréfi.....173
Breytingar á Galatabréfinu.....178
Breytingar á Efesusbréfinu 182
Breytingar á Filíppíbréfinu.....184
Breytingar á Kólossabréfinu.....186
Breytingar á Þessalónikubréfunum 191
Breytingar á Tínóteusarbréfum.....195
Breytingar á Títus og Fílemon 200
Breytingar á Hebreabréfinu 202
Breytingar á Jakobsbréfi 208
Breytingar á Pétursbréfum.....210
Breytingar á Jóhannesarbréfum.....216
Breytingar á Bréfi Júdasar.....221
Breytingar á Opinberunarbókinni.....223

Formáli

Til að leggja áherslu á hversu oft Drottinn Jesús Kristur er fjarlægður úr ritningunum, þá er það upphafskafli, sá næsti eru breytingar sem eru varasamamar og ber að taka eftir, þar eftir fylgja kaflanir bókum biblíunar. Sem var í raun upphafleg hugmynd kaflaskipta, en við samanburð versa kom í ljós að nafn Jesú Krists er algengasta fjarlægingin á orðum, lof mér að ýtreka þetta fyrir þér biblíufélög eru viljandi að fjarlægja nafn Jesú Krists úr hans eigin testamenti.

Biblíurnar sem bornar eru saman eru:

Nýja Testament Odds 1540 (Nt Odds)
Guðbrandsbiblía 1584 (Guðbrands)
Authorized King James Bible 1611 (KJV)
New International Version 1984 (NIV1984)
New International Version 2011 (NIV 2011)
Viðeyjarbiblía 1841 (1841)
Heiðna Biblían 1908 (Frumútgáfa biblíu 20. Aldar) (1908)
Biblían 1981 (1981)
Biblía 21. Aldar 2007 (2007)

Eftir samanburð versa, þá er einvörðungu ein niðurstaða eftir og þú munt sjá það eftir að hafa farið í gegnum versin, ekki ein einasta biblía frá biblíufélaginu getur með réttu kallast orð Guðs, það hefur hreinlega verið of mikið fjarlægt og Ísland sem þjóð í meira en öld hefur ekki séð né heyrt allt Guðspjallið eða lesið öll orð Guðs í meira en öld núna, og erindi þessar samantektar er einföld til að sýna fram á hvað hefur verið gert við orð Guðs í meira en öld og svo er það spurninginn, munt þú vara kirkjuna þína við? Munt þú gera eitthvað til að benda á hvað hefur verið gert?

Eða viltu í blindni eða ótta treysta á að fyrirtæki sem er ekki Kristið, elskar ekki Jesú Krist á nokkurn hátt, notar snák sem sitt merki, og hefur brotið það lögmál sem er hvað hættulegast, að ekki taka burt nokkuð né bæta nokkru við orð Guðs (Opinberun 22:18)

Fyrst ber að taka fram að það var ráðist á spádómin um fæðingu Jesú Krists í fyrstu útgáfu biblíufélagsins af biblíu 20. Aldar 1908, breytingin var að taka burt að hrein mey myndi fæða Jesú Krist og í staðin segja kona myndi fæða barn, sem er ekkert kraftaverk, þetta var ein af stærstu ástæðunum fyrir því að biblíufélaginu var bannað að gefa út þessa biblíu og þeir endurskoðuðu breytingarnar en þó ekki fyllileg, allar biblíur síðan 1908 hafa í neðanmáli að annar lesháttur sé ung kona. Því varð biblían þeirra frá 1908 þekkt sem heiðna biblían og biblía 20. Aldar kom ekki út fyrr en 1912. Og áherslan á að byrja á að nefna þetta brot úr sögu biblíufélagsins er til að legga grunnin að því hvað vakir fyrir þessu félagi, ef þeir hefðu ráðið hefðu þeir breytt spádómi Jesaja og þar með fjarlægt allt yfirnáttúrulegt við fæðingu Jesú Krists.

Og því er þessu fyrirtæki ekki treystandi fyrir orði Guðs. Því að hver einasta biblía sem þeir hafa gefið út síðan 1908 ber þessa arfleifð og sami andi og vildi breyta spádóminum um Jesú er sá andi sem er að baki öllum þýðingum þeirra síðan þá, það er að segja allar þýðingar þeirra síðan 1908 geta talist sem heiðnar vegna breytinga og í raun Viðeyjarbiblía getur líka túlkast sem heiðin þó svo að þessar breytingar séu ekki í þeirri útgáfu, það er hinsvegar fjöldin allur af breytingum í þeirri útgáfu líka, en hún er samt sem áður séð skásta biblían þeirra og það ber ekki að taka því sem hrósi eða meðmælum, bara það að sú biblía sé minna spillt, þá er hún samt spillt.

Jesaja 7:14

GUÐBRANDSBIBLÍA 1584: Fyrir þann skuld mun DROTTINN sjálfur gefa yður eitt teikn. Sjá þú, ein **jungfrú** er ólétt og mun einn son fæða og hann mun hún kalla Immanúel. *(jungfrú þýðir hrein mey eða yngismær)*

KJV: Therefore the Lord himself shall give you a sign; Behold, a **virgin** shall conceive, and bear a son, and shall call his name Immanuel.

NIV 2011: Therefore the Lord himself will give you a sign: The **virgin[b]** will conceive and give birth to a son, and will call him Immanuel.

[b]Or *young woman*

VIÐEYJARBIBLÍA 1841: Þess vegna mun hinn Alvaldi gefa yður teikn sjálfur: sjá! **mey** nokkur mun barnshafandi verða og son fæða, þann mun hún heita láta „ImmanúEl“

HEIÐNA BIBLÍAN 1908: Fyrir því mun drottinn gefa yður tákn sjálfur: Sjá, **kona** verður þunguð og fæðir son og lætur hann heita Immanúel

BIBLÍA 20. ALDAR 1912: Fyrir því mun drottinn gefa yður tákn sjálfur: Sjá, **yngismær*** verður þunguð og fæðir son og lætur hann heita Innnariúel.

***Eða: ung kona.**

BIBLÍAN 1981: Fyrir því mun Drottinn gefa yður tákn sjálfur: Sjá, **yngismæra**[a] verður þunguð og fæðir son og lætur hann heita Immanúel.

[a] Eða: ung kona

BIBLÍA 21. ALDAR 2007: Þess vegna mun Drottinn sjálfur gefa yður tákn. Sjá, **yngismær** [b] verður þunguð og fæðir son og lætur hann heita Immanúel.

[b] Eða: ung kona

Árásin á fæðingu Jesú Krists er ekki lokið, nú ber að hafa í huga ef ætlunin er að segja að kona hafi einfaldlega eignast barn, þá er að sjálfsögðu fjarlægt að Jesús hafi verið fyrsta barnið sem María fæðir.

HEIÐNA BIBLÍAN 1908: og hann kendi hennar ekki, unz hún **hafði alið son**, og hann kallaði nafn hans JESÚS.

BIBLÍAN 1981: Hann kenndi hennar ekki fyrr en hún **hafði alið son.** Og hann gaf honum nafnið JESÚS.

BIBLÍA 21. ALDAR 2007 : Hann kenndi hennar ekki fyrr en hún **hafði alið son**. Og hann gaf honum nafnið JESÚS.

VIÐEYJARBIBLÍA 1841: en hafði þó ekki samræði við hana, **uns hún ól sinn frumgetinn son**, hvörn hann lét heita Jesús.

NÝJA TESTAMENT ODDS 1540: og kenndi hennar eigi þar til hún **fæddi son sinn frumgetinn** og kallaði hans nafn JESÚS.

GUÐBRANDSBIBLÍA 1584: og kenndi hennar eigi þar til hún **fæddi son sinn frumgetinn** og kallaði hann JESÚS.

King James: And knew her not till she had **brought forth her firstborn son**: and he called his name Jesus.

Og nú má svo stökkva yfir í Jóhannesarguðspjall og þar má sjá að Jesús er ekki lengur einsgetin Sonur Guðs heldur einka sonur, þannig að biblíufélagið vill að þú trúir að María mey var ekki hrein mey þegar hún fæddi Jesú, hann var ekki fyrsta barnið hennar og í ofanálag þá er Jesús ekki ein getni Sonur Guðs, nú tel ég að það sé aldeilis búið að leggja góðan grunn að því að hvernig álit biblíufélagið hefur á Jesú Kristi eingöngu með þeirra ritningum, þannig að þegar lengra gengur á þessa bók og þú ferð að sjá vers og orð fjarlægð og orðum breytt, þá á það ekki koma þér á óvart, því að þetta er ekki verknaður manna sem fylgja Jesú Kristi eða elska orð Guðs.

Jóhannes 1:18

NT ODDS: (Enginn hefur um aldur Guð sénan). Sá **eingetni Sonur**, sem í Föðursins faðmi er, hann hefur oss þetta kunngjört.

GUÐBRANDS: Enginn hefur um aldur Guð sénan, sá **eingetni Sonur** sem í Föðursins faðmi er, hann hefur oss þetta kunngjört.“

KJV: No man hath seen God at any time, the **only begotten Son**, which is in the bosom of the Father, he hath declared him.

NIV 1984: No one has ever seen God, but God **the One and Only**, , who is at the Father's side, has made him known.

NIV 2011: No one has ever seen God, but the **one and only Son**, who is himself God and [b] is in closest relationship with the Father, has made him known.
[b] Some manuscripts but the only Son, who

1841: Enginn hefir nokkurn tíma séð Guð, sá **eingetni Sonurinn**, sem er í Föðursins skauti, hann hefir sagt oss af honum.

1908: Guð hefir enginn nokkurn tíma séð; **sonurinn eingetni**, sem er í skauti föðurins, hann hefir lýst honum

1981: Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð. **Sonurinn eini**, Guð, sem er í faðmi föðurins, hann hefur birt hann.

2007: Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð. **Sonurinn eini**, Guð, sem er í faðmi föðurins, hann hefur birt hann.

Og hver neitar því að Jesús Kristur hafi komið í hold, jú Antakristur og viðvörun Jóhannesar um að þeir sem hafna því að Jesús Kristur hafi komið í holdi séu andkristnir eða af hans anda er fjarlægð.

Fyrsta Jóhannesarbréf 4:3

NT ODDS: Og hver andi **sem eigi viðurkennir það Jesús Christus sé í holdgan kominn**, sá er ekki af Guði. Og það er sá andi þess Antakrists af hverjum þér hafið heyrt það hann mundi koma og er nú þegar í heiminum

GUÐBRANDS: Og hver andi **sem eigi viðurkennir það Jesús Christus sé í holdgan kominn**, sá er ekki af Guði. Og það er sá andi þess Antakrists af hverjum þér hafið heyrt það hann mundi koma og er nú þegar í heiminum

KJV: And every spirit **that confesseth not that Jesus Christ is come in the flesh** is not of God: and this is that spirit of antichrist, whereof ye have heard that it should come; and even now already is it in the world.

NIV 1984: but every spirit that **does not acknowledge Jesus** is not from God. This is the spirit of the antichrist, which you have heard is coming and even now is already in the world.

NIV 2011: but every spirit that **does not acknowledge Jesus** is not from God. This is the spirit of the antichrist, which you have heard is coming and even now is already in the world.

1841: En hvör sá andi, **sem ekki viðurkennir, að Jesús Kristur hafi komið í holdinu** hann er ekki frá Guði, heldur er hann Krists óvinur (andi) um hvörn þér hafið heyrt, að koma muni og er nú þegar í heiminum

1908: og sérhver andi, **sem ekki játar Jesúm, er ekki af Guði**; og hann er andkristins andi, sem þér hafið heyrt um að komi, og nú þegar er hann í heiminum.

1981: En sérhver andi, **sem ekki játar Jesú, er ekki frá Guði.** Hann er andkristsins andi, sem þér hafið heyrt um að komi, og nú þegar er hann í heiminum.

2007: En sérhver andi **sem ekki játar Jesú er ekki frá Guði**. Hann er andkristsins andi sem þið hafið heyrt um að komi og nú þegar er hann í heiminum.

Í rauninni má segja að bara á þessum örfáu versum sé búið að benda á nægilega margar breytingar til að sanna óguðlegar breytingar sem hafa verið gerðar, í rauninni þyrfti þessi bók ekki að vera lengri, en það er skrifað að við eigum að opinbera verk myrkursins (Efesus 5:11) og því var ekki nóg opinbera eingöngu árásina á fæðingu Jesú Krists, heldur að opinbera eins margar illvígar og grimmilegar andkristnar breytingar sem gerðar hafa verið í meira en öld.

Því það verður að athuga að kirkjunar predika allar útfra þeirra biblíum, þannig að það er fjöldi versa sem aldrei hafa verið predikuð því að enginn veit af þeim eða telur þau ekki skipta máli af því að nýja þýðinginn hefur þau ekki, til dæmis var iðrun fjarlægð með öllu í biblíu 21. Aldar, þannig að það hefur þá varla verið boðuð iðrun í allt að 18 ár að því gefnu að kirkjur hafi skipt um þýðingu sama ár og sú skömm kom út.

Nú það ber að taka fram að þessi bók mun ekki fjalla sérstaklega um kynleysi 2007 útgáfunar, ekki af því að það skiptir ekki máli heldur vegna þess að það í raun skiptir nánast engu miðað við að það er búið að fjarlægja vers í meira en öld og fjarlægja Krist og að leggja áherslu á þá þýðingu eingöngu myndi gefa í skyn að þeirra fyrri verk séu í lagi, en markmiðið hér er að sýna útrfrá ritningunum að EKKERT sem biblíufélagið hefur gefið út er í lagi, ekki ein biblía frá þem er örugg né gott orð samanborið við Guðbrandsbiblíu og Nýja Testament Odds og í reynd þá ætti að vera ákall um að fá þær gefnar út að nýju og þær ættu að vera teknar sem gildar ef ekki gildari biblíur til að predika úr, þær eru reyndar ekki eins hárbeittar og King James biblían en þær eru margfalt betri en nokkuð sem biblíufélagið hefur gefið út, ef enskumælandi heimurinn getur vanist því að lesa forna ensku í King James, hví getum við þá ekki vanist því að lesa fornu Íslenskuna í Guðbrands og Odds? Eins og versin hafa sýnt og mun sýna fram á, er að þær biblíur eru alls ekki ólæsilegar fyrir nútíma íslending. Þannig að við getum ályktað að það er viljandi ekki verið að kynna fyrir Kristnum á Íslandi vægi Nýja Testaments Odds og Guðbrandsbiblíu og viljandi verið að gefa út biblíur þess í stað sem hafa mun færri orð og allt aðrar merkingar en Guð ætlaði í fyrstu.

Og þannig endum við með kraftlausa Kristni og fjölda trúaðra sem vita ekki hvers megnugir þeir í raun eru, því orðið hefur verið rænt frá þeim

Amos 8:11 Sjá þú, tíminn kemur, segir Drottinn GUÐ, að eg vil senda hungur í landið, ekki hungur brauðs og vatns heldur hungur orðs DROTTINS, að þeir skulu hlaupa hingað og þangað, frá einu hafi og til annars, frá norðri og til austurs og leita eftir orði DROTTINS og finna það þó ei.

Nú er búið að leggja grunnin að sönnunarbyrði þessar bókar, hér framundan er samntekt á versum þar sem Kristur eða nokkuð af hans nafni eða hans persónu hefur verið fjarlægt úr ritningunum, þetta er ekki auðvelt að horfa upp á, en það verður að opinbera

verknað biblíufélagsins svo að hægt sé að bæta skaðan sem þeir hafa valdið.

Því það er ekki þér að kenna að þeir seldu þér biblíu sem er búið að breyta, það er ekki við mig að sakast að hafa opinberað það heldur, sökin er öll þeirra. Eina sem er gert hér er að sýna fram á verknað þeirra.

En spurningin sem lögð var fram í formálanum stendur enn, eftir að þú hefur gert samanburðin á versum, muntu vara aðra við? Muntu vara kirkjuna þína við?

Muntu geta þagað ef þú ert á samkomu og það er vitnað í vers sem þú veist að á að vera lengra?

Matteus 8:29

Jesús fjarlægður

NT ODDS: Og sjá, að þeir kölluðu og sögðu: Hvað höfu vær með þig, þú **Jesús Guðs Sonur**? Komstu hingað að kvelja oss áður tími er til?

GUÐBRANDS: Og sjá, að þeir kölluðu og sögðu: „Hvað höfum vær með þig, þú **Jesús Guðs Sonur?** Komstu hingað að kvelja oss áður en tími er til?“

KJV: And, behold, they cried out, saying, What have we to do with thee, **Jesus, thou Son of God?** art thou come hither to torment us before the time?

NIV 1984: What do you want with us, **Son of God**?" they shouted. "Have you come here to torture us before the appointed time?"

NIV 2011: “What do you want with us, **Son of God**?” they shouted. “Have you come here to torture us before the appointed time?”

1841: Og sjá! þeir hrinu upp og sögðu: hvað höfum vér og þú, **Guðs Son**! saman að sælda? Ertú kominn hingað, áður en tími er til, að kvelja okkur?

1908: Og sjá, þeir æptu og sögðu: Hvað höfum við saman við þig að sælda, **sonur Guðs**? Ert þú kominn hingað fyrir tímann, til þess að kvelja oss?

1981: Þeir æpa: „Hvað vilt þú okkur, **sonur Guðs**? Komstu hingað að kvelja okkur fyrir tímann?“

2007: Þeir æpa: „Hvað vilt þú okkur, **sonur Guðs**? Komstu hingað að kvelja okkur fyrir tímann?“

Matteus 13:51

Herra eða Drottinn fjarlægður.

NT ODDS: Og Jesús sagði til þeirra: Hafi þér allt þetta undirstaðið? Þeir sögðu: **Einninn Herra**

GUÐBRANDS: Og Jesús sagði til þeirra: „Hafi þér allt þetta undirstaðið?“ Þeir sögðu: „**Einnin**, **Herra**.“

KJV: Jesus saith unto them, Have ye understood all these things? They say unto him, **Yea**, **Lord**.

NIV 1984: Have you understood all these things?" Jesus asked. "**Yes**," they replied.

NIV 2011:“Have you understood all these things?” Jesus asked. “**Yes**,” they replied.

1841: Síðan spurði Jesús þá, hvört þeir skildu allt þetta? **en þeir kváðust það skilja.**

1908: Hafið þér skilið alt þetta? þeir segja við hann**: Já.**

1981: Hafið þér skilið allt þetta?“ „**Já**,“ svöruðu þeir.

2007: Hafið þið skilið allt þetta?“ **„Já,“** svöruðu lærisveinarnir.

Matteus 15:30

Jesús fjarlægður

NT ODDS: og margt folk dreif til hans, hafandi með sér halta, blinda, mállausa, vanaða og marga aðra og snörpuðu þeim fram fyrir **fætur Jesú**. Og hann læknaði þá

GUÐBRANDS: Og margt fólk dreif til hans, hafandi með sér halta, blinda, mállausa, vanaða og marga aðra og snöruðu þeim fram fyrir **fætur Jesú** og hann læknaði þá,

KJV: And great multitudes came unto him, having with them those that were lame, blind, dumb, maimed, and many others, and cast them down at **Jesus**' **feet**; and he healed them:

NIV 1984: Great crowds came to him, bringing the lame, the blind, the crippled, the mute and many others, and laid them at **his feet**; and he healed them.

NIV 2011: Great crowds came to him, bringing the lame, the blind, the crippled, the mute and many others, and laid them at **his feet**; and he healed them.

1841: þá kom til hans mikill fjöldi fólks, er hafði með sér halta menn og blinda, mállausa, handarvana og marga aðra, og vörpuðu þeim til **fóta Jesú**, en hann læknaði þá;

1908: Og mikill fjöldi fólks kom til hans, er hafði með sér halta menn og blinda, mál-

lausa, handarvana og marga aðra, og vörpuðu þeim fyrir **fætur Jesú**, og hann læknaði þá;
1981: Menn komu til hans hópum saman og höfðu með sér halta menn og blinda, fatlaða, mállausa og marga aðra og lögðu þá fyrir **fætur hans**, og hann læknaði þá.
2007: Menn komu til hans hópum saman og höfðu með sér halta menn og blinda, fatlaða, mállausa og marga aðra og lögðu þá fyrir **fætur hans** og hann læknaði þá.

Matteus 16:20

Jesús fjarlægður
NT ODDS: Þá fyrirbauð hann sínum lærisveinum að þeir segði það öngum að hann **væri sá Jesús Kristur**.
GUÐBRANDS: Þá fyrirbauð hann sínum lærisveinum að þeir segði það nokkrum að hann **væri Jesús, sá Christus.**
KJV: Then charged he his disciples that they should tell no man that he **was Jesus the Christ.**
NIV 1984: Then he warned his disciples not to tell anyone that he was **the Christ**.
NIV 2011: Then he ordered his disciples not to tell anyone that he **was the Messiah**.
1841: Síðan bannaði hann lærisveinum sínum að segja nokkrum það hann **væri Kristur**.
1908: Þá bauð bann lærisveinunum, að þeir segðu engum, að hann **væri Kristur**.
1981: Þá lagði hann ríkt á við lærisveinana að segja engum, að hann **væri Kristur**
2007: Þá lagði hann ríkt á við lærisveinana að segja engum að hann **væri Kristur**.

Matteus 23:8

Kristur fjarlægður
NT ODDS: En þér skuluð eigi Rabbí kallast því að **einn er yðar meistari**, **Kristur**, en þér allir eruð bræður
GUÐBRANDS: En þér skuluð eigi rabbí kallast því að **einn er yðar meistari, Kristur,** en þér allir eruð bræður
KJV: But be not ye called Rabbi: for **one is your Master**, **even Christ**; and all ye are brethren
NIV 1984: "But you are not to be called 'Rabbi,' for you have only **one Master** and you are all brothers.
NIV 2011: "But you are not to be called 'Rabbi,' for you have **one Teacher**, and you are all brothers
1841: En þér skuluð ekki láta yður meistara kalla, **því einn er yðar meistari**, en þér eruð allir bræður.
1908: En þér skuluð eigi lála kalla yður »rabbí«, því að **einn er yðar meistari**; en þér allir eruð bræður.
1981: En þér skuluð ekki láta kalla yður meistara, því **einn er yðar meistari** og þér allir bræður.
2007: En þér skuluð ekki láta kalla yður meistara því **einn er yðar meistari** og þér öll bræður og systur.

Matteus 25:13

Jesús Kristur fjarlægður úr hans eigin endurkomu
NT ODDS: Fyrir því vakið að þér vitið eigi þann dag né stund, **á hverri mannsins Son mun koma**
GUÐBRANDS: Fyrir því vakið það þér vitið eigi þann dag og stund **á hverri mannsins Son mun koma.**
KJV: Watch therefore, for ye know neither the day nor the hour **wherein the Son of man cometh.**
NIV 1984: "Therefore keep watch, because you do not know the day or the hour.
NIV 2011: "Therefore keep watch, because you do not know the day or the hour.
1841: Verið þar fyrir vakandi, því þér vitið ekki daginn né stundina
1908: Vakið því, þar eð þér vilið eigi daginn né stundina.
1981: Vakið því, þér vitið ekki daginn né stundina.
2007: Vakið því, þér vitið ekki daginn né stundina.

Matteus 28:6

Herran fjarlægður
NT ODDS: Ei er hann hér. Upp er hann risinn svo sem hann sagði. Komi þér hér og sjáið þann stað **hvar Herrann var lagður.**
GUÐBRANDS: Ei er hann hér, upp er hann risinn so sem hann sagði. Komi þér hér og sjáið þann stað **hvar Herrann var lagður**
KJV: He is not here: for he is risen, as he said. Come, see the place **where the Lord lay**.
NIV 1984: He is not here; he has risen, just as he said. Come and see the place **where he lay.**

NIV 2011: He is not here; he has risen, just as he said. Come and see the place **where he lay**
1841: hann er ekki hér, því hann er upprisinn, eins og hann sagði; komið og sjáið staðinn, **hvar Herrann lá**;
1908: Hann er eigi hér, því að hann er upprisinn, eins og hann sagði. Komið, sjáið staðinn, **þar sem drottinn lá**.
1981: Hann er ekki hér. Hann er upp risinn, eins og hann sagði. Komið og sjáið staðinn, **þar sem hann lá**
2007:Hann er ekki hér. Hann er upp risinn, eins og hann sagði. Komið og sjáið staðinn **þar sem hann lá**.

Markús 1:1

Upphafsorð Markúsar strax dregin í efa
NT ODDS: Þetta er upphaf evangelia **Jesú Kristi, Guðs Sonar,**
GUÐBRANDS: Þetta er upphaf evangelii **Jesú Christi, Guðs Sonar,**
KJV: The beginning of the gospel of Jesus **Christ**, t**he Son of God;**
NIV 1984: The beginning of the gospel about **Jesus Christ, the Son of God.**
NIV 2011: The beginning of the good news about Jesus the **Messiah**,[a] the Son of God, [b] [a]Or Jesus Christ. Messiah (Hebrew) and Christ (Greek) both mean Anointed One. [b] Some manuscripts do not have the Son of God.
1841: Þetta er upphaf gleðiboðskaparins **Jesú Krists, Guðs Sonar.**
1908: Upphaf fagnaðarboðskapar **Jesú Krists, sonar Guðs**
1981: Upphaf fagnaðarerindisins um Jesú Krist, Guðs son.[a]
[a] **Orðin „Guðs son“ vantar í sum handrit.**
2007: Upphaf fagnaðarerindisins um Jesú Krist, Guðs son. [a]
[a] **Orðin „Guðs son“ vantar í sum handrit.**

Markús 11:10

Það eð kemur í nafni Drottins. Það er að segja Jesú Kristur, fjarlægt.
NT ODDS: og blessað sé ríki föður vors Davíðs, **það eð kemur í nafni Drottins**. Hósíanna á upphæðum.
GUÐBRANDS: og blessað sé ríki föðurs vors Davíðs, **það eð kemur í nafni Drottins!** Hósíanna í upphæðum!“
KJV: Blessed be the kingdom of our father David, **that cometh in the name of the Lord**: Hosanna in the highest.
NIV 1984: Blessed is the coming kingdom of our father David!" "Hosanna in the highest!"
NIV 2011: Blessed is the coming kingdom of our father David!” “Hosanna in the highest heaven!”
1841: blessað veri hið afturkomna ríki föðurs vors Davíðs! hjálpa þú sem býr á hæðum!
1908: Blessað sé hið komandi konungsríki föður vors Davíðs! Hósanna í hæstum hæðum!
1981: Blessað sé hið komandi ríki föður vors Davíðs! Hósanna í hæstum hæðum!“
2007: Blessað sé hið komandi ríki föður vors Davíðs! Hósanna í hæstum hæðum!“

Markús 13:6

Viðvörun Jesú Krist um fals Krista breytt
NT ODDS: Því að margir munu koma í mínu nafni og segja: **Eg er Kristur** og munu marga villa.
GUÐBRANDS: Því að margir munu koma í mínu nafni og segja: **Eg em Kristur**, og munu marga villa.
KJV: For many shall come in my name, saying, **I am Christ**; and shall deceive many.
NIV 2011: Many will come in my name, claiming, **‘I am he,**’ and will deceive many.
1841: því margir munu koma í mínu nafni, **og segja sig vera Krist,** og þeir munu marga afvega leiða.
1908: Margir munu koma í mínu nafni, segjandi: **Það er eg**, og marga munu þeir leiða í villu.
1981: Margir munu koma í mínu nafni og segja: **Það er ég**! og marga munu þeir leiða í villu.
2007: Margir munu koma í mínu nafni og segja: **Það er ég**! og marga munu þeir leiða í villu.

Lúkas 4:41

Djöflarnir vissu að Jesú væri Kristur, þess vegna sögðu þeir, Þú ert Kristur Sonur Guðs
NT ODDS: Djöflar fóru og út af mörgum, kallandi upp og sögðu: **Þú ert Kristur, Sonur Guðs.** Hann hastaði á þá og leyfði þeim eigi að mæla því að **þeir vissu það hann var Kristur.**
GUÐBRANDS: Djöflar fóru og út af mörgum, kallandi upp og sögðu: **„Þú ert Kristur, Sonur Guðs!“** Hann hastaði á þá og leyfði

þeim ekki að mæla **því að þeir vissu það hann var Kristur**
KJV: And devils also came out of many, crying out, and saying, **Thou art Christ the Son of God**. And he rebuking them suffered them not to speak: **for they knew that he was Christ.**
NIV 1984: Moreover, demons came out of many people, shouting, **"You are the Son of God!"** But he rebuked them and would not allow them to speak, **because they knew he was the Christ.**
NIV 2011: Moreover, demons came out of many people, shouting, **"You are the Son of God!"** But he rebuked them and would not allow them to speak, because **they knew he was the Messiah.**
1841: Djöflar fóru og út af mörgum, æptu og sögðu: **þú ert Sonur Guðs;** en hann bannaði þeim að tala, **því þeir vissu, að hann var Kristur.**
1908: Illir andar fóru jafnvel út af mörgum, æplu og sögðu: **Þú ert sonur Guðs.** Og hann hastaði á þá og leyfði þeim ekki að tala, **því að þeir vissu, að hann var Kristur**
1981: Þá fóru og illir andar út af mörgum og æptu: **„Þú ert sonur Guðs.“** En hann hastaði á þá og bannaði þeim að tala, því að **þeir vissu, að hann var Kristur.**
2007: Þá fóru og illir andar út af mörgum og æptu: **„Þú ert sonur Guðs.“** En Jesús hastaði á þá og bannaði þeim að tala því að **þeir vissu að hann var Kristur.**

Lúkas 10:39

Jesús fjarlægður í þessu versi og næsta.
NT ODDS: Og hún átti þá systur er María hét, hver eð setti sig fyrir **fætur Jesú** og heyrði hans orð.
GUÐBRANDS: Og hún átti þá systur er María hét hver eð setti sig fyrir **fætur Jesú** og heyrði hans orð
KJV: And she had a sister called Mary, which also sat at **Jesus' feet,** and heard his word.
NIV 1984: She had a sister called Mary, who sat at the **Lord's feet** listening to what he said.
NIV 2011: She had a sister called Mary, who sat at the **Lord's feet** listening to what he said
1841: hún átti systur, er María hét, hún sat til **fóta Jesú** og hlýddi hans kenningu.
1908: Og hún átti systur, er hél María, er jafnvel sat við **fætur drottins** og hlýddi á orð hans.
1981: Hún átti systur, er María hét, og settist hún við **fætur Drottins** og hlýddi á orð hans.
2007: Hún átti systur er María hét og settist hún við **fætur Drottins** og hlýddi á orð hans.

Lúkas 10:41

NT ODDS: **En Jesús svaraði** og sagði til hennar: Marta, Marta, þú ert svo syrgjandi og mæðist í mörgu,
GUÐBRANDS: **En Jesús svaraði** og sagði til hennar: „Marta, Marta, þú ert so áhyggjufull og mæðist í mörgu
KJV: **And Jesus answered** and said unto her, Martha, Martha, thou art careful and troubled about many things:
NIV 1984: "Martha, Martha," **the Lord answered**, "you are worried and upset about many things,
NIV 2011: "Martha, Martha," **the Lord answered**, "you are worried and upset about many things,
1841: **Jesús svaraði** henni: Marta! Marta! þú hefir mikla áhyggju og umsvif fyrir mörgu, en á einu ríður mest.
1908: **En drottinn svaraði** og sagði við hana: Marta, Marta, þú ert áhyggjufull og mæðist í mörgu
1981: **En Drottinn svaraði** henni: „Marta, Marta, þú ert áhyggjufull og mæðist í mörgu,
2007: **En Drottinn svaraði** henni: „Marta, Marta, þú ert áhyggjufull og mæðist í mörgu

Lúkas 21:8

Þetta er sambærilegt vers á við Markús 13:6 og vissulega var Kristur fjarlægður úr þessu versi líka. Það má sjá að þetta er ekki ný villa eða ný breyting þar sem hún er í Oddi líka.
NT ODDS: En hann sagði: Sjáið til að þér verðið eigi villtir. Því að margir munu koma í mínu nafni og segja að **eg sé það**, og sá tími tekur að nálgast. Fylgið þeim eigi eftir.
GUÐBRANDS: En hann sagði: „Sjáið til að þér verðið ei villtir. Því að margir munu koma í mínu nafni **og segja að eg sé Kristur** og sá tímitekur að nálgast. Fylgið þeim eigi eftir.
KJV: And he said, Take heed that ye be not deceived: for many shall come in my name, saying, **I am Christ**; and the time draweth near: go ye not therefore after them.

NIV 2011: He replied: “Watch out that you are not deceived. For many will come in my name, claiming, ‘**I am he,**’ and, ‘The time is near.’ Do not follow them.
1841: Hann svaraði: gjaldið varhuga við, að þér verðið ekki flekaðir, því margir munu koma í mínu nafni **og segja sig Krist að vera**, og nú sé tíminn kominn, en fyllið ekki flokk þeirra.
1908: Og hann sagði: Gætið þess, að þér verðið ekki leiddir í villu, því að margir munu koma í mínu nafni, segjandi: **Það er eg**, og: Tíminn er nálægur, en farið ekki á eftir þeim.
1981: Hann svaraði: Varist að láta leiða yður í villu. Margir munu koma í mínu nafni **og segja**: **Það er ég**! og Tíminn er í nánd! Fylgið þeim ekki.
2007: Hann svaraði: „Varist að láta leiða yður í villu. Margir munu koma í mínu nafni og segja: **Það er ég**! og: Tíminn er í nánd! Fylgið þeim ekki.

Lúkas 22:20

Blóð Jesú Krists dregið í efa
NT ODDS: Líka einninn og kaleikinn eftir kveldmáltíðina og sagði: **þessi er kaleikur nýs testamentis í mínu blóði, hvert fyrir yður út hellist.**
GUÐBRANDS: Líka einnin og kaleikinn eftir kveldmáltíðina og sagði: **„Þessi er kaleikur hins nýja testamentis í mínu blóði hvert fyrir yður úthellist**
KJV: Likewise also the cup after supper, saying, **This cup is the new testament in my blood, which is shed for you**
NIV 1984: In the same way, after the supper he took the cup, saying, "**This cup is the new covenant in my blood, which is poured out for you**
NIV 2011 In the same way, after the supper he took the cup, saying, “**This cup is the new covenant in my blood, which is poured out for you** .[a]
[a] Some manuscripts do not have given for you … poured out for you.
1841: Sömuleiðis bikarinn að enduðum kvöldverði, og mælti**: þessi bikar er sá nýi sáttmáli, (sem staðfestist) með mínu blóði, sem fyrir yður verður úthellt.**
1908: Og á sama hátt tók hann eftir kveldmáltíðina bikarinn og mælti: **Þessi bikar er hinn nýi sátlmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthelt**
1981: Eins tók hann kaleikinn eftir kvöldmáltíðina og sagði: „Þessi kaleikur er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthellt.[a]
[a] **Orðin**: **„sem fyrir yður er gefinn . . . , sem fyrir yður er úthellt“ vantar í sum handrit.**
2007: Eins tók hann kaleikinn eftir kvöldmáltíðina og sagði: „Þessi kaleikur er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði sem fyrir yður er úthellt[a]
[a] **Orðin**: **„sem fyrir yður er gefinn . . . , sem fyrir yður er úthellt“ vantar í sum handrit.**

Lúkas 22:31

Drottinn fjarlægður og endi versins breytt.
NT ODDS: **En Drottinn sagði:** Símon, Símon, **sjáðu að andskotinn hefir beiðst yðar að hann mætti sælda yður** sem hveiti.
GUÐBRANDS: **En Drottinn sagði**: „Símon, Símon, sjáðu, **að andskotinn hefir beiðst yðar að hann mætti sælda yður** sem hveiti.
KJV: **And the Lord said,** Simon, Simon, behold, **Satan hath desired to have you**, **that he may sift you as wheat:**
NIV 2011: “Simon, Simon, S**atan has asked to sift all of you** as wheat.
1841: **Ennframar sagði Drottinn:** Símon, Símon! gæt þú þess, að **Satan hefir leitast við að sælda yður sem hveiti,**
1908: Símon, Símon, sjá, **Satan krafðist yðar**, til að sælda yður eins og hveiti;
1981: Símon, Símon, **Satan krafðist yðar að sælda yður** eins og hveiti
2007:Símon, Símon, **Satan krafðist að fá að sælda yður eins og hveiti svo að hismið kæmi í ljós**

Lúkas 23:42

Þjófurinn á krossinum ávarpar Jesú sem Drottinn
NT ODDS: **Og hann sagði til Jesú**: **Drottinn**, minnstu mín þá þú kemur í ríki þitt.
GUÐBRANDS: **Og hann sagði til Jesú**: „**Drottinn**, minnstu mín þá þú kemur í ríki þitt.“
KJV: **And he said unto Jesus, Lord**, remember me when thou comest into thy kingdom.
NIV 1984: Then he said, "**Jesus**, remember me when you come into your kingdom
NIV 2011: Then he said, “**Jesus**, remember me when you come into your kingdom.[d]”

[d]Some manuscripts come with your kingly power
1841: Þá sagði hann við **Jesúm**: minnst þú mín, **Herra**! þegar þú kemur í ríki þitt!
1908: Og hann sagði: **Jesú**, minst þú mín, þegar þú kemur í ríki þínu!
1981: Þá sagði hann: „**Jesús**, minnst þú mín, þegar þú kemur í ríki þitt!“
2007: Þá sagði hann: „**Jesús**, minnst þú mín þegar þú kemur í ríki þitt!“

Lúkas 24:6

Frásögnin um upprisu Jesú Krist dregin í efa
NT ODDS: Hann er eigi hér, heldur er hann upprisinn. Hugleiðið að því hvað hann talaði fyrir yður þá hann var nú enn í Galílea
GUÐBRANDS: Hann er eigi hér heldur er hann upprisinn. Hugleiðið að því hvað hann talaði fyrir yður þá hann var nú enn í Galilea
KJV: He is not here, but is risen: remember how he spake unto you when he was yet in Galilee,
NIV 1984: He is not here; he has risen! Remember how he told you, while he was still with you in Galilee:
NIV 2011: He is not here; he has risen! Remember how he told you, while he was still with you in Galilee:
1841: ekki er hann hér, hann er upprisinn, minnist þess, er hann sagði yður, meðan hann var enn nú í Galíleu
1908: Hann er ekki hér, heldur er hann upprisinn; minnist þess, hvernig hann talaði við yður, meðan hann enn var í Galíleu, og sagði
1981: Hann er ekki hér, hann er upp risinn.[b] Minnist þess, hvernig hann talaði við yður, meðan hann var enn í Galíleu.
[b] **Málsgreinina vantar í sum handrit.**
2007: Hann er ekki hér, hann er upp risinn.[b] Minnist þess hvernig hann talaði við yður meðan hann var enn í Galíleu
[b] **Málsgreinina vantar í sum handrit.**

24:51

Og upprisan sjálf er síðan dregin í efa.
NT ODDS: Og það gjörðist þá hann blessaði yfir þá að hann leið frá þeim **og varð uppnuminn til himins.**
GUÐBRANDS: Og það gjörðist þá hann blessaði yfir þá að hann leið frá þeim **og var upp numinn til himins.**
KJV: And it came to pass, while he blessed them, he was parted from them, **and carried up into heaven.**
NIV 1984: While he was blessing them, he left them **and was taken up into heaven.**
NIV 2011: While he was blessing them, he left them **and was taken up into heaven.**
1841: en meðan hann var að blessa þá, skildist hann frá þeim **og varð uppnuminn til himna.**
1908: Og svo bar við, meðan hann var að blessa þá, að liann skildist frá þeim **og varð upp numinn til himins.**
1981: En það varð, meðan hann var að blessa þá, að hann skildist frá þeim og var upp numinn til himins[c]
[c]**Orðin: „og var upp numinn til himins“ vantar í sum handrit.**
2007: En það varð, meðan hann var að blessa þau, að hann skildist frá þeim og var upp numinn til himins[g]
[g]**Orðin: „og var upp numinn til himins“ vantar í sum handrit.**

Jóhannes 1:18

Hinn eini getni Sonur Guðs er nú sonurinn eini
NT ODDS: (Enginn hefur um aldur Guð sénan). Sá **eingetni Sonur**, sem í Föðursins faðmi er, hann hefur oss þetta kunngjört.
GUÐBRANDS: Enginn hefur um aldur Guð sénan, sá **eingetni Sonur** sem í Föðursins faðmi er, hann hefur oss þetta kunngjört.“
KJV: No man hath seen God at any time, the **only begotten Son**, which is in the bosom of the Father, he hath declared him.
NIV 1984: No one has ever seen God, but God **the One and Only**, , who is at the Father's side, has made him known.
NIV 2011: No one has ever seen God, but the **one and only Son**, who is himself God and [b] is in closest relationship with the Father, has made him known.
[b] Some manuscripts but the only Son, who
1841: Enginn hefir nokkurn tíma séð Guð, sá **eingetni Sonurinn**, sem er í Föðursins skauti, hann hefir sagt oss af honum.
1908: Guð hefir enginn nokkurn tíma séð; **sonurinn eingetni**, sem er í skauti föðurins, hann hefir lýst honum
1981: Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð. **Sonurinn eini**, Guð, sem er í faðmi föðurins, hann hefur birt hann.
2007: Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð. **Sonurinn eini**, Guð, sem er í faðmi föðurins, hann hefur birt hann.

Jóhannes 1:27

Vitneskja Jóhannesar skírara um að Jesús hafi verið til áður enn Jóhannes varð til er fjarlægð. Það er að segja ábending í ritningunum að Jesús var til áður enn hann kom í holdi.

NT ODDS: Hann er sá sem eftir mig mun koma, **sá eð fyrir mig var**, hvers eg em ei verður að eg skal upp leysa hans skóþvengi.

GUÐBRANDS: Hann er sá sem eftir mig mun koma, **sá eð fyrir mig var**, hvers eg em ei verður að eg skal uppleysa hans skóþvengi.“

KJV: He it is, who coming after me **is preferred before me,** whose shoe's latchet I am not worthy to unloose

NIV 1984: He is the one who comes after me, the thongs of whose sandals I am not worthy to untie."

NIV 2011: He is the one who comes after me, the straps of whose sandals I am not worthy to untie.”

1841: 1:26 ...þér þekkið ekki, sem koma mun eftir mig, 27 hvers skóþvengi eg em ekki verðugur að leysa.

1908: hann sem kemur eftir mig, og skóþvengi hans er eg ekki verður að leysa.

1981: hann, sem kemur eftir mig, og skóþveng hans er ég ekki verður að leysa.“

2007: hann sem kemur eftir mig og skóþveng hans er ég ekki verður að leysa.“

Jóhannes 3:16

Jesús Kristur er ekki lengur eingetin sonur Guðs, heldur einkassonur Guðs

NT ODDS: Því að svo elskaði Guð heiminn að hann gaf út **sinn eingetinn Son** til þess að allir þeir á hann trúa fyrirfærust eigi, heldur að þeir hafi eilíft líf.

GUÐBRANDS: Svo elskaði Guð heiminn að hann gaf út **sinn eingetinn son** til þess að allir þeir sem á hann trúa fyrirfarist eigi heldur að þeir hafi eilíft líf.

KJV: For God so loved the world, that he gave **his only begotten Son**, that whosoever believeth in him should not perish, but have everlasting life.

NIV 2011: For God so loved the world that he gave his **one and only Son**, that whoever believes in him shall not perish but have eternal life.

1841: Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf **sinn eingetinn Son** til þess, að hvör, sem á hann trúir ekki tapist, heldur hafi eilíft líf.

1908: Því að svo elskaði Guð heiminn, að hann **gaf son sinn eingetinn,** til þess að hver, sem á hann trúir, glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.

1981: Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son **sinn eingetinn**, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.

2007: Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf **einkason sinn** til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf.

Jóhannes 3:18

Jesús er ekki lengur einsgetin Sonur Guðs

NT ODDS: Hver á hann trúir fyrirdæmist eigi, en hver hann trúir eigi, hann er nú þegar fyrirdæmdur því að hann trúir eigi á nafn **eingetins Guðs Sonar**.

GUÐBRANDS: Hver á hann trúir dæmist ei en hver hann trúir eigi hann er nú þegar dæmdur því að hann trúir eigi á **nafn eingetins Guðs sonar**.

KJV: He that believeth on him is not condemned: but he that believeth not is condemned already, because he hath not believed in the name of the **only begotten Son of God.**

NIV 2011: Whoever believes in him is not condemned, but whoever does not believe stands condemned already because they have not believed in the name of **God’s one and only Son.**

1841: Hvör á hann trúir dæmist ekki, en hvör hann trúir eigi, sá er nú þegar dæmdur, því hann trúði ekki á nafn **Guðs eingetins Sonar**.

1908: Sá sem trúir á hann, dæmist ekki; sá sem ekki trúir, er þegar dæmdur, því að hann hefir ekki trúað á nafn **eingetins sonar Guðs.**

1981: Sá sem trúir á hann, dæmist ekki. Sá sem trúir ekki, er þegar dæmdur, því að hann hefur ekki trúað á nafn **Guðs sonarins eina**.

2007: Sá sem trúir á son Guðs dæmist ekki. Sá sem trúir ekki er þegar dæmdur því að hann hefur ekki trúað á nafn **Guðs sonarins eina**.

Jóhannes 4:42

Kristur fjarlægður.

NT ODDS: Þeir sögðu og svo til konunnar: Eigi trú vér fyrir þín orð því að vér sjálfir heyrðum og vitum að þessi er sannur lausnari heimsins.

GUÐBRANDS: Þeir sögðu og so til konunnar: „Ei trúum vér nú fyrir þín orð því að vér sjálfir heyrðum og vitum að þessi er sannarlega **Kristur**, Lausnari heimsins."
KJV: And said unto the woman, Now we believe, not because of thy saying: for we have heard him ourselves, and know **t**hat this is indeed the **Christ,** the Saviour of the world.
NIV 1984: They said to the woman, "We no longer believe just because of what you said; now we have heard for ourselves, and we know that this man **really is the Savior of the world."**
NIV 2011: They said to the woman, "We no longer believe just because of what you said; now we have heard for ourselves, and we know **t**hat this man really is the Savior of the world."
1841: vér trúum nú ekki framar fyrir þín orð, því vér sjálfir höfum heyrt og vitum að þessi er sannarlega heimsins Frelsari **Kristur.**
1908: og við konuna sögðu þeir: Það er eigi framar fyrir þitt tal, að vér trúum, því að sjálfir höfum vér heyrt og vitum, að þessi maður er í sannleika frelsari heimsins.
1981: Þeir sögðu við konuna: „Það er ekki lengur sakir orða þinna, að vér trúum, því að vér höfum sjálfir heyrt hann og vitum, að hann er sannarlega frelsari heimsins."
2007: Þeir sögðu við konuna: „Það er ekki lengur sakir orða þinna að við trúum því að við höfum sjálfir heyrt hann og vitum að hann er sannarlega frelsari heimsins."

Jóhannes 6:47

Trú á Jesú fjarlægð
NT ODDS: Sannlega, sannlega þá segi eg yður að **hver sem trúir á mig,** hann hefir eilíft líf.
GUÐBRANDS: Sannlega, sannlega segi eg yður: **Hver sem trúir á mig** hann hefur eilíft líf.
KJV: Verily, verily, I say unto you, He that believeth **on me** hath everlasting life.
NIV 1984: I tell you the truth, **he who believes** has everlasting life.
NIV 2011: Very truly I tell you, the one who believes has eternal life.
1841: Sannlega, sannlega segi eg yður: **hvör, sem á mig trúir** hefir eilíft líf.
1908: Sannlega, sannlega segi eg yður: **Sá sem trúir**, hefir eilíft líf.
1981: Sannlega, sannlega segi ég yður**: Sá sem trúir,** hefur eilíft líf
2007: Sannlega, sannlega segi ég yður: **Sá sem trúir** hefur eilíft líf.

Jóhannes 6:69

Kristur og áherslan á að hann sé Sonur Guðs fjarlægð.
NT ODDS: vér trúum og kennum það **þú ert Kristur, Sonur Guðs lifanda**
GUÐBRANDS:Vér trúum og kennum það **þú ert Kristur, Sonur Guðs lifanda."**
KJV: And we believe and are sure that thou art that **Christ, the Son of the living God.**
NIV 1984: We believe and know that you are **the Holy One of God."**
NIV 2011: We have come to believe and to know that you are the **Holy One of God."**
1841: þú hefir orð eilífs lífs og vér höfum trúað og kannast við að **þú ert sá heilagi Guðs.**
1908: og vér liöfum trúað og vitum, **að þú ert hinn heilagi Guðs.**
1981: og vér trúum og vitum, **að þú ert hinn heilagi Guðs."**
2007: og við trúum og vitum **að þú ert hinn heilagi Guðs."**

Jóhannes 9:35

Sonur Guðs breytt yfir í Mannssonin. Meginmálið hér, þú þarft að trúa því að Jesú Kristur sé Sonur Guðs, Mannsonurinn er ekki titill sem frelsar.
NT ODDS: Þá Jesús heyrði það að þeir höfðu hann út rekið og er hann fann hann, þá sagði hann til hans: **Trúir þú á Guðs Son?**
GUÐBRANDS: Þá Jesús heyrði það að þeir höfðu hann útrekið og er hann fann hann þá sagði hann til hans: **„Trúir þú á Guðs Son?"**
KJV: Jesus heard that they had cast him out; and when he had found him, he said unto him, **Dost thou believe on the Son of God?**
NIV 1984: Jesus heard that they had thrown him out, and when he found him, he said, **"Do you believe in the Son of Man?"**
NIV 2011: Jesus heard that they had thrown him out, and when he found him, he said, **"Do you believe in the Son of Man?"**
1841:Jesús heyrði að þeir hefðu rekið hann út, og er hann fann hann, sagði Jesús við hann: **trúir þú á Guðs Son?**

1908: Jesús frétti, að þeir liefðu rekið hann út, og er hann fann hann, sagði hann: **Trúir þú á Guðs son?**
1981: Jesús heyrði, að þeir hefðu rekið hann út. Hann fann hann og sagði við hann: „**Trúir þú á Mannssoninn?“**
2007: Jesús heyrði að þeir hefðu rekið hann út. Hann fann hann og sagði við hann**: „Trúir þú á Mannssoninn?**

Postulasagan 2:30

Kristur var reyndar aldrei fjarlægður, hann hefur aldrei verið í þessu versi á íslensku.
NT ODDS: Af því að hann var nú spámaður og vissi það að Guð hafði honum með eiði fyrirheitið **það frjóvgun hans lenda skyldi á hans stóli sitja,**
GUÐBRANDS: Af því að hann var nú spámaður og vissi það að Guð hafði honum með eiði fyrirheitið **það frjóvgun hans lenda skyldi á hans stóli sitja**
KJV: Therefore being a prophet, and knowing that God had sworn with an oath to him, that of the fruit of his loins, according to the flesh, **he would raise up Christ to sit on his throne;**
NIV 2011: But he was a prophet and knew that God had promised him on oath that **he would place one of his descendants on his throne.**
1841:af því hann var spámaður, og vissi, að Guð hafði svarið honum, **að einn hans afkomenda skyldi sitja á hans konungsstóli**
1908: Af því að hann nú var spámaður, og vissi að Guð hafði með eiði svarið honum, **að setja í hásæti hans mann af ávexti lendar hans**
1981: En hann var spámaður og vissi, að Guð hafði með eiði heitið honum **að setja í hásæti hans einhvern niðja hans.**
2007: En hann var spámaður og vissi að Guð hafði með eiði heitið honum **að setja einhvern niðja hans í hásæti hans.**

Postulasagan 3:26

Nafn Jesú fjarlægt og hann er kallaður þjónn ekki sonur.
NT ODDS: **Yður þá hefir Guð upp vaktan sinn Son Jesúm** og hefir hann til yðar sent yður að blessa svo að hver yðar einn snerist í frá sinni illsku.
GUÐBRANDS: **Yður þá hefur Guð uppvaktan sinn Son Jesúm** og hefir hann til yðar sent yður að blessa svo að hver yðar einn snerist í frá sinni illsku.“
KJV: **Unto you first God, having raised up his Son Jesus**, sent him to bless you, in turning away every one of you from his iniquities.
NIV 1984: **When God raised up his servant,** he sent him first to you to bless you by turning each of you from your wicked ways."
NIV 2011: **When God raised up his servant**, he sent him first to you to bless you by turning each of you from your wicked ways.”
1841: **Yður sendi Guð fyrstum Son sinn, þá hann uppvakti hann**, til þess hann skyldi yður blessa með því að snúa sérhvörjum yðar frá sinni illsku.
1908: **Fyrir yður hefir Guð fyrst uppvakið þjón sinn,** og hefir sent hann, til þess að blessa yður, með því að hver og einn yðar snúi sér frá illverkum sínum.
1981: **Guð hefur reist upp þjón sinn** og sent hann yður fyrst til að blessa yður og snúa hverjum yðar frá vondri breytni sinni
2007: Guð hefur reist upp þjón sinn og sent hann fyrst til ykkar til að blessa ykkur og snúa hverju ykkar frá vondri breytni sinni.

Postulasagan 4:27

Og hér er Jesús aftur gerður að þjóni en ekki syni Guðs
NT ODDS: Því að sennilega komu þeir til samans í þessari borg í gegn þínum **heilaga syni**, **Jesú**, þann þú smurt hafðir, Heródes og pontverskur Pílatus samt öðrum heiðingjum og Ísraels fólk
GUÐBRANDS: Því sennilega komu þeir til samans í þessari borg í gegn þínum **heilaga syni Jesú** þann þú smurt hafðir, Heródes og pontverskur Pílatus samt öðrum heiðingjum og Ísraelsfólki
KJV: For of a truth against **thy holy child Jesus**, whom thou hast anointed, both Herod, and Pontius Pilate, with the Gentiles, and the people of Israel, were gathered together,
NIV 1984: ndeed Herod and Pontius Pilate met together with the Gentiles and the people of Israel in this city to conspire against your **holy servant Jesus**, whom you anointed.
NIV 2011: Indeed Herod and Pontius Pilate met together with the Gentiles and the people of Israel in this city to conspire aga-

inst your **holy servant Jesus**, whom you anointed
1841: Því sannarlega risu upp í borg þessari Heródes og Pontíus Pílatus, ásamt heiðnum þjóðum og Ísraelslýð, móti þínu **heilaga barni Jesú**, hvörn þú hafðir smurt
1908: Því að sannarlega tóku sig saman í borg þessari gegn hinum **heilaga þjóni þínum Jesú**, er þú smurðir, þeir Heródes og Pontíus Pílatus, ásamt heiðingjunum og lýðum ísraels
1981: Því að sannarlega söfnuðust saman í borg þessari gegn hinum **heilaga þjóni þínum**, **Jesú**, er þú smurðir, þeir Heródes og Pontíus Pílatus ásamt heiðingjunum og lýðum Ísraels
2007 Því að sannarlega söfnuðust þeir saman í þessari borg, Heródes og Pontíus Pílatus ásamt Gyðingum og heiðingjunum, gegn hinum **heilaga þjóni þínum**, **Jesú**, er þú smurðir.

Postulasagan 4:30

Sama og 4:27
NT ODDS: og rétt út þína hönd svo að þar ske teikn,heilsur manna, stórmerki fyrir nafn þíns **heilaga Sonar**, **Jesú**.
GUÐBRANDS: og rétt út þína hönd so að þar ske teikn, heilsur manna og stórmerki fyrir nafn þíns **heilags sonar Jesú.**“
KJV: By stretching forth thine hand to heal; and that signs and wonders may be done by the name of thy **holy child Jesus**.
NIV 2011: Stretch out your hand to heal and perform signs and wonders through the name of your **holy servant Jesus**.”
1841: útrétt þar til þína hönd, að ske megi lækningar, tákn og stórmerki í nafni þíns **heilaga barns Jesú**!
1908: er þú réttir út hönd þína til lækninga, og til þess að tákn og undur verði fyrir nafn þíns **heilaga þjóns Jesú**.
1981: Rétt þú út hönd þína til að lækna og lát tákn og undur verða fyrir nafn **þíns heilaga þjóns**, **Jesú**.
2007: Rétt þú út hönd þína til að lækna og lát tákn og undur verða fyrir nafn **Jesú**, **þíns heilaga þjóns**.“

Postulasagan 7:37

Spádómur Móse um Jesú breytt og stytt til að fjarlægja að þú eigir að hlusta á Jesú.

NT ODDS: Þessi er og sá Moyses sem sagði til Ísraels sona: Spámann mun **Guð** upp vekja yður af bræðrum yðar líkan mér, **honum skulu þér heyra**
GUÐBRANDS: Þessi er og sá Moyses sem sagði til Ísraelssona: Spámann mun **Guð** uppvekja yður af bræðrum yðar líkan mér. **Honum skulu þér heyra.**
KJV: This is that Moses, which said unto the children of Israel, A prophet shall **the Lord your God** raise up unto you of your brethren, like unto me; **him shall ye hear**.
NIV 1984: "This is that Moses who told the Israelites, **'God** will send you a prophet like me from your own people.'
NIV 2011: “This is the Moses who told the Israelites, ‘**God** will raise up for you a prophet like me from your own people
1841: Þetta er sá Móses, sem sagði Ísraelsniðjum: „Spámann mun **Drottinn Guð** uppvekja yður af bræðrum yðar, eins og mig, **gegnið honum**.“
1908: 7 Þella er sá Móse, sem sagði við sonu ísraels: Spámann mun **Guð** uppvekja yður af brœðrum yðar, líkan mér.
1981: Þessi er sá Móse, sem sagði við Ísraelsmenn: ‚Spámann eins og mig mun **Guð** upp vekja yður, einn af bræðrum yðar.‘
2007: þessi sami Móse sem sagði við Ísraelsmenn: Spámann eins og mig mun **Guð** láta koma fram úr hópi ættmenna ykkar.

Postulasagan 8:37

Vers sem inniheldur allt guðspjallið fjarlægt eða dregið í efa.
NT ODDS: En Filippo sagði: Ef þú trúir af öllu hjarta, þá hæfir það. Hann svaraði og sagði: **Eg trúi að Jesús Kristur sé Guðs sonur.**
GUÐBRANDS: En Philippus sagði: „Ef þú trúir af öllu hjarta þá hæfir það.“ Hann svaraði og sagði**: „Eg trúi að Jesús Christus sé Guðs sonur.“**
KJV: And Philip said, If thou believest with all thine heart, thou mayest. And he answered and said, I believe that **Jesus Christ is the Son of God.**
NIV 1984: EKKI Í MEGINMÁLI
NIV 2011: EKKI Í MEGINMÁLI
Er fjarlægt og sett í neðanmál eins og gert er í nútíma útgáfum af biblíunni hérlendis.
1841: og hann bauð að stöðva vagninn,
1908: **EKKI Í MEGINMÁLI**

1981: FJARLÆGT ÚR MEGINMÁLI[a]
[a]**Sum handrit hafa vers 37**: Filippus sagði: „Ef þú trúir af öllu hjarta, er það heimilt.“ Hirðmaðurinn svaraði honum: „Ég trúi að Jesús Kristur sé sonur Guðs.
2007: [Filippus sagði: „Ef þú trúir af öllu hjarta er það heimilt.“ Hirðmaðurinn svaraði honum: „Ég trúi að Jesús Kristur sé sonur Guðs.“][a]
[a]**Vantar í sum handrit**

Postulasagan 9:5

Endir á versinu og Drottinn fjarlægður.
NT ODDS: En hann sagði: Hver ertu, lávarður? **Drottinn sagði**: Eg em Jesús, hvern þú ofsækir. **Hart er þér að bakspyrna í mót broddunum**
GUÐBRANDS: En hann sagði: „Hver ertu, lávarður?“ **Drottinn sagði**: „Eg em Jesús hvern þú ofsækir. **Hart er þér að bakspyrna mót broddunum.“**
KJV: And he said, Who art thou, Lord? **And the Lord said**, I am Jesus whom thou persecutest: it **is hard for thee to kick against the pricks.**
NIV 1984: Who are you, Lord?" Saul asked. „I am Jesus, whom you are persecuting," he replied.
NIV 2011: Who are you, Lord?” Saul asked “I am Jesus, whom you are persecuting,” he replied.
1841: hann ansaði: Herra! hvör ert þú? **Drottinn svaraði**: eg er Jesús, hvörn þú ofsækir.
1908: En hann sagði: Hver ert þú, herra? **Og hann sagði**: Eg er Jesús, sem þú ofsækir.
1981: En hann sagði: „Hver ert þú, herra?“ **Þá var svarað**: „Ég er Jesús, sem þú ofsækir.
2007: En hann sagði: „Hver ert þú, Drottinn?“ **Þá var svarað**: „Ég er Jesús sem þú ofsækir.

Postulasagan 9:6

Upphaf versins fjarlægt og Drottinn
NT ODDS: **En hann, skjálfandi og felmsfullur, sagði: Drottinn, hvað viltu að eg gjöri? Drottinn sagði til hans:** Statt upp og gakk inn í borgina, og þar mun þér sagt verða hvað þér byrjar að gjöra.
GUÐBRANDS: **En hann skjálfandi og felmsfullur sagði: „Drottinn, hvað viltu eg gjöri?“ Drottinn sagði til hans:** „Statt upp og gakk inn í borgina og þar mun þér sagt verða hvað þér byrjar að gjöra.“
KJV: **And he trembling and astonished said, Lord, what wilt thou have me to do? And the Lord said unto him,** Arise, and go into the city, and it shall be told thee what thou must do.
NIV 1984: "Now get up and go into the city, and you will be told what you must do."
NIV 2011: “Now get up and go into the city, and you will be told what you must do.”
1841: En statt upp og gakk inn í borgina, þar skal þér verða sagt hvað þér ber að gjöra.
1908: En statt upp og gakk inn í borgina, og þér mun verða sagt, hvað þú átt að gjöra.
1981: En statt upp og gakk inn í borgina, og þér mun verða sagt, hvað þú átt að gjöra.“
2007: En statt upp og gakk inn í borgina og þér mun verða sagt hvað þú átt að gera.“

Postulasagan 9:29

Fjarlægt að þeir vildu lífláta Pál vegna þess að hann predikaði Jesú Krist.
NT ODDS: **og predikaði nafn Drottins Jesú trúlegana.** Þá tók hann að tala og heyja spurningar við hina girsku, en þeir leituðu við að lífláta hann.
GUÐBRANDS: **og prédikaði nafn Drottins Jesú trúlegana.** Þá tók hann að tala og heyja spurningar við hina gírsku en þeir leituðu við að lífláta hann
KJV: **And he spake boldly in the name of the Lord Jesus**, and disputed against the Grecians: but they went about to slay him.
NIV 1984: He talked and debated with the Grecian Jews, but they tried to kill him.
NIV 2011: He talked and debated with the Hellenistic Jews, but they tried to kill him.
1841: Sérílagi átti hann prætur og orðastað við Grikki, en þeir áformuðu að ráða hann af dögum;
1908: Og hann talaði bæði og þráttaði við Hellenistana, en þeir höfðu með höndum að ráða hann af dögum
1981: Hann talaði og háði kappræður við grískumælandi Gyðinga, en þeir leituðust við að ráða hann af dögum.
2007: Hann talaði og háði kappræður við grískumælandi Gyðinga en þeir leituðust við að ráða hann af dögum.

Postulasagan 15:11

Kristur fjarlægður
NT ODDS: heldur trúum vér að frelsast **fyrir náð Drottins vors Jesú Kristi** með sama hætti og þeir.

GUÐBRANDS: Heldur trúum vér að frelsast **fyrir náð Drottins Jesú Christi** með sama hætti og þeir.“
KJV: But we believe that through the **grace of the Lord Jesus Christ** we shall be saved, even as they.
NIV 1984: No! We believe it is through **the grace of our Lord Jesus** that we are saved, just as they are."
NIV 2011: No! We believe it is through the **grace of our Lord Jesus** that we are saved, just as they are.”
1841: Vér trúum þó því, að vér verðum hólpnir **fyrir náð Drottins Jesú**, eins og þeir.
1908: En vér trúum því, að vér verðum hólpnir **fyrir náðina drottins Jesú** á sama hátt og þeir.
1981: Vér trúum þó því, að vér verðum hólpnir **fyrir náð Drottins Jesú** á sama hátt og þeir.“
2007: Við trúum þó því að við verðum hólpnir **fyrir náð Drottins Jesú** á sama hátt og þeir.“

Postulasagan 16:31

Furðanlega þá er Viðeyjarbiblía að koma best út hér, en Kristur hefur ekki sést síðan þá.
NT ODDS: En þeir sögðu: Trú þú á **Drottin Jesúm**, svo verður þú hólpinn og þitt hús.
GUÐBRANDS: En þeir sögðu: „Trú þú á **Drottin Jesúm**, so verður þú hólpinn og þitt hús.“
KJV: And they said, Believe on the **Lord Jesus Christ**, and thou shalt be saved, and thy house.
NIV 2011: They replied, “Believe in the **Lord Jesus**, and you will be saved—you and your household.”
1841: þeir sögðu: trúðú á **Drottin Jesúm Krist**, þá verður þú hólpinn og þitt hús
1908: En þeir sögðu: Trú þú á **drottin Jesúm**, og þú munt verða hólpinn og heimili þitt.
1981: En þeir sögðu: Trú þú á **Drottin Jesú**, og þú munt verða hólpinn og heimili þitt.
2007: En þeir sögðu: „Trú þú á **Drottin Jesú** og þú munt verða hólpinn og heimili þitt.“

Postulasagan 19:4

Kristur fjarlægður
NT ODDS: Páll sagði: Jóhannes skírði að sönnu með iðranarskírn og sagði fyrir fólkinu að þeir skyldi trúa á þann sem eftir hann mundi koma, **það er Jesúm það hann sé Kristur.**
GUÐBRANDS: Páll sagði: „Jóhannes skírði að sönnu með iðranarskírn og sagði fyrir fólkinu að þeir skyldu trúa á þann sem eftir hann mundi koma, **það er á Jesúm, það hann sé Kristur.**“
KJV: Then said Paul, John verily baptized with the baptism of repentance, saying unto the people, that they should believe on him which should come after him, **that is, on Christ Jesus**.
NIV 1984: Paul said, "John's baptism was a baptism of repentance. He told the people to believe in the one coming after him, **that is, in Jesus."**
NIV 2011: Paul said, “John’s baptism was a baptism of repentance. He told the people to believe in the one coming after him, that is, in **Jesus**.”
1841: Páll ansaði: að vísu skírði Jóhannes með iðrunarskírn , því hann sagði fólkinu að trúa á þann, sem eftir sig kæmi, **það er á Jesúm Kris**t.
1908: En Páll sagði: Jóhannes skírði iðrunarskírn, er hann sagði lýðnum að trúa á þann, sem eftir sig kæmi, **það er að segja á Jesúm**
1981: Þá mælti Páll: „Jóhannes skírði iðrunarskírn og sagði lýðnum að trúa á þann, sem eftir sig kæmi, **það er á Jesú**.“
2007: Þá mælti Páll: „Jóhannes skírði iðrunarskírn og sagði fólkinu að trúa á þann sem eftir sig kæmi, **það er á Jesú.**“

Postulasagan 20:21

Kristur kom og fór og iðrun fór alfarið
NT ODDS: og vitnað bæði Gyðingum og Grikkjum **iðran til Guðs** og trúna á **Drottin vorn Jesúm**.
GUÐBRANDS: og vitnað bæði Gyðingum og Grikkjum **iðran til Guðs** og trúna á **Drottin vorn Jesúm.**
KJV: Testifying both to the Jews, and also to the Greeks, **repentance toward God**, and faith toward **our Lord Jesus Christ**.
NIV 2011: I have declared to both Jews and Greeks that they must **turn to God in repentance** and have faith in **our Lord Jesus.**

1841: áminnandi svo vel Gyðinga sem Grikki, **að snúa sér til Guðs** og til trúarinnar á **Drottin vorn Jesúm Krist**;
1908: er eg vitnaði bæði fyrir Gyðingum og Grikkjum um **afturhvarfið til Guðs** og trú á **drottin vorn Jesúm Krist**.
1981: og vitnaði bæði fyrir Gyðingum og Grikkjum um **afturhvarf til Guðs** og trú á **Drottin vorn Jesú**.
2007: og brýndi fyrir Gyðingum og Grikkjum **að snúa sér til Guðs** og trúa á **Drottin vorn Jesú**.

Postulasagan 22:16

Ákalla hvers nafn?
NT ODDS: Og hvað tefur þig nú? Rís upp og lát skíra þig og af þvo svo þínar syndir að **ákölluðu nafni Drottins.**
GUÐBRANDS: Og hvað tefur þig nú? Rís upp og lát skíra þig og afþvo so þínar syndir **og ákalla þú nafn Drottins.**
KJV: And now why tarriest thou? arise, and be baptized, and wash away thy sins, **calling on the name of the Lord.**
NIV 1984: And now what are you waiting for? Get up, be baptized and wash your sins away, **calling on his name.'**
NIV 2011: And now what are you waiting for? Get up, be baptized and wash your sins away, **calling on his name.'**
1841: stattú upp, lát skíra þig og afþvo syndir þínar **og ákalla hans nafn.**
1908: Og hvað dvelur þig nú? Rís upp og lát skírast og afþvo syndir þínar, **ákallandi nafn hans.**
1981: Hvað dvelur þig nú? Rís upp, **ákalla nafn hans** og lát skírast og laugast af syndum þínum.'
2007: Hvað dvelur þig nú? Rís upp, **ákalla nafn hans** og lát skírast og laugast af syndum þínum.

Rómverjabréfið 1:16

Kristur fjarlægður
NT ODDS: Því að eg skammast mín eigi **Krists evangelio** því það er kraftur Guðs sem hjálplega gjörir alla þá sem þar á trúa, fyrst Gyðinga og svo Grikki.
GUÐBRANDS: Því að eg skammast mín eigi **Krists evangelii** því það er kraftur Guðs sem hjálplega gjörir alla þá sem þar á trúa, fyrst Gyðinga og Grikki.
KJV: For I am not ashamed of the **gospel of Christ**: for it is the power of God unto salvation to every one that believeth; to the Jew first, and also to the Greek
NIV 1984: I am not ashamed of the **gospel**, because it is the power of God for the salvation of everyone who believes: first for the Jew, then for the Gentile.
NIV 2011: For I am not ashamed of the **gospel**, because it is the power of God that brings salvation to everyone who believes: first to the Jew, then to the Gentile.
1841: þar eð eg skammast mín ekki fyrir **Krists fagnaðareyrindið**; því það er kraftur Guðs til sáluhjálpar sérhvörjum trúuðum, Gyðingi fyrst og grískum einnin;
1908: Því að eg fyrirverð mig ekki fyrir **fagnaðarerindið**; því að það er kraftur Guðs til bjálpi'æðis liverjum þeim, er trúir, bæði Gyðingi fyrst og grískum
1981: Ég fyrirverð mig ekki fyrir **fagnaðarerindið**. Það er kraftur Guðs til hjálpræðis hverjum þeim sem trúir, Gyðingum fyrst, en einnig Grikkjum
2007: Ég fyrirverð mig ekki fyrir **fagnaðarerindið**. Það er kraftur Guðs sem frelsar hvern þann mann sem trúir, Gyðinginn fyrst og aðra síðan.

Rómverjabréfið 6:11

Drottinn fjarlægður.
NT ODDS: Svo og líka þér skuluð halda yður sjálfa þar fyrir að þér séuð og deyddir frá syndinni, en lifið Guði í **Drottni vorum, Jesúm Kristo.**
GUÐBRANDS: So og líka skulu þér halda yður sjálfa þar fyrir að þér séuð og deyddir frá syndinni en lifið Guði í **Drottni vorum Jesú Christo.**
KJV: Likewise reckon ye also yourselves to be dead indeed unto sin, but alive unto God through **Jesus Christ our Lord.**
NIV 1984: In the same way, count yourselves dead to sin but alive to God in **Christ Jesus.**
NIV 2011: In the same way, count yourselves dead to sin but alive to God in **Christ Jesus.**
1841: Svoleiðis álítið einnig, að þér sjálfir séuð dauðir syndinni, en lifið Guði í **Kristó Jesú vorum Drottni;**
1908: Þannig skuluð þér líka álíla yður sjálfa vera dauða syndinni, en lifandi Guði í **Kristi Jesú**.

1981: Þannig skuluð þér líka álíta yður sjálfa vera dauða syndinni, en lifandi Guði í **Kristi Jesú.**
2007: Þannig skuluð og þið álíta sjálf ykkur vera dáin frá syndinni en lifandi Guði í **Kristi Jesú**.

Rómverjabréfið 14:10

Hér má sjá ágreining um hvort það sé Krists eða Guðs dómstóli. Auðvitað er það Krists, þar sem trúaðir fara til hans en Guð dæmir þá sem trúðu ekki á Sonin.
NT ODDS: En þú, hvað dæmir þú bróður þinn? Eða þú hinn annar, hvar fyrir forsmár þú þinn bróðir? Því vér munum allir standa fyrir **Krists dómstóli**
GUÐBRANDS: En þú, hvað dæmir þú þinn bróður? Eða þú hinn annar, hvar fyrir forsmár þú þinn bróðir? Því vér munum allir standa fyrir **Guðs dómstóli**
KJV: But why dost thou judge thy brother? or why dost thou set at nought thy brother? for we shall all stand before the **judgment seat of Christ.**
NIV 1984: You, then, why do you judge your brother? Or why do you look down on your brother? For we will all stand before **God's judgment seat.**
NIV 2011: You, then, why do you judge your brother or sister? Or why do you treat them with contempt? For we will all stand before **God's judgment sea**t.
1841: En þú, hvað dæmir þú þinn bróður? ellegar og þú, hvað forsmáir þú þinn bróður? því að allir munum vér látnir **mæta fyrir dómstóli Krists.**
1908: En Þú, hvi dæmir þú bróður þinn? Eða þá þú, hví fyrirlítur þú hróður þinn? Því að allir munum vér verða að koma **fram fyrir dómstól Guðs**.
1981: En þú, hví dæmir þú bróður þinn? Eða þá þú, hví fyrirlítur þú bróður þinn? Allir munum vér verða að koma **fram fyrir dómstól Guðs**.
2007: En þú, hví dæmir þú bróður þinn? Eða þá þú, hví fyrirlítur þú bróður þinn? Öll munum við verða að standa frammi **fyrir dómstóli Guðs.**

Rómverjabréfið 15:8

Jesús hefur bara sést í einni þýðingu á íslensku en var svo fjarlægður.
NT ODDS: Eg segi **Kristum** verið hafa þjónustumann umskurnarinnar fyrir Guðs sannleika sakir til staðfestu fyrirheitanna sem til feðranna eru skeð,
GUÐBRANDS: En eg segi **Christum** verið hafa þjónustumann umskurnarinnar fyrir Guðs sannleika sakir til staðfestu fyrirheitanna sem til feðranna eru skeð.
KJV: Now I say that **Jesus Christ** was a minister of the circumcision for the truth of God, to confirm the promises made unto the fathers:
NIV 2011: For I tell you that **Christ** has become a servant of the Jews on behalf of God's truth, so that the promises made to the patriarchs might be confirmed
1841: En eg segi **Jesúm Krist** hafa verið þjónustumann umskurnarinnar, fyrir Guðs sannleika sakir, til að staðfesta fyrirheitin til feðranna;
1908: Því að eg segi, að **Kristur** sé orðinn þjónn umskurnarinnar fyrir sakir sannorðleika Guðs, til að staðfesta fyrirheitin, sem feðrunum voru gefin,
1981: Ég segi, að **Kristur** sé orðinn þjónn hinna umskornu til að sýna orðheldni Guðs, til þess að staðfesta fyrirheitin, sem feðrunum voru gefin,
2007: Ég segi að **Kristur** sé orðinn þjónn hinna umskornu til að sýna orðheldni Guðs og staðfesta fyrirheitin sem gefin voru feðrunum.

Rómverjabréfið 15:29

Guðspjallið hvarf
NT ODDS: En eg veit nær eg kem til yðar það eg mun koma með **blessanar fylling Krists guðsspjalla**
GUÐBRANDS: En eg veit nær eg kem til yðar það eg mun koma með **fullri blessan Krists evangelii**.
KJV: And I am sure that, when I come unto you, I shall come in the fulness of the **blessing of the gospel of Christ.**
NIV 1984: I know that when I come to you, I will come in the full measure of the **blessing of Christ**.
NIV 2011: I know that when I come to you, I will come in the full measure of the **blessing of Christ**.

1841: En eg veit að þegar eg kem til yðar, mun eg koma með fullri **blessun Krists náðarboðskapar.**
1908: En eg veit, að þegar eg kem til yðar, mun eg koma með fylling **blessunar Krists.**
1981: En ég veit, að þegar ég kem til yðar, mun ég koma með **blessun Krists** í fullum mæli
2007: Og það veit ég að þegar ég kem til ykkar mun ég koma með **blessun Krists** í fullum mæli.

Rómverjabréfið 16:18

Fullur titill Jesú Krists fjarlægður.
NT ODDS: Því að þess háttar menn þjóna eigi **Drottni Jesú Kristo**, heldur sínum kviði, og fyrir sætleg orð og fagurlegt máltæki tæla þeir hjörtu meinlausra
GUÐBRANDS: Því að þess háttar menn þjóna eigi **Drottni Jesú Christo** heldur sínum kviði og fyrir sætleg orð og fagurlegt máltæki tæla þeir hjörtu meinlausra.
KJV: For they that are such serve not our **Lord Jesus Christ**, but their own belly; and by good words and fair speeches deceive the hearts of the simple.
NIV 1984: For such people are not serving our **Lord Christ**, but their own appetites. By smooth talk and flattery they deceive the minds of naive people.
NIV 2011: For such people are not serving our **Lord Christ**, but their own appetites. By smooth talk and flattery they deceive the minds of naive people.
1841: því að þessháttar menn þjóna ekki **Drottni vorum Jesú Kristi**, heldur sínum maga og með blíðmælum og fagurgala tæla þeir hjörtu meinlausra.
1908: Því að slíkir menn þjóna ekki **drotni vorum Kristi**, heldur maga sjálfra þeirra, og með hlíðmælum og fagurgala tæla þeir hjörtu hrekklausra manna.
1981: Því að slíkir menn þjóna ekki **Drottni vorum Kristi**, heldur eigin maga, og með blíðmælum og fagurgala blekkja þeir hjörtu hrekklausra manna.
2007: Slíkir menn þjóna ekki **Drottni vorum Kristi** heldur eigin maga, og með blíðmælum og fagurgala blekkja þeir hjörtu hrekklausra manna.

Rómverjabréfið 16:20

Og náð Jesú Krists færiað vera en ekki án athugasemda.
NT ODDS: En Guð friðarins mun innan skamms sundurnísta þann andskota undir yðra fætur. **Náð Drottins vors Jesú Kristi sé með yður**
GUÐBRANDS: En Guð friðarins mun innan skamms sundurmerja þann andskota undir yðra fætur. **Náð Drottins vors Jesú Christi sé með yður.**
KJV: And the God of peace shall bruise Satan under your feet shortly. **The grace of our Lord Jesus Christ be with you. Amen.**
NIV 1984: The God of peace will soon crush Satan under your feet. **The grace of our Lord Jesus be with you.**
NIV 2011: The God of peace will soon crush Satan under your feet. **The grace of our Lord Jesus be with you.**
1841: En Guð friðarins mun snarlega sundurtroða Satan undir yðar fætur. **Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður,** Amen!
1908: En Guð friðarins mun bráðlega sundurmola Satan undir fótum yðar. **Náðin drottins vors Jesú Krists sé með yður.**
1981: Guð friðarins mun bráðlega sundurmola Satan undir fótum yðar. **Náðin Drottins vors Jesú Krist sé með yður.** [a]
[a]Orðin „Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður“ vantar í sum handrit.
2007: Guð friðarins mun bráðlega sundurmola Satan undir fótum ykkar. **Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður.**
[a]Orðin „Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður“ vantar í sum handrit.

Rómverjabréfið 16:24

NT ODDS: Náð Drottins vors Jesú Kristi sé með yður öllum. Amen
GUÐBRANDS: Náð Drottins vors Jesú Christi sé með yður öllum. Amen
KJV: The grace of our Lord Jesus Christ be with you all. Amen.
NIV 1984: EKKI Í TEXTANUM
NIV 2011: EKKI Í TEXTANUM
1841: Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður öllum, Amen!
1908: EKKI Í TEXTANUM
1981: EKKI Í TEXTANUM[b]
[b]Sum handrit bæta við 24. versi: „Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður öllum. Amen.“ Önnur handrit hafa þetta vers á eftir 27. versi.

2007: Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður. Amen[a]
[a]**Vantar í sum handrit**, önnur handrit hafa þetta vers á eftir 27. versi

Fyrra Korintubréf 5:3-4

Kristur fjarlægður tvisvar
NT ODDS: í nafn **Drottins vors Jesú Kristi** að yður samankomnum meður mínum anda og með krafti **vors Drottins Jesú Kristi**
GUÐBRANDS: í nafni **Drottins vors Jesú Christi** að yður samankomnum meður mínum anda og með krafti **vors Drottins Jesú Christi**
KJV: In the name of **our Lord Jesus Christ**, when ye are gathered together, and my spirit, with the power of **our Lord Jesus Christ,**
NIV 2011: So when you are assembled and I am with you in spirit, and the power of **our Lord Jesus** is present,
1841: hefi í nafni **Drottins vors Jesú Krists** og eftir þeim myndugleika, sem hann hefir mér gefið, svo sem nálægur úrskurðað
1908: að slíkan mann skyldi í nafni **drottins vors Jesú**, þegar þér og minn andi væruð samankomnir með krafti **drottins vors Jesú**,
1981: 3 ... í nafni **Drottins vors Jesú** yfir manni þeim, sem þetta hefur drýgt :4Þegar þér og minn andi eruð saman komnir með krafti **Drottins vors Jesú**,
2007: Þegar þið eruð saman komin í nafni **Drottins Jesú** og andi minn er hjá ykkur ásamt krafti **Drottins vors Jesú**

Fyrra Korintubréf 6:11

Hér var Kristi svo bætt við, sem ætti að laga að hann er þegar fjarlægður tvisvar úr Fyrra Korintubréfi.
NT ODDS. Og þvílíkir hafa forðum daga nokkrir út af yður verið. En þér eruð nú af þvegnir, þér eruð nú helgaðir, þér eruð og réttlættir í nafni **Drottins Jesú** og fyrir Anda Guðs vors.
GUÐBRANDS: Og þvílíkir hafa forðum daga nokkrir út af yður verið.En þér eruð nú afþvegnir, þér eruð nú helgaðir, þér eruð nú réttlættir fyrir nafnið **Drottins Jesú** og fyrir Anda Guðs vors.
KJV: And such were some of you: but ye are washed, but ye are sanctified, but ye are justified in the name of the **Lord Jesus**, and by the Spirit of our God.
NIV 1984: And that is what some of you were. But you were washed, you were sanctified, you were justified in the name of the **Lord Jesus Christ** and by the Spirit of our God.
NIV 2011: And that is what some of you were. But you were washed, you were sanctified, you were justified in the name of the **Lord Jesus Christ** and by the Spirit of our God.
1908: Og þetta voruð þér, sumir yðar. En þér létuð þvost, þér eruð helgaðir, þér eruð réltlætlir fyrir nafn **drottins Jesú Krists** og fyrir anda vors Guðs
1981: Og þetta voruð þér, sumir yðar. En þér létuð laugast, þér eruð helgaðir, þér eruð réttlættir fyrir nafn **Drottins Jesú Krists** og fyrir anda vors Guðs
2007: Og þannig voruð þið sumir hverjir. En þið létuð laugast, létuð helgast, eruð réttlættir. Það gerði nafn **Drottins Jesú Krists** og andi vors Guðs.

Fyrra Korintubréf 9:1

Kristur fjarlægður
NT ODDS: Er eg ekki postuli? Em eg eigi frjáls? Hefi eg ekki séð **Drottin vorn Jesúm Krist**? Eru þér ekki mitt verk í Drottni?
GUÐBRANDS: Er eg ekki postuli?Em eg eigi frjáls? Hef eg ekki séð **Drottin vorn Jesúm Krist**? Eru þér ekki mitt verk í Drottni?
KJV: Am I am not an apostle? am I not free? have I not seen **Jesus Christ our Lord**? are not ye my work in the Lord?
NIV 1984: Am I not free? Am I not an apostle? Have I not seen **Jesus our Lord**? Are you not the result of my work in the Lord?
NIV 2011: Am I not free? Am I not an apostle? Have I not seen **Jesus our Lord**? Are you not the result of my work in the Lord?
1841: Er eg ekki frjáls maður? er eg ekki postuli? hefi eg ekki séð **Jesúm Krist Drottin vorn**? eruð þér ekki ávöxtur míns erfiðis í Drottins þjónustu?
1908: Er eg ekki frjáls? Er ég ekki postuli? Hefi eg ekki séð **Jesúm**, **drottin vorn**? Eruð þér ekki verk mitt í drotni?
1981: 1 Er ég ekki frjáls? Er ég ekki postuli? Hef ég ekki séð **Jesú**, **Drottin vorn**? Eruð þér ekki verk mitt, sem ég hef unnið fyrir Drottin?

2007: Er ég ekki frjáls? Er ég ekki postuli? Hef ég ekki séð **Jesú**, **Drottin vorn**? Eruð þið ekki verk mitt sem ég hef unnið með hjálp Drottins?

Fyrra Korintubréf 9:18

Kristur fjarlægður úr Guðspjallinu

NT ODDS: Hvað er nú þá mín laun? Einkum það eg **prediki evangelion Krists** og gjöri það sama viljanlega fyrir ekkið svo að eg misbrúki ekki mitt veldi á **guðsspjöllunum**

GUÐBRANDS: Hvað er nú þá mín laun? Þetta að eg **prédika evangelium Christi** og gjöri það sama viljuglega fyrir ekkert so að eg misbrúki ekki mitt frelsi á **guðsspjöllunum**.

KJV: What is my reward then? Verily that, when I preach the gospel, I may make the **gospel of Christ** without charge, that I abuse not my power in the **gospel**.

NIV 1984: What then is my reward? Just this: that in **preaching the gospel** I may offer it free of charge, and so not make use of my rights in preaching it.

NIV 2011: What is my reward then? Verily that, when I preach the gospel, I may make the **gospel of Christ** without charge, that I abuse not my power in the **gospel**.

1841: Hvör eru þá mín laun? að eg skuli flytja það leyfi, sem boðan **náðarlærdómsins** gefur mér.

1908: Hver eru þá laun mín? Að eg læt **fagnaðarerindið** vera ókeypis, er eg boða það, svo að eg hagnýti mér ekki það sem eg á rétt á í fagnaðarerindinu

1981: Hver eru þá laun mín? Að ég boða **fagnaðarerindið** án endurgjalds og hagnýti mér ekki það, sem ég á rétt á.

2007: Hver eru þá laun mín? Þau að ég boða **fagnaðarerindið** án endurgjalds og hagnýti mér ekki það sem ég á rétt á.

Fyrra Korintubréf 11:29

Drekkur óverðugur fjarlægt og Drottins

NT ODDS: Því að hver hann etur og **drekkur óverðugur**, sá etur og drekkur sjálfum sér dóm með því hann gjörði eigi greinarmun **Drottins líkama**.

GUÐBRANDS: Því að hver hann etur og **drekkur óverðugur** sá etur og drekkur sjálfum sér dóm með því hann gjörði eigi greinarmun á **Drottins líkama**.

KJV: For he that eateth and **drinketh unworthily**, eateth and drinketh damnation to himself, not discerning the **Lord's body**.

NIV 1984: For anyone who eats and **drinks** without recognizing the **body of the Lord** eats and drinks judgment on himself

NIV 2011: For those who eat and **drink** without discerning the **body of Christ** eat and drink judgment on themselves

1841: því sá, sem óverðuglega etur og **drekkur**, hann etur og drekkur sér til dómsáfellis, þar eð hann ekki gjörir greinarmun á **Herrans líkama.**

1908: Þvi að sá sem etur og drekkur, hann etur og **drekkur** sjálfum sér til dóms, ef hann gjörir ekki greinarmun á **líkamanum.**

1981: Því að sá sem etur og **drekkur** án þess að dæma rétt um **líkamann**, hann etur og drekkur sjálfum sér til dóms

2007: Því að sá sem etur og **drekkur** án þess að gera sér grein fyrir að það er **líkami Drottins**, hann etur og drekkur sér til dómsáfellis.

Fyrra Korintubréf 15:47

*Fjarlægt **en annar maður er Drottinn (Kristur) af himnum***

NT ODDS: Hinn fyrsti maður af jörðunni er jarðlegur, en hinn annar maður er **Drottinn af himnum.**

GUÐBRANDS: Hinn fyrsti maður af jörðunni er jarðlegur en hinn annar maður er **Drottinn af himnum.**

KJV: The first man is of the earth, earthy; the second man is the **Lord from heaven.**

NIV 1984: The first man was of the dust of the earth, **the second man from heaven.**

NIV 2011: The first man was of the dust of the earth; **the second man is of heaven**

1841: Hinn fyrri maður varð mold af jörðu, hinn síðari maður er **Drottinn af himni.**

1908: Hinn fyrsti maður er frá jörðu, af moldu, hinn annar maður **er frá himnum.**

1981: Hinn fyrsti maður er frá jörðu, jarðneskur, hinn annar maður **er frá himni.**

2007: Hinn fyrsti maður er frá jörðu, jarðneskur, hinn annar maður **er frá himni.**

Fyrra Korintubréf 16:22

Jesús Kristur fjarlægður

NT ODDS: Og ef sá er nokkur hann elski ekki **Drottin vorn Jesúm Kristum**, þá sé hann anathema**,** maharam motha

GUÐBRANDS: Og ef sá er nokkur hann **elski ekki Drottin vorn Jesúm Christum** þá sé hann anaþema. Maraham Motha.
KJV: If any man **love not the Lord Jesus Christ**, let him be Anathema Maranatha.
NIV 1984: If anyone **does not love the Lord**--a curse be on him. Come, O Lord !
NIV 2011: If anyone **does not love the Lord**, let that person be cursed**!** Come, Lord
1841: Ef nokkur **er sá, sem ekki elskar Drottin Jesúm Krist**, sá sé bölvaður! Drottinn kemur
1908: Ef einhver **elskar ekki drottin**, bann sé bölvaður. Maranata!
1981: Ef einhver **elskar ekki Drottin**, hann sé bölvaður. Marana ta
2007: Ef einhver **elskar ekki Drottin**, sé hann bölvaður. Marana þa!

Fyrra Korintubréf 16:23

Kristur fjarlægður
NT ODDS: Náð **Drottins vors Jesú Kristi** sé með yður.
GUÐBRANDS: Náð **Drottins vors Jesú Christi** sé með yður.
KJV: The grace of our **Lord Jesus Christ** be with you.
NIV 1984: The grace of the **Lord Jesus** be with you
NIV 2011: The grace of the **Lord Jesus** be with you.
1841: Náðin **Drottins** vors **Jesú Krists** sé með yður!
1908: Náðin **drottins Jesú Krists** sé með yður.
1981: Náðin **Drottins Jesú** sé með yður
2007: Náðin **Drottins Jesú** sé með yður.

Seinna Korintubréf 4:10

Drottinn fjarlægður
NT ODDS: Og ætíð beru vér um kring deyðing **Drottins Jesú** á vorum líkama svo að einninn og það líf **Drottins Jesú** opinskárt verði á vorum líkama
GUÐBRANDS: Og ætíð berum vér með oss deyðing **Drottins Jesú** á vorum líkama so að einnin og það líf **Drottins Jesú** opinskárt verði á vorum líkama.
KJV: Always bearing about in the body the dying of the **Lord Jesus**, that the life also of **Jesus** might be made manifest in our body.
NIV 1984: We always carry around in our body the death of **Jesus**, so that the life of **Jesus** may also be revealed in our body.
NIV 2011: We always carry around in our body the death of **Jesus**, so that the life of **Jesus** may also be revealed in our body.
1841: Jafnan berum vér deyðingu **Jesú** á líkamanum, svo að **Jesú** líf auglýsist á vorum líkama;
1908: berum ávalt með oss á líkamanum deyðingu **Jesú**, til þess að einnig líf **Jesú** verði opinbert í líkama vorum.
1981: Jafnan berum vér með oss á líkamanum dauða **Jesú**, til þess að einnig líf **Jesú** verði opinbert í líkama vorum.
2007: Jafnan á ég á hættu að vera deyddur á sama hátt og **Jesús** til þess að ég geti einnig sýnt hvernig **Jesús** lifir.

Seinna Korintubréf 5:18

Jesús fjarlægður
NT ODDS: en allt það af Guði, hver oss forlíkti við sjálfan sig fyrir **Jesúm Kristum** og gefið oss það embætti sem forlíkunina predikar.
GUÐBRANDS: En allt það af Guði hver oss forlíkaði við sjálfan sig fyrir **Jesúm Christum** og gefið hefur oss það embætti sem forlíkunina prédikar.
KJV: And all things are of God, who hath reconciled us to himself by **Jesus Christ**, and hath given to us the ministry of reconciliation;
NIV 1984: All this is from God, who reconciled us to himself through **Christ** and gave us the ministry of reconciliation:
NIV 2011: All this is from God, who reconciled us to himself through **Christ** and gave us the ministry of reconciliation:
1841: og það er allt af Guði, er forlíkaði oss fyrir **Jesúm Krist** við sjálfan sig og gefið hefir oss það embætti, að kunngjöra þessa forlíkun;
1908: En alt er frá Guði, sem sælti oss við sig fyrir **Krist**, og gaf oss þjónustu sáttargjörðarinnar;
1981: Allt er frá Guði, sem sætti oss við sig fyrir **Krist** og gaf oss þjónustu sáttargjörðarinnar.
2007: Allt er frá Guði sem sætti mig við sig fyrir **Krist** og gaf mér þjónustu sáttargerðarinnar.

Seinna Korintubréf 11:31

Kristur fjarlægður

NT ODDS: Guð og Faðir vors **Drottins Jesú Kristi**, sá blessaður er um aldir, veit það eg lýg ekki.

GUÐBRANDS: *Ekki í textanum á vefsíðu biblíufélagsins, það segir samt ekki að textinn sé ekki í handritunum þar sem Oddur hafði þetta vers.*

KJV: The God and Father of our **Lord Jesus Christ**, which is blessed for evermore, knoweth that I lie not.

NIV 2011: The God and Father of the **Lord Jesus**, who is to be praised forever, knows that I am not lying.

1841: Guð og Faðir **Drottins vors Jesú Krists**, sem að eilífu sé vegsamaður, veit að eg lýg ekki.

1908: Guð og faðir **drottins Jesú**, hann, sem blessaður er að eilífu, veit að eg lýg ekki

1981: Guð og faðir **Drottins Jesú**, hann sem blessaður er að eilífu, veit að ég lýg ekki.

2007: Guð og faðir **Drottins Jesú**, sem blessaður er að eilífu, veit að ég lýg ekki.

Galatabréfið 3:17

Kristur fjarlægður

NT ODDS: En eg segi þar af að það testament, **sem áður til forna er staðfest upp á Kristum,** verður ekki ónýtt gjört svo það fyrirheitið skyldi fyrir lögmálið enda taka, hvert að gefið er fyrir fjórum hundruðum og þrjátigi árum þar eftir.

GUÐBRANDS: En eg segi þar af að það testament **sem áður til forna er staðfest af Guði upp á Christum** verður ekki ónýtt gjört so það fyrirheit skyldi fyrir lögmálið enda taka, hvert að gefið er fyrir fjórum hundruðum og þrjátigi árum þar eftir.

KJV: And this I say, that the covenant, **that was confirmed before of God in Christ,** the law, which was four hundred and thirty years after, cannot disannul, that it should make the promise of none effect.

NIV 1984: What I mean is this: The law, introduced 430 years later, does not set aside the covenant **previously established by God** and thus do away with the promise.

NIV 2011: What I mean is this: The law, introduced 430 years later, does not set aside the covenant **previously established by God** and thus do away with the promise.

1841: Með þessu vil eg sagt hafa að lögmálið, sem út var gefið fjögur hundruð og þrjátíu árum síðar, ekki hafi getað gjört ógilda og afmáð þá af **Guði áður staðfestu ráðstöfun um Krist;**

1908: Með þessu segi eg þá: sáttmála, **sem fyrirfram var staðfestur af Guði**, ónýtir eigi lögmálið, sem út var gefið fjögur hundruð og þrjátíu árum síðar, svo að það felli fyrirheitið úr gildi,

1981: Með þessu vildi ég sagt hafa: Sáttmála, sem **áður var staðfestur af Guði,** getur lögmálið, sem kom fjögur hundruð og þrjátíu árum síðar, ekki ónýtt, svo að það felli fyrirheitið úr gildi

2007: Með þessu vildi ég sagt hafa: Sáttmála, **sem Guð hafði áður staðfest,** getur lögmálið, sem kom fjögur hundruð og þrjátíu árum síðar, ekki ónýtt og fellt fyrirheitið úr gildi.

Galatabréfið 4:7

Kristur sem er lykillin að því að verða erfingi Guðs fjarlægður, Kristur fjarlægður

NT ODDS: Svo er hér nú enginn þræll meir, heldur börn ein. En eru það börn, **þá eru það einninn arfar Guðs fyrir Kristum**

GUÐBRANDS: Svo er hér nú enginn þræll meir heldur börn ein. En eru það börn **þá eru það einnin arfar Guðs fyrir Christum**.

KJV: Wherefore thou art no more a servant, but a son; and if a son, t**hen an heir of God through Christ**.

NIV 1984: So you are no longer a slave, but a son; and since you are a son, **God has made you also an heir.**

NIV 2011: So you are no longer a slave, but God's child; and since you are his child, **God has made you also an heir.**

1841: Faðir! elskulegi Faðir! þú ert þess vegna ekki framar þræll, heldur fulltíða sonur; en ef þú ert sonur, **þá ertu líka erfingi Guðs vegna Krists**.

1908: Þú ert þá ekki framar þræll, heldur sonur; en ef þú ert sonur, **þá ert þú líka erfingi fyrir Guð**

1981: Þú ert þá ekki framar þræll, heldur sonur. En ef þú ert sonur, **þá ert þú líka erfingi að ráði Guðs.**

2007: Þú ert þá ekki framar þræll heldur barn. En ef þú ert barn, **þá hefur Guð líka gert þig erfingja.**

Galatabréfið 5:24

Jesú bætt við og 2007 skiptir út tilheyra Kristi yfir í trúa á Krist sem gjörbreytir versinu.

NT ODDS: Því þeir **sem Kristi tilheyra**, krossfesta sitt hold með girndum og tilhneigingum.

GUÐBRANDS: En þeir **sem Kristi tilheyra** þeir krossfesta sitt hold með girndum og tilhneigingum.

KJV: And they **that are Christ's** have crucified the flesh with the affections and lusts.

NIV 1984: Those who **belong to Christ Jesus** have crucified the sinful nature with its passions and desires.

NIV 2011: Those who **belong to Christ Jesus** have crucified the flesh with its passions and desires.

1841: Þeir, **sem Krists eru**, þeir hafa krossfest hold sitt með þess girndum og tilhneigingum.

1908: En þeir **sem eru Krists Jesú,** hafa krossfest holdið með ástríðum þess og girndum

1981:En þeir, sem **tilheyra Kristi Jesú**, hafa krossfest holdið með ástríðum þess og girndum.

2007: En þeir sem **trúa á Krist** hafa krossfest holdið með ástríðum þess og girndum**.**

Galatabréfið 6:15

Jesús Kristur fjarlægður

NT ODDS: Því að í **Kristo Jesú** dugir hvorki umskurn né yfirhúð nokkuð, heldur ný skepna.

GUÐBRANDS: Því að í **Christo Jesú** dugir hverki umskurn né yfirhúð nokkurt heldur ný skepna.

KJV: For in **Christ Jesus** neither circumcision availeth any thing, nor uncircumcision, but a new creature.

NIV 1984: Neither circumcision nor uncircumcision means anything; what counts is a new creation.

NIV 2011: Neither circumcision nor uncircumcision means anything; what counts is the new creation.

1841: Hjá **Jesú Kristi** gildir hvörki umskurn né yfirhúð, heldur að maðurinn sé ný skepna

1908: Því að hvorki er umskurn neitt, né yfirhúð, heldur ný skepna.

1981: Umskurn eða yfirhúð skipta engu, heldur að vera ný sköpun.

2007: Umskurn eða yfirhúð skipta engu, heldur að vera ný sköpun.

Galatabréfið 6:17

Því miður þá fór engin Íslensk þýðing rétt með þetta vers

NT ODDS: Hér eftir gjöri mér enginn meiri mæðu því að eg ber jafnan benjar **Drottins** á mínum líkama

GUÐBRANDS: Hér eftir gjöri mér engin meiri mæðu því að eg ber jafnan benjar **Drottins** á mínum líkama.

KJV: From henceforth let no man trouble me: for I bear in my body the marks of the **Lord Jesus.**

NIV 1984: Finally, let no one cause me trouble, for I bear on my body the marks of **Jesus**

NIV 2011: From now on, let no one cause me trouble, for I bear on my body the marks of **Jesus**.

1841: Enginn mæði mig héðan í frá, því eg ber merki **Jesú Krists** á mínum líkama.

1908: Enginn mæði mig héðan í frá, því að eg ber merki **Jesú** á líkama mínum.

1981: Enginn mæði mig héðan í frá, því að ég ber merki **Jesú** á líkama mínum.

2007: Enginn mæði mig héðan í frá því að ég ber merki **Jesú** á líkama mínum.

Efesusbréfið 3:9

Jesús Kristur fjarlægður

NT ODDS: og upp að birta hverjum manni hver þar sé sameign leyndardómsins sem af veraldar upphafi er í Guði hulinn verið, **sá alla hluti hefir skapað fyrir Jesúm Kristum**

GUÐBRANDS: og upp að birta hverjum manni hver þar sé sameign leyndardómsins sem af veraldar upphafi hefur í Guði hulinn verið, **sá alla hluti hefur skapað fyrir Jesúm Christum,**

KJV: And to make all men see what is the fellowship of the mystery, which from the beginning of the world hath been hid in God, **who created all things by Jesus Christ:**

NIV 1984: and to make plain to everyone the administration of this mystery, which for ages past was kept hidden in God**, who created all things.**

NIV 2011: and to make plain to everyone the administration of this mystery, which for

ages past was kept hidden in God, **who created all things.**
1841: og upplýsa alla um það, hvörnig þessu leyndarráði sé háttað, sem áður var geymt hjá einum Guði, **er skapaði allt,**
1908: og að upplýsa alla um það, hver sé ráðstöfun leyndardómsins, sem frá eilífð hefir verið hulinn í Guði, **sem alt hefir skapað,**
1981: og að upplýsa alla um það, hvernig Guð hefur ráðstafað þessum leyndardómi. Hann hefur frá eilífð verið hulinn í Guði, **sem allt hefur skapað.**
2007: og að upplýsa alla um það hvernig Guð hefur ráðstafað þessum leyndardómi sem frá eilífð var hulinn hjá Guði **sem allt hefur skapað.**

Efesusbréfið 3:14

Jesús Kristur fjarlægður og endirinn á þessu versi fjarlægður án skýringa.
NT ODDS: Hvar fyrir eg beygi mín kné fyrir **Föður vors Drottins Jesú Kristi,**
GUÐBRANDS: Hvar fyrir eg beygi mín kné fyrir **Föður vors Drottins Jesú Christi,**
KJV: For this cause I bow my knees unto **the Father of our Lord Jesus Christ,**
NIV 1984: For this reason I kneel before **the Father,**
NIV 2011: For this reason I kneel before **the Father,**
1841: Eg beygi þess vegna mín kné **fyrir Föður Drottins vors Jesú Krists,**
1908: Þess vegna beygi eg kné mín **fyrir föðurnum,**
1981: Þess vegna beygi ég kné mín **fyrir föðurnum,**
2007: Þess vegna beygi ég kné mín **fyrir föðurnum,**

Filippíbréfið 4:13

Kristur fjarlægður úr versi sem vel gæti verið mottó þeirra sem trúa, Odds og Guðbrands passa allavega að hafa Krist í versinu þó að þeir hafi ekki innleitt Krist inn í það á þjálan hátt.
En góð lesning væri :Ég get alla hluti fyrir Jesú Krist sem mig máttugan gjörir.
NT ODDS: Eg formá alla hluti fyrir þann sem mig máttugan gjörir, **(Kristur)**
GUÐBRANDS: Eg formá alla hluti fyrir þann sem mig máttugan gjörir **(Christur)**
KJV: I can do all things **through Christ** which strengtheneth me.
NIV 1984: I can do everything **through him** who gives me strength.
NIV 2011: I can do all this **through him** who gives me strength.
1841: Allt megna eg fyrir **þess hjálp**, sem mig styrkvan gjörir.
1908: Alt megna eg **í honum**, sem gjörir mig styrkan.
1981: Allt megna ég fyrir **hjálp hans**, sem mig styrkan gjörir
2007: Allt megna ég fyrir **hjálp hans** sem mig styrkan gerir.

Kólossabréfið 1:2

Drottinn Jesú Kristur fjarlægður
NT ODDS: Þeim heilögum til Kolossia og þeim trúuðum bræðrum í Kristo. Náð sé með yður og friður af Guði vorum, föður **og Drottni Jesú Kristo.**
GUÐBRANDS: Þeim Heilögum til Colosenses, og þeim trúuðum Bræðrum í Christo. Náð sé með yður og Friður, af Guði vorum Föður, **og Drottni Jesú Christo.**
KJV: To the saints and faithful brethren in Christ which are at Colosse: Grace be unto you, and peace, from God our Father **and the Lord Jesus Christ**.
NIV 1984: To the holy and faithful brothers in Christ at Colosse: Grace and peace to you from God our Father.
NIV 2011: To God's holy people in Colossae, the faithful brothers and sisters in Christ: Grace and peace to you from God our Father.[b]
[b]Some manuscripts *Father* ***and the Lord Jesus Christ***
1841: óska yður, heilögum bræðrum í Kólossuborg og trúuðum í Kristó, náðar og friðar af Guði vorum Föður
1908: til hinna heilögu og trúuðu bræðra í Kristi í Kólossaborg. Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum.
1981: hinum heilögu og trúuðu bræðrum í Kólossu, sem eru í Kristi. Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum.
2007: þeim í Kólossu sem eru trúuð og helguð systkin í Kristi. Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum.

Kólossabréfið 1:14

Blóð Jesú Krists og máttur þess, fjarlægt án athugasemda, líkt og það hafi aldrei verið til.

NT ODDS: á hverjum vér höfum endurlausnina **fyrir hans blóð** sem er syndanna fyrirgefning.

GUÐBRANDS: Á hverjum vér höfum endurlausnina, **fyrir hans Blóð**, sem er, Syndanna fyrirgefning

KJV: In whom we have redemption **through his blood**, even the forgiveness of sins:

NIV 1984: in whom we have redemption, the forgiveness of sins

NIV 2011: in whom we have redemption, the forgiveness of sins.

1841: af hvörjum vér höfum lausnina, fyrirgefningu syndanna.

1908: í hverjum vér höfum endurlausnina, fyrirgefningu syndanna;

1981: Í honum eigum vér endurlausnina, fyrirgefningu synda vorra.

2007: Í honum eigum við endurlausnina, fyrirgefningu synda okkar.

Kólossabréfið 1:28

Jesús fjarlægður

NT ODDS: hvern vér boðum, áminnandi alla menn og lærandi alla menn í allsháttaðri speki upp á það vér uppréttuðum hvern mann **algjörðan í Kristo Jesú,**

GUÐBRANDS: hvern vér boðum, áminnandi alla menn, og læranda alla menn í allsháttaðri speki. upp á það vér uppréttuðum hvern mann **algjörðan í Christo Jesú,**

KJV: Whom we preach, warning every man, and teaching every man in all wisdom; that we may present every man **perfect in Christ Jesus:**

NIV 1984: We proclaim him, admonishing and teaching everyone with all wisdom, so that we may present **everyone perfect in Christ.**

NIV 2011: He is the one we proclaim, admonishing and teaching everyone with all wisdom, so that we may present everyone **fully mature in Christ**

1908: Og hann boðum vér, með því að vér áminnum sérhvern mann og fræðum sérhvern mann með allri speki, til þess að vér getum leitt hvern mann fram **fullkominn i Kristi;**

1841: Þenna kunngjörum vér, í því vér áminnum sérhvörn mann og fræðum sérhvörn mann í allri speki, svo vér getum b) leitt hvörn mann **algjörvan í Kristó** fram (fyrir Guð);

1981: Hann boðum vér, er vér áminnum sérhvern mann og fræðum með allri speki, til þess að vér getum leitt hvern mann fram **fullkominn í Kristi**

2007: Hann boða ég, áminni og fræði hvern mann með allri speki að ég megi leiða alla fram **fullkomna í Kristi.**

Kólossabréfið 3:13

Kristur fjarlægður í samhengi við fyrirgefningu

NT ODDS: og umlíðið hver annan. Og ef að nokkur hefir klögumál móti öðrum, þá fyrirgefið það hver öðrum innbyrðis. Líka svo sem **Kristur hefir fyrirgefið** yður, svo skulu þér einninn.

GUÐBRANDS: og umlíðið hver annan. Og ef að nokkur hefur klögumál mót öðrum, þá fyrirgefið það hver öðrum innbyrðis, líka svo sem **Christur hefur fyrirgefið** yður, svo skulu þér einnen

KJV: Forbearing one another, and forgiving one another, if any man have a quarrel against any: even as **Christ forgave you**, so also do ye

NIV 1984: Bear with each other and forgive whatever grievances you may have against one another. Forgive as the **Lord forgave** you.

NIV 2011: Bear with each other and forgive one another if any of you has a grievance against someone. Forgive as the **Lord forgave** you.

1841: umberið hvör annan og fyrirgefið hvör öðrum, ef einhvör yðar hefir kærumál öðrum á móti; eins og **Kristur hefir fyrirgefið** yður, svo skuluð þér og einninn gjöra.

1908: umberandi hver annan og fyrirgefandi hver öðrum, ef einhver hefir sök á móti nokkurum; eins og **drottinn hefir fyrirgefið** yður, svo skuluð þér og gjöra

1981: Umberið hver annan og fyrirgefið hver öðrum, ef einhver hefur sök á hendur öðrum. Eins og **Drottinn hefur fyrirgefið** yður, svo skuluð þér og gjöra.

2007: Umberið hvert annað og fyrirgefið hvert öðru ef einhver hefur sök á hendur öðrum. Eins og **Drottinn** hefur fyrirgefið ykkur, svo skuluð þið og gera.

Kólossabréfið 3:15

Nú og eftir að hafa fjarlægt Krist margsinnis, þá er hann settur í staðin fyrir Guð

NT ODDS: Og **friður Guðs** regeri í yðrum hjörtum, til hvers að þér eruð einninn kallaðir í einum líkama. Verið og þakklátir

GUÐBRANDS: Og **Friður Guðs** regeri í yðrum hjörtum, til hvers að þér eruð einnin kallaðir, í einum líkama. Verið og þakklátir

KJV: And let the **peace of God** rule in your hearts, to the which also ye are called in one body; and be ye thankful.

NIV 1984: Let the **peace of Christ** rule in your hearts, since as members of one body you were called to peace. And be thankful.

NIV 2011: Let the **peace of Christ** rule in your hearts, since as members of one body you were called to peace. And be thankful.

1841: þá mun **friður Krists** ríkja í yðrum hjörtum; til þessa friðar eruð þér einnig kallaðir í einum líkama (sameiginlega); og verið (fyrir það) þakklátir.

1908: og látið **frið Krists** ríkja i hjörtuni yðar, sem þér og eruð kallaðir til í einum líkama; og verið þakklátir.

2007: Látið **frið Krists** ríkja í hjörtum ykkar því að Guð kallaði ykkur til að lifa saman í friði sem limi í einum líkama. Verið þakklát.

Fyrra Þessalónikubréf 1:1

Guð Faðirinn og Drottinn Jesús Kristur fjarlægðir

NT ODDS: Páll og Silvanus og Tímóteus. Þeim safnaði til Tessalonia í Guði föður og Drottni Jesú Kristo. **Náð sé með yður og friður af Guði vorum föður og Drottni Jesú Kristo**

GUÐBRANDS: Páll og Silvanus og Tímóteus þeim safnaði til Tessalonia í Guði föður og Drottni Jesú Christo: **Náð sé með yður og friður af Guði vorum föður og Drottni Jesú Christo**

KJV: Paul, and Silvanus, and Timotheus, unto the church of the Thessalonians which is in God the Father and in the Lord Jesus Christ: **Grace be unto you, and peace, from God our Father, and the Lord Jesus Christ.**

NIV 1984: Paul, Silas and Timothy, To the church of the Thessalonians in God the Father and the Lord Jesus Christ: **Grace and peace to you.**

NIV 2011: Paul, Silas and Timothy,To the church of the Thessalonians in God the Father and the Lord Jesus Christ: **Grace and peace to you**.

1841: Páll og Silvanus og Tímóteus, óska yður, söfnuði Guðs Föðurs og Drottins Jesú Krists í Tessaloníku, **náðar og friðar af Guði vorum Föður og Drottni Jesú Kristi.**

1908: Páll og Silvanus. og Tímóteus lil safnaðar Þessaloníkumanna í Guði föður og drotni Jesú Kristi. **Náð sé með yður og friður,**

1981: Páll, Silvanus og Tímóteus heilsa söfnuði Þessaloníkumanna, sem er í Guði föður og Drottni Jesú Kristi. **Náð sé með yður og friður.**

2007: Páll, Silvanus og Tímóteus heilsa söfnuði Þessaloníkumanna sem er í Guði föður og Drottni Jesú Kristi. **Náð sé með yður og friður.**

Fyrra Þessalónikubréf 2:19

Kristur fjarlægður

NT ODDS: Því hver er vor von eða fögnuður eður kóróna hrósunarinnar? Eru þér það eigi fyrir vorum **Drottni Jesú Kristo** í hans tilkomu?

GUÐBRANDS: Því að hver er vor von eður fögnuður eður kóróna hrósunarinnar? Eru þér það eigi fyrir **vorum Drottni Jesú Christo** í hans tilkomu?

KJV: For what is our hope, or joy, or crown of rejoicing? Are not even ye in the presence of **our Lord Jesus Christ** at his coming?

NIV 1984: For what is our hope, our joy, or the crown in which we will glory in the presence of **our Lord Jesus** when he comes? Is it not you?

NIV 2011: For what is our hope, our joy, or the crown in which we will glory in the presence of **our Lord Jesus** when he comes? Is it not you?

1841: Því hvör er vor von, vor gleði, vor heiðurskrans, er vér getum stært oss af? Munuð þér ekki einnig verða það fyrir augliti **Drottins vors Jesú Krists**, þá hann kemur?

1908: Því að hver er vor von eða vor gleði eða vor hrósunarkóróna? Eruð það ekki einmitt þér, frammi fyrir **drotni vorum Jesú** við tilkomu hans?

1981: Hver er von vor eða gleði vor eða sigursveigurinn, sem vér hrósum oss af? Eruð það ekki einmitt þér, frammi fyrir **Drottni vorum Jesú** við komu hans?

2007: Hver er von mín eða gleði eða sigursveigurinn sem ég miklast af? Eruð það ekki einmitt þið, frammi fyrir **Drottni vorum Jesú** við komu hans?

Fyrra Þessalónikubréf 3:11

Kristur fjarlægður

NT ODDS: En Guð vor Faðir og **Drottinn Jesús Kristus** greiði vorn veg til yðar.

GUÐBRANDS: En Guð vor Faðir og **Drottinn vor Jesús Christus** greiði vorn veg til yðar.

1841: því mannsins Sonur er herra hvíldardagsins.
1908: Því að mannsins sonur er herra hvíldardagsins.
1981: Því að Mannssonurinn er herra hvíldardagsins.“
2007: Því að Mannssonurinn er Drottinn hvíldardagsins.“

12:23

NT ODDS: Allt fólkið óttaðist og sagði: **Er þessi eigi sonur Davíðs?**
GUÐBRANDS: Allt fólkið óttaðist og sagði: **„Er þessi ei sonur Davíðs?“**
KJV: And all the people were amazed, and said, **Is not this the son of David?**
NIV 1984: All the people were astonished and said, **"Could this be the Son of David?"**
NIV 2011: All the people were astonished and said, **“Could this be the Son of David?”**
1841: Þetta undraðist allt fólkið og sagði: **mun ekki þessi maður vera niðji Davíðs?**
1908: Og allur mannfjöldinn undraðist og Þeir sögðu: **Mundi ekki þessi vera sonur Davíðs?**
1981: Allt fólkið varð furðu lostið og sagði: **„Hann er þó ekki sonur Davíðs?“**
2007: Allt fólkið varð furðu lostið og sagði: **„Hann er þó ekki sonur Davíðs?“**

12:24

Nafninu á djöflinum breytt
NT ODDS: En er farísei heyrðu það, sögðu þeir: Eigi rekur þessi djöfla út nema fyrir **Beelsebúb** djöflahöfðingja.
GUÐBRANDS: En er Pharisei heyrðu það sögðu þeir: „Eigi rekur þessi djöfla út nema fyrir **Belsebúb** djöflahöfðingja.“
KJV: But when the Pharisees heard it, they said, This fellow doth not cast out devils, but by **Beelzebub** the prince of the devils.
NIV 1984: But when the Pharisees heard this, they said, "It is only by **Beelzebub**, the prince of demons, that this fellow drives out demons."
NIV 2011: But when the Pharisees heard this, they said, “It is only by **Beelzebul**, the prince of demons, that this fellow drives out demons.”

1841: En er farísear heyrðu það, sögðu þeir: ekki rekur þessi djöfla út, nema með fulltingi djöflahöfðingjans **Belsebúls**.
1908: En er Farisearnir heyrðu jiað, sögðu Þeir: þessi maður rekur ekki úl illu andana nema með fulllingi **Beelsebúls**, foringja illu andanna.
1981: Þegar farísear heyrðu það, sögðu þeir: Þessi rekur ekki út illa anda nema með fulltingi **Beelsebúls**, höfðingja illra anda.
2007: Þegar farísear heyrðu það sögðu þeir: „Þessi maður rekur ekki út illa anda nema með fulltingi **Beelsebúls**, höfðingja illra anda.“

12:31

Sérstaða Kjv í því að eingöngu í henni er bætt við Holy.
NT ODDS: Fyrir því segi eg yður: Öll synd og lastanir verða mönnum fyrirgefnar, en **löstun í mót Andanum** fyrirgefst eigi.
GUÐBRANDS: Fyrir því segi eg yður: Aull synd og lastanir verða fyrirgefnar mönnum en löstun í mót **andanum** fyrirgefst eigi
KJV: Wherefore I say unto you, All manner of sin and blasphemy shall be forgiven unto men: but the blasphemy **against the Holy Ghost** shall not be forgiven unto men.
NIV 1984: And so I tell you, every sin and blasphemy will be forgiven men, but the blasphemy **against the Spirit** will not be forgiven.
NIV 2011: And so I tell you, every kind of sin and slander can be forgiven, but blasphemy **against the Spirit** will not be forgiven.
1841: Þess vegna segi eg yður: að hvörs kyns synd og guðlastan kann mönnum fyrirgefin að verða, en smánarleg **orð gegn Andanum, munu mönnum ekki fyrirgefast.**
1908: Þess vcgna segi eg yður, að sérhver synd og lastmæli mun verða fyrirgefið mönnunum, **en lastmæli gegn andanum** mun eigi verða fyrirgeíið
1981: Þess vegna segi ég yður: Hver synd og guðlöstun verður mönnum fyrirgefin, **en guðlast gegn andanum** verður ekki fyrirgefið.
2007: Þess vegna segi ég yður: Hver synd og guðlöstun verður mönnum fyrirgefin **en guðlast gegn andanum** verður ekki fyrirgefið

12:35

Hjartað er alveg horfið úr nýrri þýðingum
NT ODDS: Góður maður fram flytur gott af **góðum sjóð síns hjarta**, en vondur maður **af vondum sjóð síns hjarta** fram flytur vont.
GUÐBRANDS: Góður maður framflytur gott af **góðum sjóð síns hjarta** en vondur maður af **vondum sjóð síns hjarta** framflytur vont.
KJV: **A good man out of the good treasure of the heart** bringeth forth good things**: and an evil man out of the evil treasure bringeth forth evil things.**
NIV 1984: The good man brings **good things out of the good stored up in him, and the evil man brings evil things out of the evil stored up in him.**
NIV 2011: A good man brings **good things out of the good stored up in him,** and an evil man brings **evil things out of the evil stored up in him.**
1841: **Góður maður framber illt úr vondum sjóði**
1908: Góður maður ber gott fram úr **góðum sjóði,** og vondur maður ber illt fram úr **vondum sjóði**.
1981: Góður maður ber gott fram úr **góðum sjóði**, en vondur maður ber vont fram úr **vondum sjóði**
2007: Góður maður ber gott fram úr **góðum sjóði** en vondur maður ber vont fram úr **vondum sjóði**.

12:42

Meira í staðin fyrir meiri sem tekur persónuna Jesú úr þessu versi. Semsagt Jesús er meiri en Salómón ekki eitthvað meira.
NT ODDS: Drottningin af suðri mun upprísa á efsta dómi með þessari kynslóð og mun hana fordæma því hún kom af endimörkum jarðar að heyra speki Salamonis, **og sjá, hér er meir en Salamon.**
GUÐBRANDS: Drottningin af suðri mun upprísa á efsta dómi með þessari kynslóð og mun hana fordæma því að hún kom af endimörkum jarðar að heyra speki Salomonis **og sjá, hér er meiri en Salómon**
KJV: The queen of the south shall rise up in the judgment with this generation, and shall condemn it: for she came from the uttermost parts of the earth to hear the wisdom of Solomon; **and, behold, a greater than Solomon is here.**

NIV 1984: The Queen of the South will rise at the judgment with this generation and condemn it; for she came from the ends of the earth to listen to Solomon's wisdom, **and now one greater than Solomon is here.**
NIV 2011: The Queen of the South will rise at the judgment with this generation and condemn it; for she came from the ends of the earth to listen to Solomon's wisdom, **and now something greater than Solomon is here.**
1841: Drottningin úr suðurátt mun framkoma á dómsins degi gegn þjóð þessari og auglýsa hana straffs seka að vera; því hún kom af fjarlægu landi að heyra speki Salómons; **en sjáið! hér er sá, sem honum er meiri.**
1908: Suðurlanda-drotningin mun koma fram í dóminum ásamt þessari kynslóð og dæma hana seka, þvi að hún kom frá endimörkum jarðarinnar, til þess að heyra speki Salómons; **og sjá, hér er meira en Salómon.**
1981: Drottning Suðurlanda mun rísa upp í dóminum ásamt þessari kynslóð og sakfella hana, því að hún kom frá endimörkum jarðar að heyra speki Salómons, **og hér er meira en Salómon.**
2007: Drottning Suðurlanda mun rísa upp í dóminum ásamt þessari kynslóð og sakfella hana því að hún kom frá endimörkum jarðar að heyra speki Salómons **og hér er meira en Salómon.“**

12:47

NT ODDS: En nokkur sagði til hans: Sjá, að móðir þín og bræður þínir standa úti og vilja þig finna.
GUÐBRANDS: En nokkur sagði til hans: „Sjá, að móðir þín og bræður standa úti og vilja þig finna.“
KJV: Then one said unto him, Behold, thy mother and thy brethren stand without, desiring to speak with thee.
NIV 1984: Someone told him, "Your mother and brothers are standing outside, wanting to speak to you."
NIV 2011: Someone told him, “Your mother and brothers are standing outside, wanting to speak to you.”
1841: Þá sagði einhvör honum: móðir þín og bræður þínir eru úti og vilja tala við þig.
1908: Og einhver sagði við hann: Sjá, móðir þín og bræður þínir standa fyrir dyrum úti, og vilja ná tali þínu
1981: Einhver sagði við hann: „Móðir þín og bræður standa hér úti og vilja tala við þig.“[a]
[a]Vers 47 vantar í sum handrit.
2007: Einhver sagði við hann: „Móðir þín og bræður standa hér úti og vilja tala við þig.[a]
[a]Vers 47 vantar í sum handrit.

13:51

Herra eða Drottinn fjarlægður.
NT ODDS: Og Jesús sagði til þeirra: Hafi þér allt þetta undirstaðið? Þeir sögðu: **Einninn Herra**
GUÐBRANDS: Og Jesús sagði til þeirra: „Hafi þér allt þetta undirstaðið?“ Þeir sögðu: „**Einnin**, **Herra**.“
KJV: Jesus saith unto them, Have ye understood all these things? They say unto him, **Yea**, **Lord**.
NIV 1984: Have you understood all these things?" Jesus asked. "**Yes**," they replied.
NIV 2011:“Have you understood all these things?” Jesus asked. “**Yes**,” they replied.
1841: Síðan spurði Jesús þá, hvört þeir skildu allt þetta? **en þeir kváðust það skilja.**
1908: Hafið þér skilið alt þetta? þeir segja við hann**: Já.**
1981: Hafið þér skilið allt þetta?“ „**Já**,“ svöruðu þeir.
2007: Hafið þið skilið allt þetta?“ **„Já,“** svöruðu lærisveinarnir.

15:8

Byrjunin af versinu fjarlægð, þó hún sé í heild sinni í gamla testamentinu.
NT ODDS: **Þessi lýður nálægist mig með sínum munni** og heiðrar mig með vörum sínum, en þeirra hjörtu eru langt frá mér.
GUÐBRANDS: **Þessi lýður nálægist mig með sínum munni** og heiðrar mig með vörum sínum en þeirra hjörtu eru langt frá mér
KJV: **This people draweth nigh unto me with their mouth,** and honoureth me with their lips; but their heart is far from me.
NIV 1984: 'These people honor me with their lips, but their hearts are far from me.
NIV 2011:‘These people honor me with their lips,but their hearts are far from me.
1841: Lýður þessi heiðrar mig með vörunum, en þeirra hjarta er langt í burtu frá mér;
1908: Lýður þessi heiðrar mig með vörunum, en hjarta þeirra er langt i burtu frá mér;

1981: Lýður þessi heiðrar mig með vörunum, en hjarta þeirra er langt frá mér.
2007: Þessir menn heiðra mig með vörunum en hjarta þeirra er langt frá mér.

15:30

Jesús fjarlægður
NT ODDS: og margt folk dreif til hans, hafandi með sér halta, blinda, mállausa, vanaða og marga aðra og snörpuðu þeim fram fyrir **fætur Jesú**. Og hann læknaði þá
GUÐBRANDS: Og margt fólk dreif til hans, hafandi með sér halta, blinda, mállausa, vanaða og marga aðra og snöruðu þeim fram fyrir **fætur Jesú** og hann læknaði þá,
KJV: And great multitudes came unto him, having with them those that were lame, blind, dumb, maimed, and many others, and cast them down at **Jesus**' **feet**; and he healed them:
NIV 1984: Great crowds came to him, bringing the lame, the blind, the crippled, the mute and many others, and laid them at **his feet**; and he healed them.
NIV 2011: Great crowds came to him, bringing the lame, the blind, the crippled, the mute and many others, and laid them at **his feet**; and he healed them.
1841: þá kom til hans mikill fjöldi fólks, er hafði með sér halta menn og blinda, mállausa, handarvana og marga aðra, og vörpuðu þeim til **fóta Jesú**, en hann læknaði þá;
1908: Og mikill fjöldi fólks kom til hans, er hafði með sér halta menn og blinda, mállausa, handarvana og marga aðra, og vörpuðu þeim fyrir **fætur Jesú**, og hann læknaði þá;
1981: Menn komu til hans hópum saman og höfðu með sér halta menn og blinda, fatlaða, mállausa og marga aðra og lögðu þá fyrir **fætur hans**, og hann læknaði þá.
2007: Menn komu til hans hópum saman og höfðu með sér halta menn og blinda, fatlaða, mállausa og marga aðra og lögðu þá fyrir **fætur hans** og hann læknaði þá.

16:2-3

Hér er orðið hræsnarar tekið burt án skýringa, og til að bæta gráu ofan á svart þá er lagður skilmálin að orð Jesú er ekki í öllum handritum, þannig að það var tekið orð í burtu og það sem er eftir er svo dregið í efa.

NT ODDS: Og á morgna segi þér: Í dag verður hreggviðri því að himinninn er rauður og dimmur. **Þér hræsnarar**, himinsins ásján kunni þér að dæma, en að vita teikn þessara tíma kunni þér eigi
GUÐBRANDS: Og á morgna segi þér: Í dag verður hreggviðri þvíð að himinninn er rauður og dimmur. **Þér hræsnarar**, himinsins ásján kunni þér að dæma en að vita teikn þessara tíma kunni þér eigi
KJV:And in the morning, It will be foul weather to day: for the sky is red and lowering. **O ye hypocrites**, ye can discern the face of the sky; but can ye not discern the signs of the times?
NIV 1984: and in the morning, 'Today it will be stormy, for the sky is red and overcast.' You know how to interpret the appearance of the sky, but you cannot interpret the signs of the times.
NIV 2011: and in the morning, 'Today it will be stormy, for the sky is red and overcast.' You know how to interpret the appearance of the sky, but you cannot interpret the signs of the times [a]
[a] Some early manuscripts do not have When evening comes … of the times.
1841: og snemma dags, þegar loftið þá er rautt og iskyggilegt, segið þér, að þann dag muni verða illviðri. **Þér**, **hræsnarar**! himinsins yfirbragð vitið þér að dæma, en kenniteikn þessara tíma viljið þér ekki athuga
1908: Og að morgni: Hreggviðri í dag, því að himininn er rauður og dimrnur. Um himinsins úllit kunnið þér að dæma, en um tákn tímanna getið þér ekki dæmt.
1981: 2 Hann svaraði þeim: „Að kvöldi segið þér: ‚Það verður góðviðri, því að roði er á lofti.‘ 3Og að morgni: ‚Illviðri í dag, himinninn er rauður og þungbúinn.‘ Útlit loftsins kunnið þér að ráða, en ekki tákn tímanna. [a]
[a] Orð Jesú í 2. og 3. versi vantar í sum handrit
2007: 2 Jesús svaraði þeim: „Að kvöldi segið þið: Það verður góðviðri því að roði er á lofti. 3 Og að morgni: Illviðri í dag, himninninn er rauður og þungbúinn. Útlit loftsins kunnið þið að ráða en ekki tákn tímanna. [a]
[a] Orð Jesú í 2. og 3. versi vantar í sum handrit

16:18

Helvíti fjarlægt

NT ODDS: Eg segi þér og að þú ert Petrus, og yfir þennan hellustein mun eg uppábyggja mína samkund, og **hliðin helvítanna** skulu eigi magn hafa í gegn henni.

GUÐBRANDS: Eg segi þér og: Þú ert Petrus. Og yfir þennan hellustein mun eg upp á byggja mína kristni og **hliðin helvítis** skulu eigi magn hafa í gegn henni

KJV: And I say also unto thee, That thou art Peter, and upon this rock I will build my church; and the **gates of hell** shall not prevail against it.

NIV 1984: And I tell you that you are Peter, and on this rock I will build my church, and the **gates of Hades** will not overcome it.

NIV 2011: And I tell you that you are Peter, and on this rock I will build my church, and the **gates of Hades** will not overcome it.

1841: En eg segi þér: að þú ert Pétur (hellusteinn) , og á þessari hellu vil eg byggja mína samkundu, og **helvítis makt** (máttur) skal aldrei á henni sigrast

1908: En eg segi þér: Þú erl Petros*, og á þessum kletti mun eg byggja söfnuð minn, og **hlið heljar** skulu eigi verða honum yfirsterkari.

1981: Og ég segi þér: Þú ert Pétur, kletturinn, og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína, **og máttur heljar** mun ekki á henni sigrast.

2007: Og ég segi þér: Þú ert Pétur, kletturinn, og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína **og máttur heljar** mun ekki á henni sigrast.

16:20

Jesús Kristur fjarlægður

NT ODDS: Þá fyrirbauð hann sínum lærisveinum að þeir segði það öngum að hann **væri sá Jesús Kristur**.

GUÐBRANDS: Þá fyrirbauð hann sínum lærisveinum að þeir segði það nokkrum að hann **væri Jesús, sá Christus.**

KJV: Then charged he his disciples that they should tell no man that he **was Jesus the Christ.**

NIV 1984: Then he warned his disciples not to tell anyone that he was **the Christ**.

NIV 2011: Then he ordered his disciples not to tell anyone that he **was the Messiah**.

1841: Síðan bannaði hann lærisveinum sínum að segja nokkrum það hann **væri Kristur**.

1908: Þá bauð bann lærisveinunum, að þeir segðu engum, að hann **væri Kristur**.

1981: Þá lagði hann ríkt á við lærisveinana að segja engum, að hann **væri Kristur**

2007: Þá lagði hann ríkt á við lærisveinana að segja engum að hann **væri Kristur**.

17:21

Fasta fjarlægð

NT ODDS: En þetta kyn rekst eigi út nema fyrir bæn og föstu

GUÐBRANDS: En þetta kyn rekst eigi út nema fyrir bæn og föstu.“

KJV: Howbeit this kind goeth not out but by prayer and fasting.

NIV 1984: EKKI Í MEGINMÁLI

NIV 2011 2011: EKKI Í MEGINMÁLI

Neðanmál segir: Some manuscripts include here words similar to Mark 9:29.

1841: En þetta djöflakyn verður ekki útrekið nema með bænum og föstu.

1908: EKKI Í MEGINMÁLI

1981: [En þetta kyn verður eigi út rekið nema með bæn og föstu.]“[a]

[a] Vantar í sum handrit

2007: [En þetta kyn verður eigi út rekið nema með bæn og föstu.]“[a]

[a] Vantar í sum handrit

Þegar vers er í hornklofa þá er það fín leið til að segja að það mun fara úr textanum fyrir rest, þar sem nú þegar eru til útgáfur þar sem þetta vers er fjarlægt úr meginmáli, þ.e.a.s hver útáfa mun hafa minni og minni texta í megingmáli. Lesandi athugi einnig að venjulega eru hornklofavers andlega mikilvæg eins og til dæmis hér þar sem fasta og bæn eru gefin sem skilyrði fyrir að losna við ákveðna illa anda.

18:11

NT ODDS: Því að mannsins Son kom að frelsa, hvað fortapað er

GUÐBRANDS: Því að Mannsins son er kominn að frelsa hvað fortapað er.

KJV: For the Son of man is come to save that which was lost.

NIV 1984: EKKI Í MEGINMÁLI

NIV 2011: EKKI Í MEGINMÁLI

Neðanmál segir: Some manuscripts include here the words of Luke 19:10.

1841: því til þess kom Mannsins Sonur, að hann frelsaði það, er tapað var.
1908: EKKI Í MEGINMÁLI
1981: [Því að Mannssonurinn er kominn að frelsa hið týnda.][a]
[a] Vantar í sum handrit.
2007: [Því að Mannssonurinn er kominn að frelsa hið týnda.][a]
[a] Vantar í sum handrit.

18:15

NT ODDS: En ef bróðir þinn **brýtur við þig**, far þú og straffa hann milli þín og hans eins samans. Ef hann heyrir þig, þá hefur þú þinn bróður unnið
GUÐBRANDS: En ef bróður þinn **brýtur við þig** far þú og straffa hann á millum þín og hans eins samans. En ef hann heyrir þig þá hefur þú þinn bróður unnið
KJV: Moreover if thy brother shall **trespass against thee**, go and tell him his fault between thee and him alone: if he shall hear thee, thou hast gained thy brother.
NIV 1984: If your brother **sins against you**, go and show him his fault, just between the two of you. If he listens to you, you have won your brother over.
NIV 2011: If your brother or sister **sins**, [c] go and point out their fault, just between the two of you. If they listen to you, you have won them over
[c]Some manuscripts sins against you
1841: Brjóti þinn bróðir nokkuð á móti þér, þá vanda fyrst um við hann heimuglega, og ef hann hlýðir þér, hefir þú hann frelstan.
1908: En ef hróðir þinn **syndgar á móti þér**, þá far og vanda um við hann að þér og honum einum saman; láti hann sér segjast, þá hefir þú unnið bróður þinn
1981: Ef bróðir þinn **syndgar** [**gegn þér**],[a] skaltu fara og tala um fyrir honum, og sé það ykkar einna í milli. Láti hann sér segjast, hefur þú unnið bróður þinn.
[a]Vantar í sum handrit
2007: Ef bróðir þinn **syndgar** [**gegn þér**],[a] skaltu fara og tala um fyrir honum, og sé það ykkar einna í milli. Láti hann sér segjast, hefur þú unnið bróður þinn.
[a]Vantar í sum handrit

18:26

Fjarlægt að það var verið að tilbiðja Jesú
NT ODDS: En sá þjón féll fram, **tilbað hann** og sagði: Herra, haf þolinmæði við mig, allt skal eg þér gjalda.
GUÐBRANDS: En sá þjón féll fram, **tilbað hann** og sagði: Herra, haf þolinmæði við mig. Allt skal eg þér gjalda.“
KJV: The servant therefore fell down, and **worshipped him**, saying, Lord, have patience with me, and I will pay thee all.
NIV 1984: The servant fell on his knees before him. 'Be patient with me,' he begged,'and I will pay back everything.'
NIV 2011: At this the servant fell on his knees before him. ‘Be patient with me,’ he begged, ‘and I will pay back everything.’
1841: þá féll þjóninn til fóta hans og mælti: umlíð þú mig, herra! allt skal eg þér lúka;
1908: Þá féll þjónninn fram, lautvhonum og sagði: Herra, haf biðlund við mig, og eg mun gjalda þér alt.
1981: Þá féll þjónninn til fóta honum og sagði: Haf biðlund við mig, og ég mun borga þér allt.
2007: Þá féll þjónninn til fóta honum og sagði: Haf biðlund við mig og ég mun borga þér allt.

18:35

NT ODDS: Svo mun minn himneskur Faðir gjöra yður **ef þér fyrirgefið eigi af yðrum hjörtum hver einn sínum bróður misgjörðir sínar.**
GUÐBRANDS: So mun minn himneskur faðir gjöra yður **ef þér fyrirgefið eigi af yðrum hjörtum hver einn sínum bróður misgjörðir sínar.“**
KJV: So likewise shall my heavenly Father do also unto you, **if ye from your hearts forgive not every one his brother their trespasses.**
NIV 1984: This is how my heavenly Father will treat each of you **unless you forgive your brother from your heart.**"
NIV 2011: This is how my heavenly Father will treat each of you **unless you forgive your brother or sister from your heart.**
1841: Þann veg mun og minn himneski Faðir breyta við yður, ef þér ekki, **hvör og einn, forlátið öðrum af heilum huga sín afbrot.**

1908: Þannig mun einnig faðir minn himneskur breyta við yður, **ef þér eigi hver og einn fyrirgefið af hjarta bróður yðar.**
1981: Þannig mun og faðir minn himneskur gjöra við yður, **nema hver og einn yðar fyrirgefi af hjarta bróður sínum.“**
2007: Þannig mun og faðir minn himneskur gera við yður **nema þér fyrirgefið af hjarta hvert öðru.“**

19:9

Endirinn á þessu versi fjarlægður, sem bendir á hvað það er að giftast fráskilnri konu
NT ODDS: En eg segi yður það hver sína eiginkonu forlætur (nema það sé fyrir hórunarsök) og giftist annarri sá drýgir hór, **og hver sem fráskilinni giftist, sá drýgir og hór.**
GUÐBRANDS: En eg segi yður það: Hver sína eiginkonu forlætur (nema það sé fyrir hórunarsök) og giftist annarri sá drýgir hór. **Og hver fráskilinni giftist sá drýgir og hór.“**
KJV: And I say unto you, Whosoever shall put away his wife, except it be for fornication, and shall marry another, committeth adultery**: and whoso marrieth her which is put away doth commit adultery.**
NIV 1984: I tell you that anyone who divorces his wife, except for marital unfaithfulness, and marries another woman commits adultery."
NIV 2011: I tell you that anyone who divorces his wife, except for sexual immorality, and marries another woman commits adultery.”
1981: Ég segi yður: Sá sem skilur við konu sína nema sakir hórdóms og kvænist annarri, drýgir hór.“
2007: Ég segi ykkur: Sá sem skilur við konu sína, nema sakir hórdóms, og kvænist annarri drýgir hór.“

19:16-17

Spurningin sem Jesú er spurður og svar hans breytt
NT ODDS: 16 sjá, að einn gekk að honum og sagði til hans: **Góði meistari**, hvað skal eg þess gott gjöra að eg hafi eilíft líf? 17 Hverjum hann svaraði: **Hvað kallar þú mig góðan**? **Enginn er góður nema einn sannarlegur Guð**. En ef þú vilt til lífsins inn ganga, svo varðveit þú boðorðin.
GUÐBRANDS: 16 Og sjá, að einn gekk að honum og sagði til hans: „**Góði meistari**, hvað skal eg þess gott gjöra að eg hafi eilíft líf?“ 17 Hverjum hann svaraði: „**Hvað kallar þú mig góðan**? **Enginn er góður nema einn, sem er Guð.** En ef þú vilt til lífsins inn ganga svo varðveit þú boðorðin.“
KJV: 16 And, behold, one came and said unto him, **Good Master**, **what good** thing shall I do, that I may have eternal life? 17 And he said unto him, **Why callest thou me good**? **there is none good but one, that is, God:** but if thou wilt enter into life, keep the commandment
NIV 1984: 16 Now a man came up to Jesus and asked, "**Teacher**, **what good thing** must I do to get eternal life?" 17"**Why do you ask me about what is good**?" Jesus replied. "**There is only One who is good. I**f you want to enter life, obey the commandments."
NIV 2011: 16 Just then a man came up to Jesus and asked, “**Teacher**, **what good** thing must I do to get eternal life?” 17 **Why do you ask me about what is good?**” Jesus replied. “**There is only One who is good**. If you want to enter life, keep the commandment
1841: 16Þá kom maður nokkur til hans, og tók svo til orða: **góði Meistari**! **hvað gott** skal eg gjöra til þess að eg öðlist eilíft líf? 17Jesús mælti: **því spyr þú mig að því, hvað gott sé? einn er sá, sem góður er.** En ef þú vilt innganga til lífsins, þá haltu boðorðin.
1908: 16 Og sjá, maður nokkur kom til hans og sagði: **Meistari**, **hvað gott á eg að gjöra**, til þess að eg eignist eilíft líf? 17 En hann sagði við hann: **Hví spyr þú mig um hið góða**? **Einn er sá**, **sem góður er.** En ef þú vilt inn ganga til lífsins, þá hald boðorðin.
1981: Þá kom til hans maður og spurði: „Meistari, **hvað gott** á ég að gjöra til þess að öðlast eilíft líf?“ 17Jesús sagði við hann: „**Hví spyr þú mig um hið góða**? **Einn er sá hinn góði**. Ef þú vilt inn ganga til lífsins, þá haltu boðorðin.“
2007: Þá kom til hans maður og spurði: „Meistari, **hvað gott** á ég að gjöra til þess að öðlast eilíft líf?“ 17Jesús sagði við hann: **„Hví spyr þú mig um hið góða? Einn er sá hinn góði.** Ef þú vilt inn ganga til lífsins, þá haltu boðorðin.“

19:20

Fjarlægt hversu lengi auðmaðurinn hefur gætt boðorðana

NT ODDS: Þá sagði ungi maðurinn til hans: **Þetta allt hefi eg varðveitt í frá barnæsku minni.** Hvað brestur mig þá?

GUÐBRANDS: Þá sagði ungi maðurinn til hans: „**Þetta allt hef eg varðveitt í frá barnæsku minni.** Hvað brestur mig þá?“

KJV: The young man saith unto him, **All these things have I kept from my youth** up: what lack I yet?

NIV 1984: **All these I have kept,**" the young man said. "What do I still lack?"

NIV 2011: **All these I have kept,”** the young man said. “What do I still lack?

1841: Þá mælti hinn ungi maður: **þessa hefir eg alls gætt frá barnsbeini;** hvörs er mér þá enn þá vant?

1908: Hinn ungi maður segir við hann: **Alls þessa hefi eg gætt;** hvers er mér enn vant?

1981: Þá sagði ungi maðurinn: **„Alls þessa hef ég gætt.** Hvers er mér enn vant?“

2007: Þá sagði ungi maðurinn: **„Alls þessa hef ég gætt.** Hvers er mér enn vant?“

19:29

Dæmi um að fjarlægja kynbundið mál, hér er semsagt verið að tala beint til karlmanna þar sem á meðal þess sem þeir geta yfirgefið til að fylgja Jesú er EIGINKONU, en ef þú vilt tala til allra kynja eða þeirra sem ekkert kyn vilja hafa eða sækja í sama kyn. Þá má ekki segja eitthvað eins kynbundið og eiginkona

NT ODDS: Og hver hann forlætur hús eður bræður, systur, föður eða móður eður **eiginkonu** eða börn eða akra fyrir míns nafns sakir, sá mun hundraðfalt í staðinn taka og erfa eilíft líf

GUÐBRANDS:Og hver hann forlætur hús eður bræður, systur, föður eða móður eður **eiginkonu** eða börn eða akra fyrir míns nafns sakir sá mun hundraðfalt í staðinn taka og erfa eilíft líf

KJV: And every one that hath forsaken houses, or brethren, or sisters, or father, or mother, or **wife**, or children, or lands, for my name's sake, shall receive an hundredfold, and shall inherit everlasting life.

NIV 1984: And everyone who has left houses or brothers or sisters or father or mother or children or fields for my sake will receive a hundred times as much and will inherit eternal life.

NIV 2011:And everyone who has left houses or brothers or sisters or father or mother or **wife**[e] or children or fields for my sake will receive a hundred times as much and will inherit eternal life.

[e]Some manuscripts do not have or wife.

1841: og hvör helst, sem yfirgefið hefir hús, bræður, systur, föður, móður, **konu**, börn eður eignir fyrir mínar sakir, mun fá hundraðfalt og öðlast eilíft líf.

1908: og hver, sem yfirgefið hefir hús eða bræður eða systur eða föður eða móður eða börn eða akra, sakir nafns mins, mun fá hundraðfalt og erfa eilíft líf

1981: Og hver sem hefur yfirgefið heimili, bræður eða systur, föður eða móður, börn eða akra sakir nafns míns, mun fá margfalt aftur og öðlast eilíft líf

2007: Og hver sem hefur yfirgefið heimili, bræður eða systur, föður eða móður, börn eða akra sakir nafns míns, mun fá allt hundraðfalt aftur og öðlast eilíft líf.

20:7

NT ODDS: Þeir sögðu til hans: Því að enginn hefir leigt oss. Hann sagði til þeirra: Fari þér og í minn víngarð, **og hvað réttvíst er, skulu þér fá.**

GUÐBRANDS: Þeir sögðu til hans: Því að enginn hefur leigt oss. Hann sagði til þeirra: Fari þér og í minn víngarð **og hvað rétt er skulu þér fá.**

KJV: hey say unto him, Because no man hath hired us. He saith unto them, Go ye also into the vineyard; **and whatsoever is right, that shall ye receive.**

NIV 1984: "For the kingdom of heaven is like a landowner who went out early in the morning to hire men to work in his vineyard.

NIV 2011: “‘Because no one has hired us,’ they answered.“He said to them, ‘You also go and work in my vineyard.’

1841: Þeir kváðu engan hafa leigt sig. Þá mælti hann: farið þér einninn í víngarð minn, **og skuluð þér fá hvað rétt er til launa.**

1908: Þeir segja við hann: Af því að enginn hefir leigt oss. Hann segir við þá: Farið þér einnig í víngarðinn.

1981: Þeir svara: ‚Enginn hefur ráðið oss.‘ Hann segir við þá: ‚Farið þér einnig í víngarðinn.

2007: Þeir svara: Enginn hefur ráðið okkur. Hann segir við þá: Farið þið einnig í víngarðinn.

20:16

Vel þekkt vers stytt

NT ODDS: Svo verða nú síðastir hinir fyrstu og fyrstir hinir síðustu. **Því að margir eru kallaðir, en fáir útvaldir**

GUÐBRANDS: So verða nú síðastir hinir fyrstu og fyrstir hinir síðustu. **Því að margir eru kallaðir en fáir útvaldir.“**

KJV: So the last shall be first, and the first last: **for many be called, but few chosen**.

NIV 1984: "So the last will be first, and the first will be last."

NIV 2011: “So the last will be first, and the first will be last.”

1841: Þannig munu hinir síðustu verða hinir fyrstu, og hinir fyrstu síðastir**; því margir eru kallaðir, en fáir útvaldir.**

1908: Þannig munu hinir síðustu verða fyrstir og hinir fyrstu síðastir.

1981: Þannig verða hinir síðustu fyrstir og hinir fyrstu síðastir.“

2007: Þannig verða hinir síðustu fyrstir og hinir fyrstu síðastir.“

20:20

NT ODDS: Þá gekk móðir sona Sebedei til hans meður syni sína, **fallandi fyrir hann fram og bað** nokkurs af honum.

GUÐBRANDS: Þá gekk móðir sona Zebedei til hans meður syni sína, **kallandi fyrir hann fram og bað** nokkurs af honum.

KJV: Then came to him the mother of Zebedees children with her sons, **worshipping him**, and desiring a certain thing of him.

NIV 1984: Then the mother of Zebedee's sons came to Jesus with her sons and, **kneeling down**, asked a favor of him.

NIV 2011: Then the mother of Zebedee’s sons came to Jesus with her sons and, **kneeling down**, asked a favor of him.

1841: Þá kom til hans móðir þeirra Sebedeussona með sonum sínum, **og laut honum**, sem hún vildi beiðast nokkurs af honum;

1908: Þá kom til hans móðir þeirra Zebedeussona ásamt sonum sínum, **laut honum** og beiddist nokkurs af honum.

1981: Þá kom til hans móðir þeirra Sebedeussona með sonum sínum, **laut honum** og vildi biðja hann bónar.

2007: Þá kom móðir þeirra Sebedeussona til Jesú með sonum sínum, **laut honum** og vildi biðja hann bónar.

20:22-23

og þeirri skírn skírast látið, hverri eg mun skírast, fjarlægt tvisvar

NT ODDS: 22 En Jesús svaraði og sagði: Þér vitið eigi hvað þér biðjið. Geti þér þann kalek drukkið, hvern að eg mun drekka, **og þeirri skírn skírast látið, hverri eg mun skírast?** Þeir sögðu til hans: Það getu við. 23 Og hann sagði til þeirra: Minn kalek munu þér að sönnu drekka **og þeirri skírn, hverri eg skírunst, munu þér skírast.** En það að sitja til minnar hægri og vinstri handar er eigi mín að gefa yður, heldur þeim, hverjum það er fyrir búið af mínum Föður.

GUÐBRANDS: 22 En Jesús svaraði og sagði: „Þér vitið eigi hvað þér biðjið. Geti þið þann kaleik drukkið hvern eg mun drekka **og þeirri skírn skírast látið hverri eg mun skírast?**“ Þeir sögðu til hans: „Það getum við.“ 23 Og hann sagði til þeirra: „Minn kaleik munu þið að sönnu drekka **og þeirr skírn hverri eg skírunst munu þið skírast.** En það að sitja til minnar hægri handar og vinstri handar er eigi mín yður að gefa heldur þeim hverjum það er fyrirbúið af mínum Föður.“

KJV: 22 But Jesus answered and said, Ye know not what ye ask. Are ye able to drink of the cup that I shall drink of, **and to be baptized with the baptism that I am baptized with?** They say unto him, We are able 23 And he saith unto them, Ye shall drink indeed of my cup, **and be baptized with the baptism that I am baptized with**: but to sit on my right hand, and on my left, is not mine to give, but it shall be given to them for whom it is prepared of my Father

NIV 1984: 22"You don't know what you are asking," Jesus said to them. "Can you drink the cup I am going to drink?" "We can," they answered. 23Jesus said to them, "You will indeed drink from my cup, but to sit at my right or left is not for me to grant. These places belong to those for whom they have been prepared by my Father."

NIV 2011: 22 “You don’t know what you are asking,” Jesus said to them. “Can you drink the cup I am going to drink?” “We can,” they answered. 23 Jesus said to them, “You will indeed drink from my cup, but to sit at my right or left is not for me to grant. These places belong to those for whom they have been prepared by my Father.”
1841: 22Jesús svaraði: þér vitið ekki hvörs þér biðjið; getið þér drukkið þann bikar, sem eg mun drekka? þeir kváðust mundu það geta. 23Þá sagði hann til þeirra: þér munuð að sönnu drekka minn bikar, en það, að sitja mér til hægri og vinstri handar, kann eg ekki að veita nema þeim, er Faðir minn hefir það fyrirhugað.
1908: En Jesús svaraði og sagði: Þið vitið eigi hvers þið biðjið. Getið þið drukkið bikarinn, sem eg á að drekka? Þeir segja við hann: Það getum við. 28 Hann segir við þá: Þið skuluð drekka bikar minn; en að sitja mér til hægri handar og vinstri handar, þetta er eigi mitt að veita, heldur veitist það þeim, sem það er fyrirbúið af föður mínum.
1981: 22Jesús svarar: „Þið vitið ekki, hvers þið biðjið. Getið þið drukkið þann kaleik, sem ég á að drekka?“ Þeir segja við hann: „Það getum við.“ 23Hann segir við þá: „Kaleik minn munuð þið drekka. En mitt er ekki að veita, hver situr mér til hægri handar eða vinstri. Það veitist þeim, sem það er fyrirbúið af föður mínum.“
2007: 22 Jesús svarar: „Þið vitið ekki hvers þið biðjið. Getið þið drukkið þann kaleik sem ég á að drekka?“ Þeir segja við hann: „Það getum við.“ 23 Hann segir við þá: „Kaleik minn munuð þið drekka en ég ræð því ekki hver situr mér til hægri handar eða vinstri. Það veitist þeim sem faðir minn hefur ákveðið.“

21:12

Guð fjarlægður

NT ODDS: Og Jesús gekk inn í **Guðs mustéri** og rak út alla seljendur og kaupendur í mustérinu, og borðum verslunarmanna og stólum þeirra, er dúfur seldu, hratt hann um
GUÐBRANDS: Og Jesús gekk inn í **Guðs musteri** og rak út alla seljendur og kaupendur í musterinu og borðum veslunarmanna og stólum þeirra er dúfur seldu hratt hann um
KJV: And Jesus went into the **temple of God**, and cast out all them that sold and bought in the temple, and overthrew the tables of the moneychangers, and the seats of them that sold doves,
NIV 1984: Jesus entered the **temple area** and drove out all who were buying and selling there. He overturned the tables of the money changers and the benches of those selling doves.
NIV 2011: Jesus entered the **temple courts** and drove out all who were buying and selling there. He overturned the tables of the money changers and the benches of those selling doves
1841: Þá fór Jesús inn í **musteri Guðs**, og rak þaðan út alla þá, sem seldu þar og keyptu; hann hratt og niður borðum þeirra, er með peninga okruðu, og stólum þeirra, er dúfur seldu,
1908: Og Jesús gekk inn i **helgidóm Guðs** og rak út alla, er seldu og keyptu helgidóminum, og hratt um borðum víxlaranna og stólum dúfnasalanna
1981: Þá gekk Jesús í **helgidóminn** og rak út alla, sem voru að selja þar og kaupa, hratt um borðum víxlaranna og stólum dúfnasalanna
2007: Þá gekk Jesús í **helgidóminn** og rak út alla sem voru að selja þar og kaupa, hratt um borðum víxlaranna og stólum dúfnasalanna

21:29

Iðrun fjarlægð

NT ODDS: En hann svaraði og sagði: Eigi vil eg. Eftir á **iðraði hann** þessa og gekk burt.
GUÐBRANDS: En hann svaraði: Eigi vil eg. Eftir á **iðraði hann** þessa og gekk burt.
KJV: He answered and said, I will not: but afterward he **repented**, and went.
NIV 1984: 'I will not,' he answered, but later he **changed his mind** and went.
NIV 2011: I will not,’ he answered, but later he **changed his mind** and went.
1841: en hann kvaðst hvörgi mundu fara; en eftir á **iðraðist hann** þess**,** og fór til verksins.
1908: En hann svaraði og sagði: Nei, eg vil ekki; en eftir á s**á hann sig um hönd** og fór.
1981: Hann svaraði: ‚Það vil ég ekki.‘ En eftir á **sá hann sig um hönd** og fór
2007: Hann svaraði: Það vil ég ekki. En eftir á **sá hann sig um hönd** og fór.

21:44

NT ODDS: En hver yfir þennan stein fellur, hann mun sundur myljast, en yfir hvern hann fellur, þann man hann sundur merja
Guðbrands: En hver yfir þennan stein fellur hann mun sundurmyljast en yfir hvern hann fellur þann mun hann sundurmerja.“
KJV: And whosoever shall fall on this stone shall be broken: but on whomsoever it shall fall, it will grind him to powder.
NIV 1984: He who falls on this stone will be broken to pieces, but he on whom it falls will be crushed.
NIV 2011:Anyone who falls on this stone will be broken to pieces; anyone on whom it falls will be crushed.”[a]
Some manuscripts do not have verse 44.
1841: Hvör hann fellur á stein þenna, mun sig slasa, en á hvörn að steinninn fellur, þann mun hann merja.
1908: Og hver sem fellur á stein þennan, mun sundurmolast, en þann sem hann fellur yfir, mun hann sundur merja.
1981: [Sá sem fellur á þennan stein mun sundur molast og þann sem hann fellur á mun hann sundur merja.]“[a]
[a]**Vantar í sum handrit**
2007: [Sá sem fellur á þennan stein mun sundur molast og þann sem hann fellur á mun hann sundur merja.]“[a]
[a]**Vantar í sum handrit**

22:7

NT ODDS: **En þá konungurinn heyrði það, varð hann reiður** og sendi út sinn her og fyrirfór þessum morðingjum og brenndi upp borg þeirra.
GUÐBRANDS: **En þá konungurinn heyrði það varð hann reiður** og sendi út sinn her og fyrirfór þessum
KJV: **But when the king heard thereof, he was wroth**: and he sent forth his armies, and destroyed those murderers, and burned up their city.
NIV 1984: **The king was enraged.** He sent his army and destroyed those murderers and burned their city.
NIV 2011: **The king was enraged**. He sent his army and destroyed those murderers and burned their city.
1841: **En er konungurinn heyrði þetta, varð hann reiður,** sendi lið sitt, og lét taka morðingja þessa af lífi, en brenna borg þeirra.
1908: **En konungurinn varð reiður,** sendi herlið sitt út og fyrirfór morðingjum þessmn og brendi upp borg þeirra.
1981: **Konungur reiddist**, sendi út her sinn og lét tortíma morðingjum þessum og brenna borg þeirra.
2007: **Konungur reiddist**, sendi út her sinn og lét tortíma morðingjum þessum og brenna borg þeirra.

22:30

Englar Guðs fjarlægðir
NT ODDS: Því að í upprisunni munu þeir hvorki kvænast né sig kvænast láta, heldur eru þeir sem **englar Guðs** á himni
GUÐBRANDS: Því að í upprisunni munu þeir hverki kvongast né sig kvonga láta heldur eru þeir sem **englar Guðs** á himni.
KJV: For in the resurrection they neither marry, nor are given in marriage, but are as the **angels of God** in heaven.
NIV 1984: At the resurrection people will neither marry nor be given in marriage; they will be like the **angels** in heaven.
NIV 2011: At the resurrection people will neither marry nor be given in marriage; they will be like the **angels** in heaven.
1841: því í öðru lífi munu hvörki karlar né konur giftast, heldur eru þeir eins og **englar Guðs** á himnum.
1908: því að í upprisunni munu menn hvorki kvænast né giftast, heldur eru þeir eins og **englar** á himni.
1981: Í upprisunni kvænast menn hvorki né giftast. Þeir eru sem **englar** á himni.
2007: Í upprisunni kvænast menn hvorki né giftast. Þeir eru sem **englar** á himni.

23:8

Kristur fjarlægður
NT ODDS: En þér skuluð eigi Rabbí kallast því að **einn er yðar meistari**, **Kristur**, en þér allir eruð bræður
GUÐBRANDS: En þér skuluð eigi rabbí kallast því að **einn er yðar meistari, Kristur,** en þér allir eruð bræður
KJV: But be not ye called Rabbi: for **one is your Master**, **even Christ**; and all ye are brethren

NIV 1984: "But you are not to be called 'Rabbi,' for you have only **one Master** and you are all brothers.
NIV 2011: “But you are not to be called ‘Rabbi,’ for you have **one Teacher**, and you are all brothers
1841: En þér skuluð ekki láta yður meistara kalla, **því einn er yðar meistari**, en þér eruð allir bræður.
1908: En þér skuluð eigi lála kalla yður »rabbí«, því að **einn er yðar meistari**; en þér allir eruð bræður.
1981: En þér skuluð ekki láta kalla yður meistara, því **einn er yðar meistari** og þér allir bræður.
2007: En þér skuluð ekki láta kalla yður meistara því **einn er yðar meistari** og þér öll bræður og systur.

23:14

Dómur Jesú Krists yfir fræðimönnum og hræsnurum sem nota trú að yfirskyni fjarlægður
NT ODDS: Vei yður skriftlærðum og farísei-is, þér hræsnarar, hverjir ekknahúsin upp etið með yfirhylmingu langra bæna. Fyrir það munu þér þess meiri fordæming öðlast
GUÐBRANDS: Vei yður skriftlærðum og Phariseis, þér hræsnarar! Hverjir ekknahúsin uppetið með yfirhylmingu langra bæna. Fyrir það munu þér þess meiri fordæming öðlast.
KJV: Woe unto you, scribes and Pharisees, hypocrites! for ye devour widows' houses, and for a pretence make long prayer: therefore ye shall receive the greater damnation.
NIV 1984: EKKI Í MEGINMÁLI
NIV 2011: EKKI Í MEGINMÁLI
Neðanmál segir: Some manuscripts include here words similar to Mark 12:40 and Luke 20:47.
1841: Vei yður skriftlærðum og faríseum! þér hræsnarar! sem læsið fyrir mönnum himnaríki, og hirðið sjálfir ekki um að inn-ganga í það; en leyfið heldur ekki inngöngu þeim, sem hennar leita
1908: EKKI Í MEGINMÁLI NÉ NEÐAN-MÁLI
1981: [Vei yður, fræðimenn og farísear, hræsnarar! Þér etið upp heimili ekkna og flytjið langar bænir að yfirskini. Þér munuð fá því þyngri dóm.] [a]
[a] Vantar í sum handrit
2007 [Vei yður, fræðimenn og farísear, hræsnarar! Þér flytjið langar bænir að yfir-skini og hlunnfarið ekkjur og hafið af þeim heimili þeirra. Þér munuð fá því þyngri dóm.] [b]
[b] Vantar í sum handrit

23:19

Jesús kallaði þá heimska og blinda
NT ODDS: Þér **heimskir og blindir**, hvort er meira offrið eða altarið það sem offrið helgar?
GUÐBRANDS: Þér **heimskir og blindir**, hvert er meira, offrið en altarið það sem of-frið helgar?
KJV: Ye **fools and blind**: for whether is greater, the gift, or the altar that sanctifieth the gift?
NIV 1984: You **blind men**! Which is greater: the gift, or the altar that makes the gift sacred?
NIV 2011: You **blind men**! Which is greater: the gift, or the altar that makes the gift sacred?
1841: **Þér heimskir og blindir**! hvört er þá meira vert, fórnin eður altarið, sem fórnina helgar?
1908: **Þér blindir**, því að hvorl er meira: fórnargjöfin eða allarið, sem helgar fórnar-gjöíina?
1981: **Blindu menn**, hvort er meira fórnin eða altarið, sem helgar fórnina?
2007: **Blindu menn**, hvort er meira fórnin eða altarið sem helgar fórnina?

23:33

NT ODDS: Þér **eiturormar** og nöðru kyn, hverninn umflýi þér **helvíska fyrirdæming**?
GUÐBRANDS: Þér **eiturormar** og nöðru-kyn, hvernin vilji þér umflýja **helvíska fyrir-dæming**?
KJV: Ye **serpents**, ye generation of vipers, how can ye escape the **damnation of hell**?
NIV 1984: "You **snakes**! You brood of vipers! How will you escape being condemned to hell?
NIV 2011: “You **snakes**! You brood of vipers! How will you escape being **condemned to hell**?
1841: Þér **höggormar**, þér nöðrukyn! hvörn-inn getið þér umflúið **helvítis straff**?
1908: Þér **höggormar**, þér nöðru-afkvæmi, hvernig ættuð þér að geta umflúið **dóm Gehenna**?

1981: **Höggormar** og nöðru kyn, hvernig fáið þér umflúið **helvítisdóm**
2007: **Höggormar** og nöðrukyn, hvernig fáið þér umflúið **helvítisdóm**?

24:7-8

Upphaf harmkvæla breytt í fæðingarhríðir
NT ODDS: 7 Þar man og ein þjóð hefja sig upp í mót annarri og ríki í mót ríki, **drepsóttir** og hungur og jarðskjálftar munu þar verða í sumum hverjum stöðum 8 En allt þetta eru **upphöf harmkvælanna**
GUÐBRANDS: Því að þar mun ein þjóð hefja sig upp í móti annarri og ríki í móti ríki. **Drepsóttir** og hungur og jarðskjálftar munu þar verða í ýmsum stöðum 8 en allt þetta eru **upphöf harmkvælanna.**
KJV: 7 For nation shall rise against nation, and kingdom against kingdom: and there shall be famines, and **pestilences**, and earthquakes, in divers places. 8 All these are the **beginning of sorrows.**
NIV 1984: 7 Nation will rise against nation, and kingdom against kingdom. There will be famines and earthquakes in various places. 8 All these are **the beginning of birth pains**.
NIV 2011: Nation will rise against nation, and kingdom against kingdom. There will be famines and earthquakes in various places. 8 All these are **the beginning of birth pain**s.
1841: 7 því ein þjóð mun rísa mót annarri, og eitt ríki mót öðru, þá mun og í ýmsum stöðum vera hallæri, **drepsótt** og jarðskjálftar. 8 **Þetta er byrjan eymdanna.**
1908: 7Því að þjóð mun rísa upp gegn þjóð og konungsríki gegn konungsríki. Bæði mun verða hungursneyð og landskjálftar á ýmsum stöðum 8 En all þetta er **upphaf hörmunganna**.
1981: 7 Þjóð mun rísa gegn þjóð og ríki gegn ríki, þá verður hungur og landskjálftar á ýmsum stöðum 8 Allt þetta er **upphaf fæðingarhríðanna**
2007: 7 Þjóð mun rísa gegn þjóð og ríki gegn ríki, þá verður hungur og landskjálftar á ýmsum stöðum 8 Allt þetta er **upphaf fæðingarhríðanna**.

24:36

Þeir bættu við "né sonurinn" 1908 en síðarmeir taka fram að viðbótin er ekki í öllum handritum. Þannig að hér eru þeir að leiðrétta sitt eigið klúður frekar en að fjarlægja það alfarið.
NT ODDS: En af þeim degi eður stundu veit enginn og ekki englar af himnum nema **minn Faðir** einnsaman
GUÐBRANDS: En af þeim degi eður stundu veit enginn og ekki englar á himnum nema **minn Faðir** einnsaman
KJV: But of that day and hour knoweth no man, no, not the angels of heaven, but **my Father** only.
NIV 1984: No one knows about that day or hour, not even the angels in heaven, **nor the Son**, but only **the Father**.
NIV 2011: "But about that day or hour no one knows, not even the angels in heaven, **nor the Son**,[f] but only **the Father**.
[f]Some manuscripts do not have nor the Son.
1841: En þann dag og tíma veit enginn fyrir, og ekki englar á himnum, nema **Faðirinn einn**.
1908: En um þennan dag og stund veit enginn, ekki einu sinni englarnir á himnum**, né sonurinn**, heldur aðeins **faðirinn einn**.
1981: En þann dag og stund veit enginn, hvorki englar á himnum **né sonurinn**,[a]enginn nema faðirinn einn.
[a]Orðin: „né sonurinn" vantar í sum handrit.
2007: En þann dag og stund veit enginn, hvorki englar á himnum **né sonurinn**,[a] enginn nema **faðirinn einn**.
[a]Orðin: „né sonurinn" vantar í sum handrit.

25:13

Koma Jesú Krists fjarlægð
NT ODDS: Fyrir því vakið að þér vitið eigi þann dag né stund, **á hverri mannsins Son mun koma**
GUÐBRANDS: Fyrir því vakið það þér vitið eigi þann dag og stund **á hverri mannsins Son mun koma.**
KJV: Watch therefore, for ye know neither the day nor the hour **wherein the Son of man cometh.**
NIV 1984: "Therefore keep watch, because you do not know the day or the hour.
NIV 2011: "Therefore keep watch, because you do not know the day or the hour.
1841: Verið þar fyrir vakandi, því þér vitið ekki daginn né stundina
1908: Vakið því, þar eð þér vilið eigi daginn né stundina.

1981: Vakið því, þér vitið ekki daginn né stundina.
2007: Vakið því, þér vitið ekki daginn né stundina.

25:31

Heilagir englar fjarlægðir
NT ODDS: En þá mannsins Son mun koma í sínu tignarveldi **og allir helgir englar** með honum, hann mun þá sitja í sæti síns veldis.
GUÐBRANDS: En þá mannsins Son mun koma í sínu tignarveldi **og allir helgir englar** með honum, hann mun þá sitja í sæti síns veldis
KJV: When the Son of man shall come in his glory, and **all the holy angels** with him, then shall he sit upon the throne of his glory:
NIV 1984: "When the Son of Man comes in his glory, and **all the angels** with him, he will sit on his throne in heavenly glory
NIV 2011: When the Son of Man comes in his glory, and **all the angels** with him, he will sit on his glorious throne.
1841: Þegar Mannsins Sonur kemur í dýrð sinni og **allir englar** með honum, þá mun hann sitja í sínu dýrðar hásæti,
1908: En er mannsins sonur kemur í dýrð sinni og **allir englarnir** með honum, þá mun hann sitja í hásæli dýrðar sinnar,
1981: 1Þegar Mannssonurinn kemur í dýrð sinni og **allir englar** með honum, þá mun hann sitja í dýrðarhásæti sínu.
2007: Þegar Mannssonurinn kemur í dýrð sinni og **allir englar** með honum, þá mun hann sitja í dýrðarhásæti sínu.

26:3

Skriftlærðir eða scribes fjarlægðir
NT ODDS: Þá saman söfnuðust kennimannahöfðingjar, **skriftlærðir** og öldungar lýðsins í forbyrgi kennimannahöfðingjans, þess er Kaífas hét,
GUÐBRANDS: Þá samansöfnuðust kennimannahöfðingjar, **skriftlærðir** og öldungar lýðsins í höll kennimannahöfðingjas, þess er Kaífas hét,
KJV: Then assembled together the chief priests, and **the scribes**, and the elders of the people, unto the palace of the high priest, who was called Caiaphas,
NIV 1984: Then the chief priests and the elders of the people assembled in the palace of the high priest, whose name was Caiaphas
NIV 2011: Then the chief priests and the elders of the people assembled in the palace of the high priest, whose name was Caiaphas,
1841: Um þetta bil komu saman þeir æðstu prestar **og skriftlærðir** og öldungar lýðsins í garði höfuðprestsins, er Kaífas hét,
1908: Þá söfnuðust saman æðstu prestarnir og öldungar lýðsins í höll æðsta prestsins, er Kaífas hét,
1981: Æðstu prestarnir og öldungar lýðsins söfnuðust nú saman í höll æðsta prestsins, er Kaífas hét,
2007: Æðstu prestarnir og öldungarnir söfnuðust nú saman í höll æðsta prestsins, er Kaífas hét,

26:28

Nýja testamentið fjarlægt, eða nýji sáttmálin við Guð
NT ODDS: Því að það er mitt blóð, **ens nýja testaments**, hvert eð úthellist fyrir marga til syndanna fyrirgefningar
GUÐBRANDS: Það er mitt blóð **ins nýja testamentis**, hvört eð úthellist fyrir marga til syndanna fyrirgefningar.
KJV: For this is my blood of **the new testament**, which is shed for many for the remission of sins.
NIV 1984: This is my blood of **the covenant**, which is poured out for many for the forgiveness of sins.
NIV 2011: This is my blood of **the**[b] **covenant**, which is poured out for many for the forgiveness of sins.
[b]Some manuscripts the new
Hér er Jesú að tala um að HANN verður að gera þau verk sem Faðir hans sendi hann til að gera. En nú er því breytt í fleirtölu, og jú þeir sem trúa eiga að gera þau verk sem hann gerði en Jesús er hér að tala um hvað honum ber að gera.
*Leiðrétting sem kom **2007** er svo falin í neðanmáli eða með öðrum orðum fullkomllega ómarktækt enginn predikari er að fara að notan neðanmálið í predikan.*
NT ODDS: **Mér byrjar að verka hans verk, þess mig sendi**, á meðan að dagur er. Nóttin kemur nær enginn fær verkað
GUÐBRANDS: **Mér byrjar að verka hans verk þess mig sendi** á meðan að dagur er. Nóttin kemur nær enginn fær verkað.
KJV: **I must work the works of him that sent me,** while it is day: the night cometh, when no man can work.
NIV 1984: As long as it is day, **we must do the work of him who sent me.** Night is coming, when no one can work.
NIV 2011: As long as it is day, **we must do the works of him who sent me**. Night is coming, when no one can work.
1841: **Mér ber að vinna verk þess, er mig sendi,** meðan dagur er; nóttin kemur, þá enginn getur unnið.
1908: **Oss ber að vinna verk þess er sendi mig,** meðan dagur er; það kemur nótt, þegar enginn getur unnið.
1981: Oss ber að vinna verk þess, er sendi mig, meðan dagur er. Það kemur nótt, þegar enginn getur unnið
2007: **Okkur[a] ber að vinna verk þess er sendi mig** meðan dagur er. Það kemur nótt þegar enginn getur unnið.
[a]Annar lesháttur mér

9:35

*Augljós ábending hér er að frelsun byggist á því að trúa að Jesú Kristur sé SONUR Guðs, og það sést hér að þýðing **1981** og **Niv 1984** eru í takt og eftir það fór sonur Guðs úr þessu versi og við tók manssonurinn.*
NT ODDS: Þá Jesús heyrði það að þeir höfðu hann út rekið og er hann fann hann, þá sagði hann til hans: **Trúir þú á Guðs Son?**
GUÐBRANDS: Þá Jesús heyrði það að þeir höfðu hann útrekið og er hann fann hann þá sagði hann til hans: **„Trúir þú á Guðs Son?“**
KJV: Jesus heard that they had cast him out; and when he had found him, he said unto him, **Dost thou believe on the Son of God?**
NIV 1984: Jesus heard that they had thrown him out, and when he found him, he said, **"Do you believe in the Son of Man?"**
NIV 2011: Jesus heard that they had thrown him out, and when he found him, he said, **“Do you believe in the Son of Man?”**
1841:Jesús heyrði að þeir hefðu rekið hann út, og er hann fann hann, sagði Jesús við hann: **trúir þú á Guðs Son?**
1908: Jesús frétti, að þeir liefðu rekið hann út, og er hann fann hann, sagði hann: **Trúir þú á Guðs son?**
1981: Jesús heyrði, að þeir hefðu rekið hann út. Hann fann hann og sagði við hann: „**Trúir þú á Mannssoninn?“**
2007: Jesús heyrði að þeir hefðu rekið hann út. Hann fann hann og sagði við hann**: „Trúir þú á Mannssoninn?**

10:26

Áhersla Jesú um að hann hafi sagt þeim þetta áður fjarlægð.
NT ODDS: en þér trúið eigi því að þér eruð ei af mínum sauðum. **Svo sem eg sagða yður**
GUÐBRANDS: En þér trúið eigi því að þér eruð eigi af mínum sauðum **so sem eg sagða yður.**
KJV: But ye believe not, because ye are not of my sheep, as **I said unto you.**
NIV 1984: but you do not believe because you are not my sheep.
NIV 2011: but you do not believe because you are not my sheep.

1841: en þér trúið ekki, því þér eruð ekki af mínum sauðum.
1908: En þér trúið ekki, því að þér eruð ekki af mínum sauðum.
1981: en þér trúið ekki, því að þér eruð ekki úr hópi sauða minna.
2007: en þér trúið ekki því að þér eruð ekki úr hópi sauða minna.

10:32

Mínum Föður fjarlægt.
NT ODDS: Jesús svaraði þeim þá: Mörg góð verk sýndi eg yður af **mínum Föður**. Fyrir hverra verka sakir þá vilji þér grýta mig?
GUÐBRANDS: Jesús svaraði þeim þá: „Mörg góðverk sýndi eg yður **af mínum Föður.** Fyrir hvers verks sakir þá vilji þér grýta mig?“
KJV: Jesus answered them, Many good works have I shewed you from **my Father**; for which of those works do ye stone me?
NIV 1984: but Jesus said to them, "I have shown you many great miracles **from the Father**. For which of these do you stone me?"
NIV 2011: but Jesus said to them, “I have shown you many good works from **the Father**. For which of these do you stone me?”
1841: Jesús sagði við þá: mörg góðverk sýnda eg yður **frá mínum Föður**, fyrir hvert af þessum verkum grýtið þér mig?
1908: Jesús svaraði þeim: Mörg góðverk sýndi eg yður **frá föðurnum**; fyrir hvert af þessum verkum grýtið þér mig?
1981: Jesús mælti við þá: „Ég hef sýnt yður mörg góð verk **frá föður mínum**. Fyrir hvert þeirra verka viljið þér grýta mig?“
2007: Jesús mælti: „Ég hef sýnt yður mörg góð verk frá **föður mínum**. Fyrir hvert þeirra verka viljið þér grýta mig?“

11:41

"af þeim stað sem hinn dauði var lagður" *Fjarlægt.*
NT ODDS: Þá tóku þeir steininn **ofan af þeim stað sem hinn dauði var í lagður.** En Jesús hóf þá sín augu upp og sagði: Faðir, eg þakka þér það þú heyrðir mig,
GUÐBRANDS: Þá tóku þeir steininn **af þeim stað sem hinn dauði var lagður.** En Jesús hóf þá sín augu upp og sagði: „Faðir, eg þakka þér það þú heyrðir mig.
KJV: Then they took away the stone **from the place where the dead was laid.** And Jesus lifted up his eyes, and said, Father, I thank thee that thou hast heard me.
NIV 1984: So they took away the stone. Then Jesus looked up and said, "Father, I thank you that you have heard me.
NIV 2011: So they took away the stone. Then Jesus looked up and said, “Father, I thank you that you have heard me.
1841:Þeir tóku þá steininn burt, en Jesús hóf upp sín augu og sagði: Faðir! eg þakka þér, að þú hefir bænheyrt mig
1908: Þeir tóku þá steininn burt, en Jesús hóf upp augu sín og mælti: Faðir, eg þakka þér, að þú hefir heyrt mig.
1981: Nú var steinninn tekinn frá. En Jesús hóf upp augu sín og mælti: „Faðir, ég þakka þér, að þú hefur bænheyrt mig.
2007: Nú var steinninn tekinn frá. En Jesús hóf upp augu sín og mælti: „Faðir, ég þakka þér að þú hefur bænheyrt mig

14:12

NT ODDS: Sannlega, sannlega segi eg yður: Hver hann trúir á mig, sá mun gjöra þau verk sem eg gjöri. Hann mun og gjöra þessum meiri því að **eg fer til míns Föðurs.**
GUÐBRANDS: Sannlega, sannlega segi eg yður: Hver hann trúir á mig sá mun gjöra þau verk sem eg gjöri. Hann mun og gjöra þessum meiri því að **eg fer til míns Föðurs**.
KJV: Verily, verily, I say unto you, He that believeth on me, the works that I do shall he do also; and greater works than these shall he do; because **I go unto my Father.**
NIV 1984: I tell you the truth, anyone who has faith in me will do what I have been doing. He will do even greater things than these, because **I am going to the Father.**
NIV 2011. Very truly I tell you, whoever believes in me will do the works I have been doing, and they will do even greater things than these, because I am going to **the Father**.
1841: 12 Sannlega, sannlega segi eg yður: sá, sem trúir á mig og svo hann mun gjöra þau verk, sem eg gjöri, og hann mun gjöra meiri verk enn þessi; 13 **því eg fer til míns Föðurs;**
1908: Sannlega, sannlega segi eg yður: sá sem trúir á mig, mun einnig gjöra þau vcrk, sem eg gjöri; og hann mun gjöra meiri verk en þessi, af **því að eg fer til föðurins;**

1981: Sannlega, sannlega segi ég yður: Sá sem trúir á mig, mun einnig gjöra þau verk, sem ég gjöri. Og hann mun gjöra meiri verk en þau, **því ég fer til föðurin**s.
2007: Sannlega, sannlega segi ég yður: Sá sem trúir á mig mun einnig gera þau verk sem ég geri. Og hann mun gera meiri verk en þau **því ég fer til föðurin**s

14:16

Heilagur Andi er Huggari eða Comforter, hann veitir umhyggju.
NT ODDS: Og eg mun biðja Föðurinn að hann gefibyður **annan Huggara**, þann er blífur með yður eilíflega,
GUÐBRANDS: Og eg mun biðja Föðurinn að hann gefi yður **annan Huggara**, þann er blífur með yður eilíflega,
KJV: And I will pray the Father, and he shall give you **another Comforter**, that he may abide with you for ever;
NIV 2011: And I will ask the Father, and he will give you **another advocate** to help you and be with you forever
1841: Og eg skal biðja Föðurinn og hann mun gefa yður **annan Meistara**, svo að hann sé hjá yður eilíflega,
1908: Og eg mun biðja föðurinn, og hann mun gefa yður **annan huggara**, til þess að hann sé hjá yður
1981: Ég mun biðja föðurinn, og hann mun gefa yður **annan hjálpara**, að hann sé hjá yður að eilífu
2007: Ég mun biðja föðurinn og hann mun gefa yður **annan hjálpara** sem verður hjá yður að eilífu,

14:26

NT ODDS: En **Huggarinn, hinn Heilagi Andi,** þann er minn Faðir mun senda yður í mínu nafni, hann sjálfur mun læra yður alla hluti og áminna yður á allt það hvað eg sagða yður.
GUÐBRANDS: En **Huggarinn, hinn Heilagi Andi,** þann er minn Faðir mun senda yður í mínu nafni, hann sjálfur mun læra yður alla hluti og áminna yður á allt hvað eg sagða yður.
KJV: But **the Comforter, which is the Holy Ghost,** whom the Father will send in my name, he shall teach you all things, and bring all things to your remembrance, whatsoever I have said unto you.
NIV 1984: But **the Counselor**, **the Holy Spirit**, whom the Father will send in my name, will teach you all things and will remind you of everything I have said to you.
NIV 2010: But **the Advocate, the Holy Spirit,** whom the Father will send in my name, will teach you all things and will remind you of everything I have said to you.
1841: en **Lærimeistarinn**, **sá heilagi Andi**, sem Faðirinn mun senda í mínu nafni, hann mun kenna yður allt og minna yður á allt sem eg hefi talað við yður.
1908: en **huggarinn**, **andinn heilagi**, sem faðirinn mun senda í mínu nafni, hann mun kenna yður alt, og minna yður á alt, sem eg hefi sagt yður.
1981: En **hjálparinn**, **andinn heilagi**, sem faðirinn mun senda í mínu nafni, mun kenna yður allt og minna yður á allt það, sem ég hef sagt yður.
2007: En **hjálparinn**, **andinn heilagi**, sem faðirinn mun senda í mínu nafni mun kenna yður allt og minna yður á allt það sem ég hef sagt yður.

16:16

Hér hvarf svo Faðirinn.
NT ODDS: Og innan skamms þá munu þér eigi sjá mig, og enn aftur innan skamms þá munu þér sjá mig **því að eg fer til Föðursins.**
GUÐBRANDS: Um lítinn tíma þá munu þér eigi sjá mig og enn aftur um lítinn tíma þá munu þér sjá mig **því að eg fer til Föðursins.**“
KJV: A little while, and ye shall not see me: and again, a little while, and ye shall see me, **because I go to the Father.**
NIV 1984: "In a little while you will see me no more, and then after a little while you will see me."
NIV 2011: Jesus went on to say, “In a little while you will see me no more, and then after a little while you will see me.”
1841: Stutta stund munuð þér ekki sjá mig og stutta stund munuð þér sjá mig aftur, **því eg fer til Föðursins**
1908: Innan skamms — og þér sjáið mig ekki, og aftur innan skamms — og þér munuð sjá mig!
1981: Innan skamms sjáið þér mig ekki lengur, og aftur innan skamms munuð þér sjá mig.“

2007: Innan skamms sjáið þér mig ekki lengur og aftur innan skamms munuð þér sjá mig.“

17:12

Í heiminum fjarlægt.

NT ODDS: **Á meðan eg var hjá þeim í heiminum,** þá geymdi eg þá í þínu nafni, hverja þú gaft mér, þá varðveitti eg, og enginn af þeim er glataður nema sá einn glatanar sonur svo að ritningin uppfylltist.

GUÐBRANDS: **Á meðan eg var hjá þeim í heiminum** þá geymdi eg þá í þínu nafni og hverja þú gafst mér
þá varðveitti eg og enginn af þeim er glataður nema sá einn glatanarson svo að ritningin uppfylldist.

KJV: **While I was with them in the world**, I kept them in thy name: those that thou gavest me I have kept, and none of them is lost, but the son of perdition; that the scripture might be fulfilled.

NIV 2011: **While I was with them**, I protected them and kept them safe by[a] that name you gave me. None has been lost except the one doomed to destruction so that Scripture would be fulfilled.

1841: **Meðan eg var hjá þeim í heiminum**, varðveitti eg þá í þínu nafni. Eg varðveitti þá, sem þú gafst mér og enginn þeirra týndist, nema sá glötunarsonur, svo að Ritningin rættist.

1908: **Þegar eg var hjá þeim**, varðveitti eg þá í þínu nafni, sem þú hefir gefið mér; og eg gætti þeirra, og enginn þeirra týndist, nema glötunar-sonurinn, til þess að ritningin skyldi rætast.

1981: **Meðan ég var hjá þeim,** varðveitti ég þá í nafni þínu, sem þú hefur gefið mér, og gætti þeirra, og enginn þeirra glataðist nema sonur glötunarinnar, svo að ritningin rættist.

2007: **Meðan ég var hjá þeim** varðveitti ég þá í nafni þínu sem þú hefur gefið mér, og gætti þeirra og enginn þeirra glataðist nema sonur glötunarinnar svo að ritningin rættist.

BREYTINGAR Á POSTULASÖGUNNI

2:23

NT ODDS: Þann sama (eftir það hann var af tilsettu ráði og Guðs fyrirhugsan ofurseldur) **hafi þér tekið hann** fyrir hendur ranglátra og krossfest hann og líflátið.
GUÐBRANDS: þann sama (eftir það hann var af tilsettu ráði og Guðs fyrirhugsan ofurseldur) **hafi þér tekið hann** fyrir hendur ranglátra og krossfest hann og líflátið
KJV: Him, being delivered by the determinate counsel and foreknowledge of God, **ye have taken**, and by wicked hands have crucified and slain
NIV 1984: This man was handed over to you by God's set purpose and foreknowledge; and you, with the help of wicked men, put him to death by nailing him to the cross.
NIV 2011: This man was handed over to you by God's deliberate plan and foreknowledge; and you, with the help of wicked men,put him to death by nailing him to the cross.
1841: hann hafið þér eftir Guðs ráðstöfun og fyrirrætlun ofurseldan, **tekið** og með höndum óguðlegra krossfest og aflífað.
1908: hann hafið þér, er hann var framseldur eftir fyrirhuguðu ráði Guðs og fyrirvitund, neglt á kross með höndum vondra manna og tekið af lífi
1981: Hann var framseldur að fyrirhuguðu ráði Guðs og fyrirvitund, og þér létuð heiðna menn negla hann á kross og tókuð hann af lífi.
2007: Hann fenguð þið framseldan eins og Guð vissi fyrir og felldi að áætlun sinni og þið létuð lögleysingja negla hann á kross og taka af lífi.

2:30

NT ODDS: Af því að hann var nú spámaður og vissi það að Guð hafði honum með eiði fyrirheitið **það frjóvgun hans lenda skyldi á hans stóli sitja,**
GUÐBRANDS: Af því að hann var nú spámaður og vissi það að Guð hafði honum með eiði fyrirheitið **það frjóvgun hans lenda skyldi á hans stóli sitja**
KJV: Therefore being a prophet, and knowing that God had sworn with an oath to him, that of the fruit of his loins, according to the flesh, **he would raise up Christ to sit on his throne;**
NIV 2011: But he was a prophet and knew that God had promised him on oath that **he would place one of his descendants on his throne.**
1841:n af því hann var spámaður, og vissi, að Guð hafði svarið honum, **að einn hans afkomenda skyldi sitja á hans konungsstóli**
1908: Af því að hann nú var spámaður, og vissi að Guð hafði með eiði svarið honum, **að setja í hásæti hans mann af ávexti lendar hans**
1981: En hann var spámaður og vissi, að Guð hafði með eiði heitið honum **að setja í hásæti hans einhvern niðja hans.**
2007: En hann var spámaður og vissi að Guð hafði með eiði heitið honum **að setja einhvern niðja hans í hásæti hans.**

2:31

Helvíti fjarlægt og Viðeyjarbiblía 1841 lýsir rétt þegar hún segir í dauðra ríki því að það er Hel, Helvíti hinsvegar á ekkert skylt með Hel eða dauðra ríki.
NT ODDS: hefir hann það áður fyrir séð og talað af Krists upprisu að hans sála sé eigi **í helvíti** forlátin og ei hafi hann rotnan séð.
GUÐBRANDS: hefur hann það áður fyrirséð og talað af Krists upprisu, að hans sála sé eigi **í helvíti** forlátin og eigi hafi hann rotnan séð.
KJV: He seeing this before spake of the resurrection of Christ, that his soul was not left **in hell**, neither his flesh did see corruption.
NIV 2011: Seeing what was to come, he spoke of the resurrection of the Messiah, that he was not abandoned **to the realm of the dead**, nor did his body see decay.
1841: talaði hann af forspá um upprisu Krists; því ekki varð hans sála **í dauðra ríki** eftirskilin og líkami hans sá ekki heldur rotnun
1908: sá hann það fyrir og talaði um upprisu Krists, því að hvorki var hann eftir skilinn **í helju**, og eigi heldur sá hold hans rotnun
1981: Því sá hann fyrir upprisu Krists og sagði: Ekki varð hann eftir skilinn **í helju**, og ekki varð líkami hans rotnun að bráð

2007: Því var það upprisa Krists sem hann sá fyrir þegar hann sagði: Ekki varð hann eftir skilinn **í helju** og ekki varð líkami hans rotnun að bráð.

2:38

Hér er iðrun breytt í sinnaskipti, en hér má taka fram að Oddur notar hér orðið yfirbót og það hefur bara eina merkingu sem er að bæta fyrir syndir. Og iðrun í þessu samhengi er að sjá eftir syndum sínum og fá þær fyrirgefnar. Þetta er eitt öflugasta vers sem til er til að fá fólk til að iðrast og taka við Jesú og það er algerlega búið að eyðuleggja það.
Þegar kemur að synd þá er ekki nóg að snúast hugur til að frelsast.
NT ODDS: Pétur sagði til þeirra: **Gjörið yfirbót** og hver yðar einn láti skíra sig í nafni Jesú Kristi til fyrirgefningar yðvarra synda, og þá munu þér meðtaka Heilags Anda gjöf.
GUÐBRANDS: Pétur sagði til þeirra: „**Gjörið yfirbót** og hver yðar einn láti skíra sig í nafni Jesú Christi til fyrirgefningar yðar synda. Þá munu þér meðtaka Heilags Anda gjöf.
KJV: Then Peter said unto them, **Repent**, and be baptized every one of you in the name of Jesus Christ for the remission of sins, and ye shall receive the gift of the Holy Ghost.
NIV 2011: Peter replied, "**Repent** and be baptized, every one of you, in the name of Jesus Christ for the forgiveness of your sins. And you will receive the gift of the Holy Spirit.
1841: góðir menn og bræður! Pétur sagði þá til þeirra: **takið sinnaskipti**, og hvör yðar láti skíra sig til nafns Jesú Krists, til fyrirgefningar syndanna, þá munuð þér öðlast gjöf heilags Anda
1908: En Pétur sagði við þá: **Gjörið iðrun** og sérhver yðar láti skírast í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar, og þér munuð öðlast gjöf heilags anda;
1981: „Pétur sagði við þá: **Gjörið iðrun** og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar; þá munuð þér öðlast að gjöf heilagan anda."
2007: Pétur sagði við þá: „**Takið sinnaskiptum** og látið skírast í nafni Jesú Krists svo að þið öðlist fyrirgefningu syndanna og gjöf heilags anda.

3:11

NT ODDS: **En sem þessi hinn halti, er heilbrigður var vorðinn,** hélt sig að Pétri og Jóni, hljóp allt fólkið til þeirra í það forbyrgi sem heitir Salamonis, undrandi þetta
GUÐBRANDS: **En sem þessi hinn halti heilbrigður var orðinn** hélt sig að Pétri og Johanne hljóp allt fólkið til þeirra í það forbyrgi sem heitir Salomonis, undrandi þetta.
KJV: **And as the lame man which was healed held Peter and John,** all the people ran together unto them in the porch that is called Solomon's, greatly wondering.
NIV 1984: **While the beggar held on to Peter and John,** all the people were astonished and came running to them in the place called Solomon's Colonnade.
NIV 2011: **While the man held on to Peter and John,** all the people were astonished and came running to them in the place called Solomon's Colonnade.
1841: **Nú sem hinn halti hélt sér til Péturs og Jóhannesar,** flykktist til þeirra allur lýðurinn í gangrúm það, sem kennt er við Salómon, og var felmtsfullur.
1908: **En er hann hélt sér að Pétri og Jóhannesi,** flyktist alt fólkið forviða til þeirra í súlnagöngin, sem kend eru við Salómon.
1981: **Hann hélt sér að Pétri og Jóhannesi,** og þá flykktist allt fólkið furðu lostið til þeirra í súlnagöngin, sem kennd eru við Salómon.
2007: **Maðurinn hélt sér að Pétri og Jóhannesi** og þá flykktist allt fólkið furðu lostið til þeirra í súlnagöngin sem kennd eru við Salómon.

3:22

NT ODDS: Því að **Moyses hefir sagt til feðranna**: Spámann mun Guð, Drottinn yðar, upp vekja yður út af bræðrum yðar, mér líkan. Honum skulu þér heyra og öllu því er hann mun segja til yðar.
GUBRANDS: Því að **Moyses hefir sagt til feðranna**: Spámann mun Guð Drottinn yðar uppvekja yður út af bræðrum yðar mér líkan. Hann skulu þér heyra og öllu því er hann mun segja til yðar.
KJV: For **Moses truly said unto the fathers,** A prophet shall the Lord your God raise up unto you of your brethren, like unto me; him shall ye hear in all things whatsoever he shall say unto you.

NIV 1984: For **Moses said**, 'The Lord your God will raise up for you a prophet like me from among your own people; you must listen to everything he tells you.
NIV 2011: For **Moses said**, ‘The Lord your God will raise up for you a prophet like me from among your own people; you must listen to everything he tells you
1841: Þannin hefir **Móses sagt til feðranna**: „Spámann mun Drottinn Guð yðar uppvekja yður af bræðrum yðar, eins og mig; gegnið honum í öllu, er hann segir yður;
1908: **Móse hefir sagt**: Spámann mim drottinn Guð uppuekja yður af bræðrum yðar eins og mig. Hlýðið honum i öllu, er hann talar til yðar.
1981: **Móse sagði**: ‚Spámann mun Drottinn, Guð yðar, uppvekja yður af bræðrum yðar eins og mig. Á hann skuluð þér hlýða í öllu, er hann talar til yðar. .
2007: **Móse sagði**: Spámann líkan mér mun Drottinn, Guð ykkar, kalla fram úr hópi bræðra ykkar. Á hann skuluð þið hlýða í öllu er hann talar til ykkar.

3:26

Nafn Jesú fjarlægt og hann er kallaður þjónn ekki sonur.
NT ODDS: **Yður þá hefir Guð upp vaktan sinn Son Jesúm** og hefir hann til yðar sent yður að blessa svo að hver yðar einn snerist í frá sinni illsku.
GUÐBRANDS: **Yður þá hefur Guð uppvaktan sinn Son Jesúm** og hefir hann til yðar sent yður að blessa svo að hver yðar einn snerist í frá sinni illsku.“
KJV: **Unto you first God, having raised up his Son Jesus**, sent him to bless you, in turning away every one of you from his iniquities.
NIV 1984: **When God raised up his servant,** he sent him first to you to bless you by turning each of you from your wicked ways."
NIV 2011: **When God raised up his servant**, he sent him first to you to bless you by turning each of you from your wicked ways.”
1841: **Yður sendi Guð fyrstum Son sinn, þá hann uppvakti hann**, til þess hann skyldi yður blessa með því að snúa sérhvörjum yðar frá sinni illsku.
1908: **Fyrir yður hefir Guð fyrst uppvakið þjón sinn,** og hefir sent hann, til þess að blessa yður, með því að hver og einn yðar snúi sér frá illverkum sínum.
1981: **Guð hefur reist upp þjón sinn** og sent hann yður fyrst til að blessa yður og snúa hverjum yðar frá vondri breytni sinni
2007: **Guð hefur reist upp þjón sinn** og sent hann fyrst til ykkar til að blessa ykkur og snúa hverju ykkar frá vondri breytni sinni.

4:24

Guð fjarlægður úr bæninni
NT ODDS: Þá þeir heyrðu það, hófu þeir upp með einum huga sína rödd til Guðs og sögðu: **Þú Drottinn sem ert sá Guð** er gjörðir himin og jörð**,** sjóinn og alla hluti, hverjir í þeim eru,
GUÐBRANDS: Þá þeir heyrðu það hófu þeir upp með einum huga sína rödd til Guðs og sögðu: „**Þú Drottinn sem ert sá Guð** er gjörðir himin og jörð**,** sjóinn og alla hluti hverjir í þeim eru
KJV: And when they heard that, they lifted up their voice to God with one accord, and said, **Lord, thou art God,** which hast made heaven, and earth, and the sea, and all that in them is:
NIV 1984: When they heard this, they raised their voices together in prayer to God. **"Sovereign Lord,"** they said, "you made he heaven and the earth and the sea, and everything in them.
NIV 2011: When they heard this, they raised their voices together in prayer to God. **“Sovereign Lord,”** they said, “you made the heavens and the earth and the sea, and everything in them.
1841: Þegar þeir heyrðu það, hófu þeir samhuga raust sína til Guðs og sögðu: **Drottinn, þú ert sá Guð,** sem gjört hefir himininn og jörðina og sjóinn og allt hvað í þeim er;
1908: En þegar þeir heyrðu það, hófu þeir með einum huga raust sína til Guðs og sögðu: **Herra, þ**ú ert sá, sem gjört hefir himininn og jörðina og hafið og alt, sem i þeim er
1981: Þegar þeir heyrðu það, hófu þeir einum huga raust sína til Guðs og sögðu: „**Herra,** þú sem gjörðir himin, jörð og haf og allt, sem í þeim er,
2007: Þegar þeir heyrðu það hófu þeir einum huga raust sína til Guðs og sögðu: **„Drottinn,** þú sem gerðir himin, jörð og haf og allt sem í þeim er,

4:27

Og hér er Jesús aftur gerður að þjóni en ekki syni Guðs

NT ODDS: Því að sennilega komu þeir til samans í þessari borg í gegn þínum **heilaga syni**, **Jesú**, þann þú smurt hafðir, Heródes og pontverskur Pílatus samt öðrum heiðingjum og Ísraels fólk

GUÐBRANDS: Því sennilega komu þeir til samans í þessari borg í gegn þínum **heilaga syni Jesú** þann þú smurt hafðir, Heródes og pontverskur Pílatus samt öðrum heiðingjum og Ísraelsfólki

KJV: For of a truth against **thy holy child Jesus**, whom thou hast anointed, both Herod, and Pontius Pilate, with the Gentiles, and the people of Israel, were gathered together,

NIV 1984: ndeed Herod and Pontius Pilate met together with the Gentiles and the people of Israel in this city to conspire against your **holy servant Jesus**, whom you anointed.

NIV 2011: Indeed Herod and Pontius Pilate met together with the Gentiles and the people of Israel in this city to conspire against your **holy servant Jesus**, whom you anointed

1841: Því sannarlega risu upp í borg þessari Heródes og Pontíus Pílatus, ásamt heiðnum þjóðum og Ísraelslýð, móti þínu **heilaga barni Jesú**, hvörn þú hafðir smurt

1908: Því að sannarlega tóku sig saman í borg þessari gegn hinum **heilaga þjóni þínum Jesú**, er þú smurðir, þeir Heródes og Pontíus Pílatus, ásamt heiðingjunum og lýðum ísraels

1981: Því að sannarlega söfnuðust saman í borg þessari gegn hinum **heilaga þjóni þínum**, **Jesú**, er þú smurðir, þeir Heródes og Pontíus Pílatus ásamt heiðingjunum og lýðum Ísraels

2007 Því að sannarlega söfnuðust þeir saman í þessari borg, Heródes og Pontíus Pílatus ásamt Gyðingum og heiðingjunum, gegn hinum **heilaga þjóni þínum**, **Jesú**, er þú smurðir.

4:30

Sama og 4:27

NT ODDS: og rétt út þína hönd svo að þar ske teikn, heilsur manna, stórmerki fyrir nafn þíns **heilaga Sonar**, **Jesú**.

GUÐBRANDS: og rétt út þína hönd so að þar ske teikn, heilsur manna og stórmerki fyrir nafn þíns **heilags sonar Jesú.**“

KJV: By stretching forth thine hand to heal; and that signs and wonders may be done by the name of thy **holy child Jesus**.

NIV 2011: Stretch out your hand to heal and perform signs and wonders through the name of your **holy servant Jesus**.”

1841: útrétt þar til þína hönd, að ske megi lækningar, tákn og stórmerki í nafni þíns **heilaga barns Jesú**!

1908: er þú réttir út hönd þína til lækninga, og til þess að tákn og undur verði fyrir nafn þíns **heilaga þjóns Jesú**.

1981: Rétt þú út hönd þína til að lækna og lát tákn og undur verða fyrir nafn **þíns heilaga þjóns**, **Jesú**.

2007: Rétt þú út hönd þína til að lækna og lát tákn og undur verða fyrir nafn **Jesú**, **þíns heilaga þjóns**.“

6:3

Heilagur Andi fjarlægður

NT ODDS: Fyrir því, góðir bræður, skyggnist um yðar í milli eftir þeim sjö mönnum sem gott mannorð hafa **og fullir eru með visku og Helgan Anda,** hverja vér megum skikka yfir þessa nauðsyn

GUÐBRANDS: Fyrir því, góðir bræður, skyggnist um yðar í milli eftir þeim sjö mönnum sem gott mannorð hafa **og fullir eru með visku og Helgan Anda** hverja vér megum skikka yfir þessa nauðsyn

KJV: Wherefore, brethren, look ye out among you seven men of honest report, **full of the Holy Ghost and wisdom**, whom we may appoint over this business.

NIV 1984: Brothers, choose seven men from among you who are known to be **full of the Spirit and wisdom.** We will turn this responsibility over to them

NIV 2011: Brothers and sisters, choose seven men from among you who are known to be **full of the Spirit and wisdom**. We will turn this responsibility over to them

1841: Skyggnist því, bræður! eftir sjö mönnum vel ræmdum yður á meðal, **sem fullir séu af heilögum Anda og vísdómi, s**vo vér getum falið þeim á hendur þessa nauðsyn;

1908: Komið því, bræður, auga á sjö vel kynta menn í yðar hóp, **sem fullir eru af**

anda og vizku, og munum vér setja þá yfir þetta starf;
1981: Finnið því, bræður, sjö vel kynnta menn úr yðar hópi, **sem fullir eru anda og visku**. Munum vér setja þá yfir þetta starf.
2007: Finnið því, systkin, sjö vel kynnta menn úr ykkar hópi **sem fullir eru anda og visku**. Munum við setja þá yfir þetta starf.

6:8

Ekki breyting endilega en sýnir sérstöðu KJV, það er tvennt ólíkt að vera fullur af trú og fullur af náð. Bæði góðir hlutir en ekki sami hluturinn.
NT ODDS: En Stefanus, **fullur af náð og styrkleika**, tók að gjöra stórmerki og tákn mikil meðal fólksins.
GUÐBRANDS: En Stephanus, **fullur af náð og styrkleika**, tók að gjöra stórmerki og tákn mikil meðal fólksins.
KJV: And Stephen, **full of faith and power**, did great wonders and miracles among the people.
NIV 2011: Now Stephen, a **man full of God's grace and power**, performed great wonders and signs among the people.
1841: En Stefán, **fullur af náð og krafti,** gjörði tákn og stórmerki meðal fólksins.
1908: En Stefán gjörði, **fullur af náð og krafti,** undur og tákn mikil meðal fólksins
1981: Stefán var **fullur af náð og krafti** og gjörði undur og tákn mikil meðal fólksins.
2007: Stefán var **fullur af náð og krafti** og gerði undur og tákn mikil meðal fólksins.

7:30

NT ODDS: Og að fullkomnuðum fjörutíu árum birtist honum í eyðimörku á fjallinu Sínaí **engill Drottins** í eldsloga í rjóðrinu.
GUÐBRANDS: Og að fullkomnuðum fjörutígir árum birtist honum í eyðimörkinni á fjallinu Sínaí **engill Drottins** í eldsloga í rjóðrinu.
KJV: And when forty years were expired, there appeared to him in the wilderness of mount Sina **an angel of the Lord** in a flame of fire in a bush
NIV 1984: "After forty years had passed, **an angel** appeared to Moses in the flames of a burning bush in the desert near Mount Sinai.
NIV 2011: After forty years had passed, **an angel** appeared to Moses in the flames of a burning bush in the desert near Mount Sinai.
1841: Að fjörutíu árum liðnum birtist honum í eyðimörku Sínaífjalls, **engill Drottins** í eldsloga á þyrnirunni.
1908: Og að fjörutíu árum liðnum birtist honum **engill** í eyðimörku Sínaí-fjalls, í eldsloga í runni.
1981: Að fjörutíu árum liðnum ,birtist honum **engill** í eyðimörk Sínaífjalls í logandi þyrnirunna.‘
2007: Að fjörutíu árum liðnum birtist honum **engill** í eyðimörk Sínaífjalls í logandi þyrnirunna.

7:37

honum skulu þér heyra, fjarlægt
NT ODDS: Þessi er og sá Moyses sem sagði til Ísraels sona: Spámann mun **Guð** upp vekja yður af bræðrum yðar líkan mér, **honum skulu þér heyra**
GUÐBRANDS: Þessi er og sá Moyses sem sagði til Ísraelssona: Spámann mun **Guð** uppvekja yður af bræðrum yðar líkan mér. **Honum skulu þér heyra.**
KJV: This is that Moses, which said unto the children of Israel, A prophet shall **the Lord your God** raise up unto you of your brethren, like unto me; **him shall ye hear**.
NIV 1984: "This is that Moses who told the Israelites, **'God** will send you a prophet like me from your own people.'
NIV 2011: “This is the Moses who told the Israelites, ‘**God** will raise up for you a prophet like me from your own people
1841: Þetta er sá Móses, sem sagði Ísraelsniðjum: „Spámann mun **Drottinn Guð** uppvekja yður af bræðrum yðar, eins og mig, **gegnið honum**.“
1908: 7 Þella er sá Móse, sem sagði við sonu ísraels: Spámann mun **Guð** uppvekja yður af brœðrum yðar, líkan mér.
1981: Þessi er sá Móse, sem sagði við Ísraelsmenn: ‚Spámann eins og mig mun **Guð** upp vekja yður, einn af bræðrum yðar.‘
2007: þessi sami Móse sem sagði við Ísraelsmenn: Spámann eins og mig mun **Guð** láta koma fram úr hópi ættmenna ykkar.

8:22

Iðrun fjarlægð
NT ODDS: **Fyrir því gjör iðran fyrir þessa þína illsku** og bið Guð um ef verða mætti að þér fyrirgefist þessi hugsan þíns hjarta

GUÐBRANDS: **Fyrir því gjör iðran fyrir þessa þína illsku** og bið Guð um ef verða mætti að þér fyrirgefist þessi hugsan þíns hjarta
KJV: **Repent therefore of this thy wickedness,** and pray God, if perhaps the thought of thine heart may be forgiven thee.
NIV 1984: **Repent of this wickedness** and pray to the Lord. Perhaps he will forgive you for having such a thought in your heart
NIV 2011: **Repent of this wickedness and pray to the Lord** in the hope that he may forgive you for having such a thought in your heart.
1841: **Aflegðu því þessa þína vonsku** og bið Drottin, ef þér kynni fyrirgefast þetta þitt vonda hugarfar;
1908: **Snú því huga þínum frá þessari ilsku þinni,** og nið drottin, ef þér kynni að fyrirgefast hugsun hjarta þíns;
1981: **Snú því huga þínum frá þessari illsku þinni** og bið Drottin, að þér mætti fyrirgefast hugsun hjarta þíns,
2007: **Snú því huga þínum frá þessari illsku þinn**i og bið Drottin að hann mætti fyrirgefa þér það sem þú hafðir í huga

8:37

Vers sem inniheldur allt guðspjallið fjarlægt eða dregið í efa.
NT ODDS: En Filippo sagði: Ef þú trúir af öllu hjarta, þá hæfir það. Hann svaraði og sagði: Eg trúi að Jesús Kristur sé Guðs sonur.
GUÐBRANDS: En Philippus sagði: „Ef þú trúir af öllu hjarta þá hæfir það.“ Hann svaraði og sagði: „Eg trúi að Jesús Christus sé Guðs sonur.“
KJV: And Philip said, If thou believest with all thine heart, thou mayest. And he answered and said, I believe that Jesus Christ is the Son of God.
NIV 1984: EKKI Í MEGINMÁLI
NIV 2011: EKKI Í MEGINMÁLI
Er fjarlægt og sett í neðanmál eins og gert er í nútíma útgáfum af biblíunni hérlendis.
1841: og hann bauð að stöðva vagninn,
1908: EKKI Í MEGINMÁLI
1981: FJARLÆGT ÚR MEGINMÁLI[a]
[a]Sum handrit hafa vers 37: Filippus sagði: „Ef þú trúir af öllu hjarta, er það heimilt.“ Hirðmaðurinn svaraði honum: „Ég trúi að Jesús Kristur sé sonur Guðs.
2007: [Filippus sagði: „Ef þú trúir af öllu hjarta er það heimilt.“ Hirðmaðurinn svaraði honum: „Ég trúi að Jesús Kristur sé sonur Guðs.“][a]
[a]Vantar í sum handrit

9:5

Endir á versinu og Drottinn fjarlægður.
NT ODDS: En hann sagði: Hver ertu, lávarður? **Drottinn sagði**: Eg em Jesús, hvern þú ofsækir. **Hart er þér að bakspyrna í mót broddunum**
GUÐBRANDS: En hann sagði: „Hver ertu, lávarður?“ **Drottinn sagði**: „Eg em Jesús hvern þú ofsækir. **Hart er þér að bakspyrna mót broddunum.“**
KJV: And he said, Who art thou, Lord? **And the Lord said**, I am Jesus whom thou persecutest: it **is hard for thee to kick against the pricks.**
NIV 1984: Who are you, Lord?" Saul asked. 6 I am Jesus, whom you are persecuting," he replied.
NIV 2011: Who are you, Lord?” Saul asked “I am Jesus, whom you are persecuting,” he replied.
1841: hann ansaði: Herra! hvör ert þú? **Drottinn svaraði**: eg er Jesús, hvörn þú ofsækir.
1908: En hann sagði: Hver ert þú, herra? **Og hann sagði**: Eg er Jesús, sem þú ofsækir.
1981: En hann sagði: „Hver ert þú, herra?“ **Þá var svarað**: „Ég er Jesús, sem þú ofsækir.
2007: En hann sagði: „Hver ert þú, Drottinn?“ **Þá var svarað**: „Ég er Jesús sem þú ofsækir.

9:6

Byrjunin á versinu fjarlægð
NT ODDS: **En hann, skjálfandi og felmsfullur, sagði: Drottinn, hvað viltu að eg gjöri? Drottinn sagði til hans:** Statt upp og gakk inn í borgina, og þar mun þér sagt verða hvað þér byrjar að gjöra.
GUÐBRANDS: **En hann skjálfandi og felmsfullur sagði: „Drottinn, hvað viltu eg gjöri?“ Drottinn sagði til hans:** „Statt upp og gakk inn í borgina og þar mun þér sagt verða hvað þér byrjar að gjöra.“
KJV: **And he trembling and astonished said, Lord, what wilt thou have me to do? And the Lord said unto him,** Arise, and go

into the city, and it shall be told thee what thou must do.
NIV 1984: "Now get up and go into the city, and you will be told what you must do."
NIV 2011: “Now get up and go into the city, and you will be told what you must do.”
1841: En statt upp og gakk inn í borgina, þar skal þér verða sagt hvað þér ber að gjöra.
1908: En statt upp og gakk inn í borgina, og þér mun verða sagt, hvað þú átt að gjöra.
1981: En statt upp og gakk inn í borgina, og þér mun verða sagt, hvað þú átt að gjöra.“
2007: En statt upp og gakk inn í borgina og þér mun verða sagt hvað þú átt að gera.“

9:29

Þeir vildu lífláta hann vegna þess að hann predikaði Jesú Krist.
NT ODDS: **og predikaði nafn Drottins Jesú trúlegana.** Þá tók hann að tala og heyja spurningar við hina girsku, en þeir leituðu við að lífláta hann.
GUÐBRANDS: **og prédikaði nafn Drottins Jesú trúlegana.** Þá tók hann að tala og heyja spurningar við hina gírsku en þeir leituðu við að lífláta hann
KJV: **And he spake boldly in the name of the Lord Jesus**, and disputed against the Grecians: but they went about to slay him.
NIV 1984: He talked and debated with the Grecian Jews, but they tried to kill him.
NIV 2011: He talked and debated with the Hellenistic Jews, but they tried to kill him.
1841: Sérílagi átti hann þrætur og orðastað við Grikki, en þeir áformuðu að ráða hann af dögum;
1908: Og hann talaði bæði og þráttaði við Hellenistana, en þeir höfðu með höndum að ráða hann af dögum
1981: Hann talaði og háði kappræður við grískumælandi Gyðinga, en þeir leituðust við að ráða hann af dögum.
2007: Hann talaði og háði kappræður við grískumælandi Gyðinga en þeir leituðust við að ráða hann af dögum.

9:31

Það sem sést ekki í nýrri útgáfum er að Heilagur Andi er Huggari, Comforter, það má segja að hann uppörvi eða hvetji, en grunnurinn að því öllu saman er HUGGUN.

NT ODDS: Og svo hafði söfnuðurinn að sönnu frið um allt Júdeam og Galíleam og Samaríam, hresstust upp og gengu í ótta Drottins **og margfölduðust í huggan Heilags Anda**
GUÐBRANDS: Og so hafði söfnuðurinn að sönnu frið um allt Judeam og Galileam og Samariam, hresstust upp og gengu í ótta Drottins **og margfölduðust í huggun Heilags Anda**
KJV: Then had the churches rest throughout all Judaea and Galilee and Samaria, and were edified; and walking in the fear of the Lord, **and in the comfort of the Holy Ghost, were multiplied.**
NIV 1984: Then the church throughout Judea, Galilee and Samaria enjoyed a time of peace. It was strengthened; and **encouraged by the Holy Spirit,** it grew in numbers, living in the fear of the Lord.
NIV 2011: Then the church throughout Judea, Galilee and Samaria enjoyed a time of peace and was strengthened. Living in the fear of the Lord **and encouraged by the Holy Spirit**, it increased in numbers.
1841: Nú höfðu söfnuðirnir frið um allt Júdaland og Galíleu og Samaríu, efldust og gengu fram í ótta Drottins, **fullir af huggun heilags Anda.**
1908: Nú hafði söfnuðurinn frið um alla Júdeu og Galíleu og Samaríu, uppbygður og framgangandi í ótta drottins, **og jókst við uppörvun heilags anda.**
1981: Nú hafði kirkjan frið um alla Júdeu, Galíleu og Samaríu. Hún byggðist upp og gekk fram í ótta Drottins og **óx við styrkingu heilags anda**
2007: Nú hafði kirkjan frið um alla Júdeu, Galíleu og Samaríu. Hún byggðist upp og lifði í guðsótta og **óx við örvun og styrk heilags anda.**

10:6

NT ODDS: Hann herbergjar hjá Símoni, sútara einum, hvers hús að leggur við sjóinn. **Hann mun segja þér hvað þér byrjar að gjöra.**
GUÐBRANDS: Hann herbergjar hjá Símoni, sútara einum, hvers hús að liggur við sjóinn. **Hann mun segja þér hvað þér byrjar að gjöra.“**
KJV: He lodgeth with one Simon a tanner, whose house is by the sea side: **he shall tell thee what thou oughtest to do.**

NIV 1984: He is staying with Simon the tanner, whose house is by the sea."
NIV 2011: He is staying with Simon the tanner, whose house is by the sea."
1841: og gistir hjá sútara nokkrum Símoni, hvörs hús liggur við sjóinn.
1908: hann gistir hjá Símoni nokkurum sútara, sem á hús við sjóinn.
1981: Hann gistir hjá Símoni nokkrum sútara, sem á hús við sjóinn."
2007: Hann gistir hjá Símoni nokkrum sútara sem á hús við sjóinn."

10:21

NT ODDS: Þá sté Pétur ofan **til þeirra manna, sem sendir voru til hans frá Kornelio,** og sagði: Sjáið, eg em þann sami þér spyrjið að. Hver efni eru til þess að þér eruð hér komnir?
GUÐBRANDS: Þá sté Pétur ofan **til þeirra manna sem voru sendir til hans frá Cornelio** og sagði: „Sjáið, eg em þann sami þér spyrjið að. Hver efni eru til þess að þér eruð hér komnir?"
KJV: Then Peter went down to the **men which were sent unto him from Cornelius**; and said, Behold, I am he whom ye seek: what is the cause wherefore ye are come?
NIV 1984: Peter went down **and said to the men,** "I'm the one you're looking for. Why have you come?"
NIV 2011: Peter went down **and said to the men**, "I'm the one you're looking for. Why have you come?"
1841: Pétur **gekk þá niður til mannanna** og sagði: sjáið! eg er sá, sem þér spyrjið að; hvörs erindis komið þér?
1908: En Pétur **gekk niður til mannanna** og sagði: Sjá, eg er sá, sem þér leitið að. Hvers vegna eruð þér hér koinnir?
1981: Pétur **gekk þá niður til mannanna** og sagði**:** „Ég er sá sem þér leitið að. Hvers vegna eruð þér komnir hér?"
2007: Pétur **gekk þá niður til mannanna** og sagði: „Ég er sá sem þið leitið að. Hvers vegna eruð þið komnir hingað

10:30

Kornelíus FASTAÐI
NT ODDS: Kornelius sagði: **Í fjóra daga hefi eg fastað** allt til þessarar stundar. Og um (níundu) stund sem eg baðst fyrir í mínu húsi, og sjá, þá stóð maður fram fyrir mér í skínanda klæði
KJV: And Cornelius said, **Four days ago I was fasting until this hour;** and at the ninth hour I prayed in my house, and, behold, a man stood before me in bright clothing,
NIV 2011: Cornelius answered: "Three days ago I was in my house praying at this hour, at three in the afternoon. Suddenly a man in shining clothes stood before me
1841: Kornelíus svaraði: **frá fjórða degi hér frá til þessarar stundar fastaði eg,** og um níundu stundu baðst eg fyrir í húsi mínu; þá skeði það, að maður stóð frammi fyrir mér í skínandi klæðum, og sagði:
1908: Og Kornelíus mælti: Fyrir réttum fjórum dögum var eg að biðjast fyrir, um niundu stund, í húsi mínu, og sjá, maður stóð frammi fyrir mér í skinandi klæðum
1981: Kornelíus mælti: „Í þetta mund fyrir fjórum dögum var ég að biðjast fyrir að nóni í húsi mínu. Þá stóð maður frammi fyrir mér í skínandi klæðum
2007: Kornelíus mælti: „Í þetta mund fyrir fjórum dögum var ég að biðjast fyrir að nóni í húsi mínu. Þá stóð maður frammi fyrir mér í skínandi klæðum

10:32

NT ODDS: Af því send þú til Joppen og lát kalla Símon, þann auknefndur er Petrus. Hann herbergjar í húsi Símonar sútara við sjóinn. **Því þá hann kemur, mun hann tala fyrir þér**
GUÐBRANDS: Af því send þú til Joppen og lát kalla Símon þann auknefndur er Petrus. Hann herbergjar í húsi Símonar sútara við sjóinn. **Því þá hann kemur mun hann tala fyrir þér**
KJV: Send therefore to Joppa, and call hither Simon, whose surname is Peter; he is lodged in the house of one Simon a tanner by the sea side: **who, when he cometh, shall speak unto thee.**
NIV 1984: Send to Joppa for Simon who is called Peter. He is a guest in the home of Simon the tanner, who lives by the sea
NIV 2011 Send to Joppa for Simon who is called Peter. He is a guest in the home of Simon the tanner, who lives by the sea.
1841: Sendú því til Joppe og láttú kalla hingað Símon, er kallast Pétur, er gistir í húsi Símonar sútara við sjóinn; **þá hann kemur, mun hann fræða þig.**

1908: Nú skalt þú senda menn til Joppe og boða á fund þinn Símon, að viðurnefni Pétur, hann gistir í húsi Símonar sútara við sjóinn
1981: Nú skalt þú senda til Joppe eftir Símoni, er kallast Pétur. Hann gistir í húsi Símonar sútara við sjóinn.‘
2007: Nú skalt þú senda til Joppe eftir Símoni er kallast Pétur. Hann gistir í húsi Símonar sútara við sjóinn.

14:17

Fyllt OKKAR hjörtu ekki ykkar
NT ODDS: Og þó að sönnu hefir hann eigi forlátið sjálfan sig án vitnisburðar þá hann veitir gott og gefur oss dögg af himni og frjósama tíma, **uppfyllandi vor hjörtu** með fæðslu og fagnað.
GUÐBRANDS: og þó að sönnu hefur hann eigi forlátið sjálfan sig án vitnisburðar þá hann veitir gott og gefur oss dögg af himni og frjófsama tíma, **uppfyllandi vor hjörtu** með fæðslu og fagnaði.“
KJV: Nevertheless he left not himself without witness, in that he did good, and gave us rain from heaven, and fruitful seasons, **filling our hearts** with food and gladness.
NIV 1984: Yet he has not left himself without testimony: He has shown kindness by giving you rain from heaven and crops in their seasons; he provides you with plenty of food and **fills your hearts** with joy."
NIV 2011: Yet he has not left himself without testimony: He has shown kindness by giving you rain from heaven and crops in their seasons; he provides you with plenty of food and **fills your hearts** with joy.”
1841: þó hann aldrei hafi látið sig án vitnisburðar, þar eð hann hvervetna gjörði yður gott, veitti regn af himnum og frjóvsamar árstíðir, og mettaði yður með fæðu og fögnuði.
1908: og þó hefir hann ekki látið sjálfan sig án vitnisburðar, þar sem hann gjörði gott, og gaf yður regn af himnum og frjóvsamar árstíðir, og **fylti hjörtu yðar** fæðu og fögnuði.
1981: En þó hefur hann vitnað um sjálfan sig með velgjörðum sínum. Hann hefur gefið yður regn af himni og uppskerutíðir. Hann hefur veitt yður fæðu og **fyllt hjörtu yðar** gleði.“
2007: En þó hefur hann vitnað um sjálfan sig með velgjörðum sínum. Hann hefur gefið ykkur regn af himni og uppskerutíðir. Hann hefur veitt ykkur fæðu og **fyllt hjörtu ykkar** gleði.“

15:11

Kristur fjarlægður
NT ODDS: heldur trúum vér að frelsast **fyrir náð Drottins vors Jesú Kristi** með sama hætti og þeir.
GUÐBRANDS: Heldur trúum vér að frelsast **fyrir náð Drottins Jesú Christi** með sama hætti og þeir.“
KJV: But we believe that through the **grace of the Lord Jesus Christ** we shall be saved, even as they.
NIV 1984: No! We believe it is through **the grace of our Lord Jesus** that we are saved, just as they are."
NIV 2011: No! We believe it is through the **grace of our Lord Jesus** that we are saved, just as they are.”
1841: Vér trúum þó því, að vér verðum hólpnir **fyrir náð Drottins Jesú**, eins og þeir.
1908: En vér trúum því, að vér verðum hólpnir **fyrir náðina drottins Jesú** á sama hátt og þeir.
1981: Vér trúum þó því, að vér verðum hólpnir **fyrir náð Drottins Jesú** á sama hátt og þeir.“
2007: Við trúum þó því að við verðum hólpnir **fyrir náð Drottins Jesú** á sama hátt og þeir.“

15:18

Guð fjarlægður
NT ODDS: Guði eru öll sín verk kunnig frá veraldar upphafi.
GUÐBRANDS: Guði eru öll sín verk kunnig í frá veraldar upphafi.
KJV: Known unto God are all his works from the beginning of the world.
NIV 1984: that have been known for ages.
NIV 2011: things known from long ago[c]
[c] Some manuscripts things’— / 18 the Lord’s work is known to him from long ago
1841: Þetta segir Guð, sá eð hefir framkvæmt þetta *Þetta vers ætti að vera 17 en í Viðeyjarbiblíu er vers 17 stytt og 18 endirinn á því, þannig að vers 18 er í raun ekki í Viðeyjarbiblíu*
1908: sem kunnugt er frá eilífð.
1981: kunnugt frá eilífð.
2007: kunnugt frá eilífð.

15:24

Endirinn styttur rækilega

NT ODDS: með því að vér höfum heyrt að nokkrir af oss eru út gengnir sem hafa sturlað yður með orðum og flekkað andir yðrar, **bjóðandi yður að umskerast og lögmálið að halda, hverjum vér höfum ekki slíkt boðið.**

GUÐBRANDS: Með því að vér höfum heyrt að nokkrir af oss eru útgengnir sem hafa sturlað yður með orðum og flekkað andir yðrar, **bjóðandi yður að umskerast og lögmálið að halda, hverjum vér höfum ekki slíkt**

KJV: Forasmuch as we have heard, that certain which went out from us have troubled you with words, subverting your souls, **saying, Ye must be circumcised, and keep the law: to whom we gave no such commandment:**

NIV 1984: We have heard that some went out from us without our authorization and disturbed you, **troubling your minds by what they said.**

NIV 2011: We have heard that some went out from us without our authorization and disturbed you, **troubling your minds by what they said**

1841: Þar eð vér höfum heyrt, að nokkrir, er frá oss hafa farið, hafi óróað yður með orðum sínum og truflað yðar samviskur, **með því að segja, að þér eigið að umskerast og halda lögmálið, hvörjum vér höfum ekkert slíkt boðið;**

1908: Með því að vér höfum heyrt að nokkurir, er út hafa gengið frá oss, hafi óróað yður með orðum sínum og truflað sálir yðar, **án þess að vér hefðum þeim neitt um hoðið,**

1981: Vér höfum heyrt, að nokkrir frá oss hafi óróað yður með orðum sínum og komið róti á hugi yðar, **án þess vér hefðum þeim neitt um boðið.**

2007: Vér höfum heyrt að nokkrir frá oss hafi óróað yður með orðum sínum og komið róti á hugi yðar **án þess vér hefðum þeim neitt um boðið.**

16:31

Furðanlega þá er Viðeyjarbiblía að koma best út hér, en Kristur hefur ekki sést síðan þá.

NT ODDS: En þeir sögðu: Trú þú á **Drottin Jesúm**, svo verður þú hólpinn og þitt hús.

GUÐBRANDS: En þeir sögðu: „Trú þú á **Drottin Jesúm**, so verður þú hólpinn og þitt hús.“

KJV: And they said, Believe on the **Lord Jesus Christ**, and thou shalt be saved, and thy house.

NIV 2011: They replied, “Believe in the **Lord Jesus**, and you will be saved—you and your household.”

1841: þeir sögðu: trúðú á **Drottin Jesúm Krist**, þá verður þú hólpinn og þitt hús

1908: En þeir sögðu: Trú þú á **drottin Jesúm**, og þú munt verða hólpinn og heimili þitt.

1981: En þeir sögðu: Trú þú á **Drottin Jesú**, og þú munt verða hólpinn og heimili þitt.

2007: En þeir sögðu: „Trú þú á **Drottin Jesú** og þú munt verða hólpinn og heimili þitt.“

15:34

NT ODDS: en Síla leist á að vera þar

GUÐBRANDS: En Sila leist á að vera þar.

KJV: Notwithstanding it pleased Silas to abide there still.

NIV 1984: EKKI Í MEGINMÁLI

NIV 2011: EKKI Í MEGINMÁLI

Some manuscripts include here But Silas decided to remain there.

1841: En Sílasi leist að vera þar eftir.

1908: EKKI Í MEGINMÁLI

1981: EKKI Í MEGINMÁLI

[a] Sum handrit hafa vers 34: En Sílas ákvað að vera þar um kyrrt.

2007: EKKI Í MEGINMÁLI

[a] Sum handrit hafa vers 34: En Sílas ákvað að vera þar um kyrrt.

15:40

Guðs náð breytt í Drottin

NT ODDS: En Páll kjöri sér Sílam og var af bræðrunum **Guðs náð** bífalaður.

GUÐBRANDS: en Páll kjöri sér Silam og var af bræðrunum **Guðs náð** bífalaður.

KJV: And Paul chose Silas, and departed, being recommended by the brethren unto the **grace of God.**

NIV 1984: but Paul chose Silas and left, commended by the brothers to **the grace of the Lord.**

1841: Já, lát mig njóta þess, bróðir! að þú ert orðinn **Drottins**; endurnær hjarta mitt **fyrir Krists** skuld.
1908: Já, bróðir, unn mér gagns af þér í drotni, endurnær hjarta **mitt í Kristi**.
1981: Já, bróðir, unn mér gagns af þér vegna **Drottins**, endurnær hjarta mitt **sakir Krists**.
2007: Já, bróðir, unn mér gagns af þér vegna **Drottins**, endurnær hjarta mitt **sakir Krists**.

1:25

NT ODDS: Náð vors Drottins Jesú Kristi sé með yðrum anda. **AMEN**.
GUÐBRANDS: Náð vors Drottins Jesú Christi sé með yðrum anda. **A M E N.**
KJV: he grace of our Lord Jesus Christ be with your spirit. **Amen**.
NIV 1984: The grace of the Lord Jesus Christ be with your spirit.
NIV 2011: The grace of the Lord Jesus Christ be with your spirit.
1841: Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yðar anda.
1908: Náðin drottins vors Jesú Krists sé með anda yðar. **Amen**.
1981: Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með anda yðar.
2007: Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með anda yðar.

BREYTINGAR Á HEBREABRÉFINU

1:3

Áherslan að Jesús einsamall hreinsaði syndir okkar fjarlægð

NT ODDS: hver helst (með því hann er ljómi hans dýrðar og ímynd hans staðfestu) að ber alla hluti með orði síns kraftar **og gjörir hreinsan vorra synda fyrir sig sjálfan**, sett sig til hægri handar tigninni á hæðunum**,**

GUÐBRANDS: Hver helst (með því hann er ljómi hans dýrðar og ímynd hans staðfestu) að ber alla hluti með orði síns kraftar **og gjörir hreinsan vorra synda fyrir sig sjálfan**, setti sig til hægri handar Tigninni á hæðunum

KJV: Who being the brightness of his glory, and the express image of his person, and upholding all things by the word of his power, **when he had by himself purged our sins**, sat down on the right hand of the Majesty on high**:**

NIV 1984: The Son is the radiance of God's glory and the exact representation of his being, sustaining all things by his powerful word. **After he had provided purification for sins**, he sat down at the right hand of the Majesty in heaven.

NIV 2011: The Son is the radiance of God's glory and the exact representation of his being, sustaining all things by his powerful word. **After he had provided purification for sins**, he sat down at the right hand of the Majesty in heaven.

1841: hvör, af því hann er geisli hans dýrðar og eftirmynd hans veru, sem öllu stjórnar með sínu kröftuga orði, þá settist hann til hægri hliðar guðlegri hátign á hæðum, **eftir það hann með dauða sínum hafði hreinsa oss frá syndunum,**

1908: Hann sem er ljómi dýrðar hans og ímynd veru hans, og ber alt með orði máttar síns; hann settist, **er hann hafði hreinsun gjört syndanna,** til hægri handar hátigninni á hæðum,

1981: Hann, sem er ljómi dýrðar hans og ímynd veru hans og ber allt með orði máttar síns, **hreinsaði oss af syndum vorum** og settist til hægri handar hátigninni á hæðum.

2007: Hann, sem er ljómi dýrðar hans og ímynd veru hans og ber allt með orði máttar síns, **hreinsaði okkur af syndum okkar** og settist til hægri handar hátigninni á hæðum.

1:7 *Englar Guðs gerðir að vindi*

NT ODDS: Af englunum segir hann að sönnu: **Sína engla gjörir hann anda** og sína þénara eldsloga.

GUÐBRANDS: Af englunum segir hann að sönnu: „**Sína engla gjörir hann anda** og sína þénara eldsloga.“

KJV: And of the angels he saith, Who **maketh his angels spirits**, and his ministers a flame of fire.

NIV 1984: In speaking of the angels he says, "**He makes his angels winds**, his servants flames of fire."

NIV 2011: In speaking of the angels he says,“**He makes his angels spirits**, and his servants flames of fire.”

1841: En um englana verður svo að orði kveðið: **sína engla brúkar hann**, **sem vinda** og sína þjóna sem eldingar.

1908: Og um englana segir hann: Hann sem **gjörir engla sina vinda** og þjóna sína eldsloga

1981: Og um englana segir hann: Hann sem **gjörir engla sína að vindum** og þjóna sína að eldslogum.

2007: og um englana segir hann: Hann sem **gerir engla sína að vindum** og þjóna sína að eldslogum

2:7 *Endirinn dregin í efa*

NT ODDS: Litla stund hefir þú hann englanna þarfnast látið. Með dýrð og heiðri kórónaðir þú hann **og settir hann yfir verk þinna handa.**

GUÐBRANDS: Litla stund hefur þú hann englana þarnast látið. Með dýrð og heiðri kórónaðir þú hann **og settir**
hann yfir verk þinna handa

KJV: Thou madest him a little lower than the angels; thou crownedst him with glory and honour, **and didst set him over the works of thy hands**

NIV 2011: You made them a little lower than the angels; you crowned them with glory and honor

1841: Um stundarsakir gjörðir þú hann englunum óæðri, með vegsemd og heiðri

krýndir þú hann **og settir hann yfir verk þinna handa.**
1908: *Litlu einu hefir þú gjört hann englunum lægri. Þú hefir krýnt hann dýrð og heiðri. Og þú hefir skipað hann yfir verk handa þinna*
1981: Skamma stundb gjörðir þú hann englunum lægri. Þú hefur krýnt hann vegsemd og heiðri. Og þú hefur skipað hann yfir verk handa þinna.[c]
[c]Orðin: „Og þú hefur skipað hann yfir verk handa þinna“ vantar í sum handrit.
2007: Skamma stund [gerðir þú hann englunum lægri. Þú hefur krýnt hann vegsemd og heiðri. Og þú hefur skipað hann yfir verk handa þinna.[c]
[c]Orðin: „Og þú hefur skipað hann yfir verk handa þinna“ vantar í sum handrit.

3:1

Kristur fjarlægður og 2007 segir vinir en ekki bræður
NT ODDS: Hvar af þér, heilagir bræður, hverjir hluttakarar eruð þeirrar himneskrar kallanar, gefið gætur að þeim sendiboða og biskupi, þann vér viðurkennum, **Kristum Jesúm**
GUÐBRANDS: Hvar af þér heilagir bræður, hverjir hluttakarar eruð þeirrar himneskrar kallanar, gefið gætur að þeim sendiboða og biskupi þann vér viðurkennum, **Jesúm Christum**,
KJV: Wherefore, holy brethren, partakers of the heavenly calling, consider the Apostle and High Priest of our profession, **Christ Jesus**;
NIV 2011: therefore, holy brothers and sisters, who share in the heavenly calling, fix your thoughts on **Jesus**, whom we acknowledge as our apostle and high pries
NIV 1984: Therefore, holy brothers, who share in the heavenly calling, fix your thoughts on **Jesus**, the apostle and high priest whom we confess.
1841: Þess vegna, þér, heilögu bræður! sem hluttakandi eruð orðnir þeirrar himnesku köllunar, gefið gætur að **Jesú Kristi**, postula og æðsta presti vorrar játningar,
1908: Bræður heilagir! Þér skuluð þess vegna, sem hluttakar himneskrar köllunar, gefa gætur að postula og æðsta presti játningar vorrar, **Jesú**,
1981: Bræður heilagir! Þér eruð hluttakar himneskrar köllunar. Gefið því gætur að **Jesú**, postula og æðsta presti játningar vorrar
2007: **Helguðu vinir** sem hafið fengið köllun til himinsins. Horfið til **Jesú**, postula og æðsta prests þeirrar trúar sem við játum.

6:2 *Skírnir eru á undanhaldi*

NT ODDS: **skírnarinnar**, lærdómsins, handauppleggingunnar, upprisunnar framliðinna, eilíflegs dóms).
GUÐBRANDS: **skírnarinnar**, lærdómsins handa uppleggingunnar, upprisunnar framliðinna, eilífs dóms.
KJV: Of the **doctrine of baptisms**, and of laying on of hands, and of resurrection of the dead, and of eternal judgment.
NIV 1984: **instruction about baptisms**, the laying on of hands, the resurrection of the dead, and eternal judgment.
NIV 2011: **instruction about cleansing rite**s, [a] the laying on of hands, the resurrection of the dead, and eternal judgment.
[a] Or about baptisms
1841: um trúna á Guð, um **lærdóm skírnarinnar**, handanna uppáleggingu, upprisu hinna dauðu og þann eilífa dóm.
1908: kenningar-grundvöll **um skínir**, handayfrlagningar, upprisu dauðra og eilífan dóm
1981: Vér förum ekki að byrja aftur á undirstöðuatriðum eins og afturhvarfi frá dauðum verkum og trú á Guð, kenningunni **um skírnir**[n] og handayfirlagningar, upprisu dauðra og eilífan dóm.
[b]Orðrétt: hreinsanir.
2007: kenningunni **um skírnir**[c] og handayfirlagningar, upprisu dauðra og eilífan dóm.
[c]Orðrétt: hreinsanir.

6:4

Það er ómögulegt fyrir þá sem hafa frelsast að snúa frá því
NT ODDS: **Því að það er ómögulegt** að hinu sömu sem eitt sinn uppbirtir eru og smakkað hafa himneska gáfu og hluttakarar eru vorðnir Heilags And
GUÐBRANDS: **Því að það er ómögulegt** að hinir sömu sem eitt sinn uppbirtir eru og smakkað hafa himneska gáfu og hluttakarar eru vorðnir Heilags Anda
KJV: **For it is impossible** for those who were once enlightened, and have tasted of the

heavenly gift, and were made partakers of the Holy Ghost,
NIV 1984: **It is impossible** for those who have once been enlightened, who have tasted the heavenly gift, who have shared in the Holy Spirit,
NIV 2011: **It is impossible** for those who have once been enlightened, who have tasted the heavenly gift, who have shared in the Holy Spirit,
1841: **Því það er ómögulegt,** að þeir, sem eitt sinn eru orðnir upplýstir, og hafa fengið smekk á þeirri himnesku gáfu og hluttakandi eru orðnir hins heilaga Anda
1908: **Því að það er ómögulegt**, að þeir sem eitt sinn eru orðnir upplýstir og hafa smakkað hina himnesku gjöf, og liafa orðið hluttakar heilags anda,
1981: Ef menn eru eitt sinn orðnir upplýstir og hafa smakkað hina himnesku gjöf, fengið hlutdeild í heilögum anda
2007: Ef menn hafa eitt sinn verið upplýstir og notið hinnar himnesku gjafar, fengið hlutdeild í heilögum anda

7:21

Tilvísun í Melkísedek sem er í Genesis 14:18-20 fjarlægð
NT ODDS: Því að hinir eru án eiðs kennimenn vorðnir, en þessi meður eiði fyrir þann sem til hans sagði: Drottinn svór, og það mun eigi iðra hann: **Þú ert kennimaður að eilífu eftir skikkan Melkísedek**
GUÐBRANDS: Því að hinir eru án eiðs kennimenn vorðnir en þessi meður eiði fyrir þann sem til hans sagði: „Drottinn sór og það mun eigi iðra hann: **Þú ert kennimaður að eilífu eftir skikkan Melkísedek.“**
KJV: (For those priests were made without an oath; but this with an oath by him that said unto him, The Lord sware and will not repent, **Thou art a priest for ever after the order of Melchisedec:)**
NIV 1984: 1but he became a priest with an oath when God said to him: "The Lord has sworn and will not change his mind: 'You are a priest forever.' "
NIV 2011: but he became a priest with an oath when God said to him: “The Lord has sworn and will not change his mind: ‘You are a priest forever.’”
1841: Aðrir urðu kennimenn eiðlaust
1908: því að hinir liafa prestar orðið án eiðs, en hann með eiði frá þeim, er við hann sagði: Drotliim sór, og ekki num hann iðra þess: þú ert prestar að eilifu;
1981: en hann með eiði, þegar Guð sagði við hann: „Drottinn sór, og ekki mun hann iðra þess: Þú ert prestur að eilífu.“
2007: en hann með eiði þegar Guð sagði við hann: „Drottinn sór og hann mun ekki iðra þess: Þú ert prestur að eilífu.“

8:12

Ranglæti, unrighteousness fjarlægt
NT ODDS: Því að eg mun líknsamur vera þeirra **afgjörðum**, og **syndir** þeirra og **ranglæti** vil eg eigi í minni leggja
GUÐBRANDS: Því að eg mun líknsamur vera þeirra **afgjörðum** og **syndir** þeirra og **ranglæti** vil eg ekki í minni leggja.
KJV: For I will be merciful to their **unrighteousness**, and their **sins** and their **iniquities** will I remember no more.
NIV 1984: For I will forgive their **wickedness** and will remember their **sins** no more."
NIV 2011: For I will forgive their **wickedness** and will remember their **sins** no more.”
1841: Því eg mun vera vægur við þeirra **yfirtroðslu** og ekki framar minnast **synda** þeirra og **boðorða brota**.
1908: Því að eg ímm vera vœgur við **misgjörðir** þeirra, og eg mun alls ekki framar minnast **synda** þeirra.
1981: Því að ég mun vera vægur við **misgjörðir** þeirra og ég mun ekki framar minnast **synda** þeirra.
2007: Því að ég mun taka vægt á **misgjörðum** þeirra og mun ekki framar minnast **synda** þeirra.

10:9

Guð fjarlægður
NT ODDS: Þá sagði hann: Sjá, það eg kem að gjöra, **Guð**, **þinn vilja**. Þar af tekur hann hið fyrra svo að hann inn setji hitt annað
GUÐBRANDS: þá sagði hann: „Sjá, eg kem að gjöra, **Guð**, **þinn vilja**.“ Þar af tekur hann hið fyrra so að hann innsetti hið annað.
KJV: Then said he, Lo, I come to do thy **will, O God.** He taketh away the first, that he may establish the second.
NIV 1984: Then he said, "Here I am, I have come to **do your will**." He sets aside the first to establish the second.

NIV 2011: Then he said, “Here I am, I have come to do **your will**.” He sets aside the first to establish the second.
1841: Þá segir hann: sjá! eg kem að gjöra **þinn vilja**; hann burttekur það fyrra til að staðfesta það síðara.
1908: þá hefir hann síðan sagt: Sjá, eg er kominn til að gjöra **vilja þinn**; liann tekur burt hið fyrra, til þess að staðfesla hið síðara.
1981: Síðan segir hann: „Sjá, ég er kominn til að gjöra **vilja þinn**.“ Hann tekur burt hið fyrra til þess að staðfesta hið síðara.
2007: Síðan segir hann: „Sjá, ég er kominn til að gera **vilja þinn**.“ Hann afnemur hið fyrra og staðfestir hið síðara.

10:30 *Segir Drottinn fjarlægt*

NT ODDS:Því að vér vitum þann sem segir: Mín er hefndin, eg man aftur gjalda, **segir Drottinn**. Og enn annað sinn: Drottinn mun dæma fólk sitt.
GUÐBRANDS: Því að vér vitum þann sem segir: „Mín er hefndin, eg mun aftur gjalda, **segir Drottinn**.“ Og enn annað sinn: „Drottinn mun dæma sitt fólk.“
KJV: For we know him that hath said, Vengeance belongeth unto me, I will recompense, **saith the Lord**. And again, The Lord shall judge his people.
NIV 1984: For we know him who said, "It is mine to avenge; I will repay," and again, "The Lord will judge his people
NIV 2011: For we know him who said, “It is mine to avenge; I will repay,” and again, “The Lord will judge his people.”
1841: Því vér vitum hvör sagt hefir: það er mitt að hefna, eg vil endurgjalda, **segir Drottinn**, og enn aftur: Drottinn mun dæma sitt fólk
1908: Því að vér þekkjum þann, er sagt hefir: Min er hefndin, eg mun endurgjalda. Og í annan stað: Drottinn mun dœma Igð sinn
1981: Vér þekkjum þann, er sagt hefur: „Mín er hefndin, ég mun endurgjalda.“ Og á öðrum stað: „Drottinn mun dæma lýð sinn.“
2007: Við þekkjum þann er sagt hefur: „Mín er hefndin, ég mun endurgjalda.“ Og á öðrum stað: „Drottinn mun dæma lýð sinn.“

10:34

Himnar fjarlægðir

NT ODDS: Því að þér hafið sampínst mínum böndum og ræning yðvarra auðæfa með fagnaði umliðið, vitandi yður að hafa með sjálfum yður **aðra betri og blífanlegri fasteign á himnum.**
GUÐBRANDS: Því að þér hafið sampínst mínum böndum og ræning yðvara auðæfa með fagnaði umliðið, vitandi yður að hafa með sjálfum yður **aðra betri og blífanlegri fasta eign á himnum.**
KJV: For ye had compassion of me in my bonds, and took joyfully the spoiling of your goods, knowing in yourselves that ye have **in heaven a better and an enduring substance.**
NIV 1984: You sympathized with those in prison and joyfully accepted the confiscation of your property, **because you knew that you yourselves had better and lasting possessions.**
NIV 2011: You suffered along with those in prison and joyfully accepted the confiscation of your property, because you knew **that you yourselves had better and lasting possessions**
1841: Því þér höfðuð sampíningu með þeim föngnu og tókuð með gleði móti missir fjármuna yðvarra, af því þér vissuð, **að þér áttuð betri og varanlegri fjársjóð á himnum.**
1908: Því var það og, að þér sampíndust bandingjunum, og tókuð því með gleði, er þér voruð rændir fjármunum yðar, með því að þér vissuð**, að þér áttuð sjálfir betvi eign og varanlega**
1981: Þér þjáðust með bandingjum, og tókuð því með gleði, er þér voruð rændir eignum yðar, því að þér vissuð, **að þér áttuð sjálfir betri eign og varanlega.**
2007: Þið þjáðust með bandingjum og tókuð því með gleði er þið voruð rænd eignum ykkar því að þið vissuð **að þið áttuð sjálf betri eign og varanlega.**

11:37

Þeim var freistað sást bara í meginmálinu 1908 eða biblíu 20. Aldar og svo bara í neðanmáli

NT ODDS: og steinum grýttir, skammhöggnir, í gegnum stungnir, fyrir sverði vegnir. Þeir eð um hafa farið í sauðafeldum og geitskinnum með eymdum, með harmkvælum, með ómaki,
GUÐBRANDS: Þeir eru steinum grýttir, skammhöggnir, í gegnumstungnir, fyrir sverði vegnir. Þeir eð um hafa farið í

sauðafeldum og geitskinnum, með eymdum, með harmkvælum, með ómaki,
KJV:They were stoned, they were sawn asunder, **were tempted**, were slain with the sword: they wandered about in sheepskins and goatskins; being destitute, afflicted, tormented;
NIV 1984: They were stoned ; they were sawed in two; they were put to death by the sword. They went about in sheepskins and goatskins, destitute, persecuted and mistreated--
NIV 2011: They were put to death by stoning;[e] they were sawed in two; they were killed by the sword. They went about in sheepskins and goatskins, destitute, persecuted and mistreated
1841: (voru grýttir, sagaðir, freistaðir, líflátnir með sverði og þeir, hvörra heimurinn var ekki verður, fóru um kring í sauða- og geitaskinnum við skort, þrengingar og misþyrmingar)
1908: Þeir voru grýttir, þeir voru sagaðir í sundur, þeirra var **freistað**, þeir biðu bana fyrir sverði. Þeir ráfuð í gærum og geilskinnum, alls vana, aðþrengdir og illa haldnir. —
1981: Þeir voru grýttir, sagaðir í sundur,[a] höggnir með sverði. Þeir ráfuðu í gærum og geitskinnum, alls vana, aðþrengdir og illa haldnir
[a]**Sum handrit bæta við orðunum: „þeirra var freistað“**.
2007: Þeir voru grýttir, sagaðir í sundur,[b] höggnir með sverði. Þeir ráfuðu í gærum og geitaskinnum, alls vana, aðþrengdir og illa haldnir.
[b]**Sum handrit bæta við orðunum: „þeirra var freistað“.**

12:20

eða með skeyti í hel skotið verða. fjarlægt
NT ODDS: Því að þeir kunnu eigi það að standast hvað þar var sagt. Og ef skógdýr snyrti fjallið, þá skyldi það steinum grýtast **eða með skeyti í hel skotið verða.**
GUÐBRANDS: Og ef skógdýr snart fjallið þá skyldi það steinum grýtast **eða með skeyti í hel skotið verða.**
KJV: (For they could not endure that which was commanded, And if so much as a beast touch the mountain, it shall be stoned, **or thrust through with a dart:**
NIV 1984: because they could not bear what was commanded: "If even an animal touches the mountain, it must be stoned."
NIV 2011: because they could not bear what was commanded: “If even an animal touches the mountain, it must be stoned to death.
1841: (því þeir stóðust ekki þá skipun, að jafnvel eitt dýr skyldi grýtast ef það snerti við fjallinu,
1908: því að þeir þoldu ekki það, sem fyrir var skipað: Þó að það sé ekki nema dýr, sem kemur við fjallið, skal það grýtt verða.
1981: Því að þeir þoldu ekki það, sem fyrir var skipað: „Þó að það sé ekki nema skepna, sem kemur við fjallið, skal hún grýtt verða.“
2007: Því að þeir þoldu ekki það sem fyrir var skipað: „Þó að það sé ekki nema skepna, sem snertir fjallið, skal hún grýtt verða.“

13:16 *Guð er ánægður, breytt í þóknað*

NT ODDS: Gott að gjöra og með að skipta þá forgleymið ekki því að slíkt offur **þóknast Guði vel**.
GUÐBRANDS: Gott að gjöra og með að skipta þá forgleymið ekki því að slíkt offur **þóknast Guði vel**.
KJV: But to do good and to communicate forget not: for with such sacrifices **God is well pleased**.
NIV 1984: And do not forget to do good and to share with others, for with such sacrifices **God is pleased**.
NIV 2011: And do not forget to do good and to share with others, for with such sacrifices **God is pleased**.
1841: Gleymið ekki velgjörðaseminni og greiðvikninni, því slíkar fórnir eru Guði **þakknæmilegar**.
1908: En gleymið ekki velgjörðaseminni og hjálpseminni, því að slíkar fórnir eru Guði **þóknanlegar**.
1981: En gleymið ekki velgjörðaseminni og hjálpseminni, því að slíkar fórnir eru Guði **þóknanlegar**.
2007: En gleymið ekki velgjörðaseminni og hjálpseminni því að slíkar fórnir eru Guði **þóknanlegar**.

13:18 *Fullvissa í stað trausts*

NT ODDS: Biðjið fyrir oss. **Vort traust** er það að vér höfum góða samvisku og kostgæfum oss til vel um að sýslast hjá öllum.

GUÐBRANDS: Biðjið fyrir oss. **Vort traust** er það að vér höfum góða samvisku og kostgæfum oss til góða umgengni að hafa hjá öllum
KJV: Pray for us: **for we trust** we have a good conscience, in all things willing to live honestly.
NIV 1984: Pray for us. **We are sure** that we have a clear conscience and desire to live honorably in every way.
NIV 2011: Pray for us. **We are sure** that we have a clear conscience and desire to live honorably in every way.
1841: Biðjið fyrir oss, því vér erum oss þess **fullkomlega meðvitandi**, að vér höfum góða samvisku og viljum breyta vel í öllum greinum.
1908: Biðjið fyrir oss, því að vér erum þess **fullvissir**, að vér höfum góða samvizku og viljum í öllum greinum breyta vcl.
1981: Biðjið fyrir oss, því að vér erum þess **fullvissir**, að vér höfum góða samvisku og viljum í öllum greinum breyta vel.
2007: Biðjið fyrir mér því að ég er þess **fullviss** að ég hef góða samvisku og vil í öllum greinum breyta vel.

13:25 *Amen*
NT ODDS: Náðin sé með yður öllum. **AMEN**.
GUÐBRANDS: Náðin sé með yður öllum. **AMEN.**
KJV: Grace be with you all. **Amen**.
NIV 1984: Grace be with you all.
NIV 2011: Grace be with you all.
1908: Náð sé með yður öllum. **Amen**.
1841: Þeir frá Ítalíu heilsa yður. Náð sé með öllum yður, **Amen**!
1981: Náð sé með yður öllum.
2007: Náð sé með yður öllum.

3:12 *Endanum breytt*

NT ODDS: Getur nokkuð, bræður mínir, fíkjutré, viðsmjör eða vínviður fíkjur borið? **Líka svo kann ekki hinn sami brunnur salt vatn og sætt að gefa.**

GUÐBRANDS: Getur nokkur, bræður mínir, fíkjutré viðsmjör eður vínviður fíkjur borið? **Líka so kann ekki hinn sami brunnur salt vatn og sætt að gefa.**

KJV: Can the fig tree, my brethren, bear olive berries? either a vine, figs? **so can no fountain both yield salt water and fresh.**

NIV 1984: My brothers, can a fig tree bear olives, or a grapevine bear figs? **Neither can a salt spring produce fresh water**

NIV 2011: My brothers and sisters, can a fig tree bear olives, or a grapevine bear figs? N**either can a salt spring produce fresh water.**

1841: Mun fíkjutréð, bræður mínir, geta af sér gefið viðsmjörsávöxt eða víntréð fíkjur? **Þannig kann eigi heldur saltur brunnur geta af sér fætt vatn.**

1908: Mun fikjutré, bræður mínir, geta af sér gefið olifur eða vínviður fíkjur? **Eigi getur heldur saltur brunnur gefið sætt vatn.**

1981: Mun fíkjutré, bræður mínir, geta af sér gefið olífur eða vínviður fíkjur? **Eigi getur heldur saltur brunnur gefið ferskt vatn.**

2007: Mun fíkjutré, bræður mínir og systur, geta gefið af sér ólífur eða vínviður fíkjur? **Eigi getur heldur saltur brunnur gefið ferskt vatn.**

4:4

Framhjáhaldarar algerlega fjarlægðir

NT ODDS: **Þér hórunarmenn og hórdómskonur**, viti þér ekki það veraldarinnar vinfengi er Guðs óvinskapur. Hver veraldarvinur vill vera, sá man Guðs óvin vera

GUÐBRANDS: **Þér hórunarmenn og hórdómskonur**, viti þér ekki það veraldarinnar vinfengi er Guðs óvinskapur? Hver veraldarvinur vill vera sá mun Guðs óvin verða

KJV: **Ye adulterers and adulteresses**, know ye not that the friendship of the world is enmity with God? whosoever therefore will be a friend of the world is the enemy of God.

NIV 1984: **You adulterous people**, don't you know that friendship with the world is hatred toward God? Anyone who chooses to be a friend of the world becomes an enemy of God

NIV 2011: **You adulterous people**, don't you know that friendship with the world means enmity against God? Therefore, anyone who chooses to be a friend of the world becomes an enemy of God.

1841: **Þér hórdómsmenn og hórkonur**! Vitið þér ekki, að vinátta heimsins er óvinátta Guðs ? þess vegna, hvör sem vill vera vinur heimsins, hann verður óvinur Guðs.

1908: **Þér hórkonur**, vitið þér ekki, að vinátta við heiminn er fjandskapur gegn Guði? Hver sem því vill vera vinur heimsins, hann gjörir sig að óvini Guðs?

1981: **Þér ótrúu**, vitið þér ekki, að vinátta við heiminn er fjandskapur gegn Guði? Hver sem því vill vera vinur heimsins, hann gjörir sig að óvini Guðs.

2007: Þið ótrúu, vitið þið ekki að vinátta við heiminn er fjandskapur gegn Guði? Hver sem því vill vera vinur heimsins, hann gerir sig að óvini Guðs

5:16

Iðuleg það er stöðug *bæn, fjarlægð, og Viðeyjarbiblía er næst Kjv með því að sega yfirsjónir frekar en syndir*

NT ODDS: Játi hver öðrum **sínar syndir** og biðjið hver fyrir öðrum það þér heilbrigðir verðið. **Því að iðuleg réttferðugs bæn má mikið**.

GUÐBRANDS: Játi hver öðrum **sínar syndir** og biðjið hver fyrir öðrum það þér heilbrigðir verðið. **Því að iðugleg réttferðugs bæn má mikið**

KJV: Confess **your faults** one to another, and pray one for another, that ye may be healed. **The effectual fervent prayer of a righteous man** availeth much.

NIV 1984: Therefore confess **your sins** to each other and pray for each other so that you may be healed. **The prayer of a righteous man is powerful and effective.**

NIV 2011: Therefore confess **your sins to** each other and pray for each other so that you may be healed. **The prayer of a righteous person is powerful and effective**.

1841: Játið hvör fyrir öðrum **yðar yfirsjónir** og biðjið hvör fyrir öðrum, svo að þér heil-

brigðir verðið. **Mikið megnar kröftug bæn góðs manns**
1908: Játið því hver fyrir öðrum **syndir yðar** og biðjið bver fyrir öðrum, til þess að þér verðið heilbrigðir. **Kröftug bæn réttláts manns megnar mikið**
1981: Játið því hver fyrir öðrum **syndir yðar** og biðjið hver fyrir öðrum, til þess að þér verðið heilbrigðir. **Kröftug bæn réttláts manns megnar mikið**.
2007: Játið því hvert fyrir öðru **syndir ykkar** og biðjið hvert fyrir öðru til þess að þið verðið heilbrigð. **Kröftug bæn réttláts manns megnar mikið.**

BREYTINGAR Á PÉTURSBRÉFUM

FYRRA PÉTURSBRÉF

1:22

Tvær breytingar, hlýðni við sannleikan vegna Heilags Anda fjarlægð og hreint hjarta er ýmist heilt hjarta eða bara hjarta

NT ODDS: Og gjörið yðrar sálir **hreinferðugar í hlýðni sannleiksins fyrir andann** til bróðurlegs kærleika af allri smjaðran annarlegan. Og yður innbyrðis glóandi elskið **af hreinu hjarta** svo sem þeir

GUÐBRANDS: Og gjörið yðrar **sálir hreinferðugar í hlýðni sannleiksins fyrir Andann** til flekklauss bróðurlegs kærleika án smjaðranar. Og yður innbyrðis glóandi elskið **af hreinu hjarta**

KJV: Seeing ye have purified your souls in **obeying the truth through the Spirit** unto unfeigned love of the brethren, see that ye love one another with a pure heart fervently:

NIV 1984: Now that you have purified yourselves by **obeying the truth s**o that you have sincere love for your brothers, love one another deeply, **from the heart**.

NIV 2011: Now that you have purified yourselves by **obeying the truth** so that you have sincere love for each other, love one another deeply, **from the heart**[b].

[b] Segir í neðanmálsgrein að hreint hjarta er í sumum handritum

1841: Fyrst þér nú með **hlýðni við sannleikans (lærdóm) hafið með andans aðstoð**, hreinsað yðar sálir til hræsnislausrar bróðurlegrar elsku, þá elskið hvör annan kappsamlega af **hreinu hjarta,**

1908: Er þér hafið hreinsað sálir yðar með **hlýðni við sannleikann** til hræsnislausrar bróðurelsku, þá elskið hver annan innilega **af hjarta**,

1981: Þér hafið hreinsað yður með því að **hlýða sannleikanum** og berið hræsnislausa bróðurelsku í brjósti. Elskið því hver annan af **heilu**[a] **hjarta.**

[a] **Neðanmál bendir á hreint hjarta sem annan leshátt, ekki réttan leshátt heldur annan.**

2007: Með því að **hlýða sannleikanum** hafið þið hreinsað ykkur og getið því borið hræsnislausa elsku hvert til annars. Haldið því áfram að elska hvert annað af **heilu**[b] **hjarta**.

[b] **Neðanmál bendir á hreint hjarta sem annan leshátt**

1:23 *Orð Guðs varir að eilífu, fjarlægt*

NT ODDS: hverjir endurbornir eru, eigi af forgengilegu, heldur út af óforgengilegu sæði sem er út af orði Guðs lifanda **það ævinlegana blífur.**

GUÐBRANDS: so sem þeir hverjir endurbornir eru, eigi af forgengilegu heldur út af óforgengilegu sæði, sem er út af orði Guðs lifanda **það ævinlega blífur.**

KJV: Being born again, not of corruptible seed, but of incorruptible, by the word of God, which liveth **and abideth for ever.**

NIV 1984: For you have been born again, not of perishable seed, but of imperishable, through the living and **enduring** word of God.

NIV 2011: For you have been born again, not of perishable seed, but of imperishable, through the living and **enduring** word of God.

1841: svo sem þeir, sem endurgetnir eru, ekki af forgengilegu sæði, heldur óforgengilegu, með Guðs lífkröftuga lærdómi, **er eilíflega mun gilda,**

1908: þér sem endurfæddir eruð, ekki af forgengilegu sæði, heldur óforgengilegu með Guðs lifanda orði, **því er varir**

1981: Þér eruð endurfæddir, ekki af forgengilegu sæði, heldur óforgengilegu, fyrir orð Guðs, **s**em lifir og **varir**

2007: Þið eruð endurfædd, ekki af forgengilegu sæði heldur óforgengilegu, fyrir orð Guðs sem lifir **og varir**.

1:24 *dýrð mannsins , fjarlægt*

NT ODDS: Því að allt hold er sem gras og öll **dýrð mannsins** svo sem blómstur grassins. Grasið er uppþornað og þess blómstur er affallið.

GUÐBRANDS: „Því að allt hold er sem gras og öll **dýrð mannsins** so sem blómstur grassins. Grasið er uppþornað og þess blómstur er af fallið.

KJV: For all flesh is as grass, and all the **glory of man** as the flower of grass. The grass withereth, and the flower thereof falleth away:
NIV 1984: For, "All men are like grass, and all **their glory** is like the flowers of the field; the grass withers and the flowers fall,
NIV 2011: For,"All people are like grass, and all **their glory** is like the flowers of the field; the grass withers and the flowers fall,
1841: því allt hold er sem gras, og **þess vegsemd**, sem blómi grassins, grasið er þegar skrælnað, og þess blómi affallinn,
1908: Því að: alt hold er sem gras **og öll vegsemd þess** sem blóm á grasi; grasið skrælnaði og blómið féll af
1981: Því að: Allt hold er sem gras **og öll vegsemd þess** sem blóm á grasi; grasið skrælnar og blómið fellur.
2007: Því að: Allir menn eru sem gras **og öll vegsemd þeirra** sem blóm á grasi, grasið skrælnar og blómið fellur.

2:2 *Andlegum þroska blandað við frelsun*

NT ODDS: og girnist þeirrar skynsamlegrar og vélalausrar mjólkur svo sem að nýfædd börn **upp á það að þér greruð fyrir þá sömu**
GUÐBRANDS: og girnist þeirrar skynsamlegrar og hreinnrar mjólkur, svo sem nýfædd börn, **upp á það að þér þróist fyrir þá sömu.**
KJV: As newborn babes, desire the sincere milk of the word, **that ye may grow thereby:**
NIV 1984: Like newborn babies, crave pure spiritual milk, so that by it **you may grow up in your salvation,**
NIV 2011: Like newborn babies, crave pure spiritual milk, so that by it **you may grow up in your salvation**
1841: og sækist, eins og nýfædd börn, eftir þeirri skynsömu, ómenguðu mjólk, svo þér af henni þroskist **yður til velferðar**
1908: og sækist eins og nýfædd börn eftir hinni andlegu, ósviknu mjólk, til þess að þér við hana **getið vaxið til hjálpræðis,**
1981: Sækist eins og nýfædd börn eftir hinni andlegu, ósviknu mjólk, til þess að þér af henni **getið dafnað til hjálpræðis**,
2007: Sækist eins og nýfædd börn eftir hinni andlegu, ómenguðu mjólk til þess að þið af henni **getið dafnað til hjálpræðis**

3:15 *Guð skipt út*

NT ODDS: En **helgið Guð Drottin** í yðar hjörtum. Verið jafnlega reiðubúnir andsvar að veita hverjum manni þeim sem skjals krefja af þeirri von sem í yður er. Og það þó með hógværi og óttablendni,
GUÐBRANDS: En **helgið Guð Drottin** í yðar hjörtum. Verið jafnlega reiðubúnir andsvar að gefa hverjum manni
þeim sem skjals krefja af þeirri von sem í yður er og það þó með hógværi og óttablendni,
KJV: But **sanctify the Lord God** in your hearts: and be ready always to give an answer to every man that asketh you a reason of the hope that is in you with meekness and fear:
NIV 2011: But in your hearts **revere Christ as Lord**. Always be prepared to give an answer to everyone who asks you to give the reason for the hope that you have. But do this with gentleness and respect,
1841: heldur **dýrkið Drottin Guð** í yðar hjörtum, en verið (samt) ætíð reiðubúnir með hógværð og virðingu til forsvars fyrir hvörjum (manni), er krefur af yður reikningsskapar fyrir þá von, sem í yður er,
1908: en **helgið Krist sem drottin** í hjörtum yðar; verið ætíð búnir til varnar fyrir hverjum manni, er krefst af yður reikningskapar fyrir þá von, sem í yður er, en þó með hógværð og ótta,
1981: En **helgið Krist sem Drottin** í hjörtum yðar. Verið ætíð reiðubúnir að svara hverjum manni sem krefst raka hjá yður fyrir voninni, sem í yður er.
2007: En **helgið Krist sem Drottin** í hjörtum ykkar. Verið ætíð reiðubúin að svara hverjum manni sem krefst raka fyrir voninni sem þið eigið

4:1

Kristur leið þjáningar fyrir okkur, fjarlægt.

NT ODDS: Með því það **Kristur hefir nú fyrir oss liðið í holdinu**, þá brynjið yður einninn meður því sama hugskoti. Því hver á holdinu líður, sá firrist frá syndunum
GUÐBRANDS: Með því það **Christus hefur nú fyrir oss liðið í holdinu** þá brynjið yður einnin með því sama hugarfari. Því hver á holdinu líður sá firrist frá syndinni

KJV: Forasmuch then as **Christ hath suffered for us in the flesh**, arm yourselves likewise with the same mind: for he that hath suffered in the flesh hath ceased from sin;
NIV 1984: Therefore, since **Christ suffered in his body**, arm yourselves also with the same attitude, because he who has suffered in his body is done with sin.
NIV 2011: Therefore, since **Christ suffered in his body**, arm yourselves also with the same attitude, because whoever suffers in the body is done with sin
1841: Þar fyrir fyrst **Kristur hefir liðið á líkamanum vor vegna,** svo brynjið yður einnig sama hugarfari (því sá sem líður á holdinu, lætur af að syndga)
1908: Fyrst **Kristur þess vegna hefir liðið á holdi,** þá vopnið yður einnig með sömu hugsun, — því að sá, sem hefir liðið á lioldinu, er hættur við synd
1981: Eins og **því Kristur leið líkamlega,** svo skuluð þér og herklæðast sama hugarfari. Sá sem hefur liðið líkamlega, er skilinn við synd,
2007: **Kristur leið líkamlega.** Því skuluð þið búast sama hugarfari og hann. Sá sem hefur liðið líkamlega er skilinn við synd.

4:14

Hjá hinum verður hann lastaður, en í hjá yður vegsamaður, fjarlægt
NT ODDS: Sælir eru þér ef þér vanvirtir verðið yfir nafni Kristi því að andinn, sá sem að er andi Guðs og dýrðarinnar, hvílist yfir yður. **Hjá hinum verður hann lastaður, en í hjá yður vegsamaður**
GUÐBRANDS: Sælir eru þér ef þér vanvirtir verðið yfir nafni Christi því að andinn sá sem að er andi Guðs og dýrðarinnar hvílist yfir yður. **Hjá hinum verður hann lastaður en í hjá yður vegsamaður.**
KJV: If ye be reproached for the name of Christ, happy are ye; for the spirit of glory and of God resteth upon you: **on their part he is evil spoken of, but on your part he is glorified.**
NIV 1984: If you are insulted because of the name of Christ, you are blessed, for the Spirit of glory and of God rests on you.
NIV 2011: If you are insulted because of the name of Christ, you are blessed, for the Spirit of glory and of God rests on you.
1841: Sælir eruð þér, nær þér vanvirtir eruð fyrir Krists nafns sakir, því þá hvílir yfir yður Guðs, dýrðarinnar og máttarins andi, **sem að sönnu lastast af hinum, en vegsamast af yður.**
1908: Ef þér eruð smánaðir fyrir nafn Krisls, þá eruð þér sælir, því að andi dýrðarinnar og andi Guðs hvilir yfir yður
1981: Sælir eruð þér, er þér eruð smánaðir vegna nafns Krists, því að andi dýrðarinnar, andi Guðs hvílir þá yfir yður.
2007: Sæl eruð þið þegar menn smána ykkur vegna nafns Krists. Andi dýrðarinnar, andi Guðs, hvílir þá yfir ykkur.

5:10 *Jesús fjarlægður*

NT ODDS: En sá Guð allrar náðar sem yður hefir kallað til sinnar eilífrar dýrðar í **Kristo Jesú**, hann sami mun yður, þér sem um litla stund líðið, fullnægja, tilreiða, styrkja, efla og staðfesta.
GUÐBRANDS: En sá Guð allrar náðar sem oss hefur kallað til sinnar eilífrar dýrðar í **Christo Jesú**, hann sami mun yður, þér sem um litla stund líðið, fullgjöra, tilreiða, styrkja, efla og staðfesta.
KJV: But the God of all grace, who hath called us unto his eternal glory by **Christ Jesus**, after that ye have suffered a while, make you perfect, stablish, strengthen, settle you
NIV 1984: And the God of all grace, who called you to his eternal glory in **Christ**, after you have suffered a little while, will himself restore you and make you strong, firm and steadfast.
NIV 2011: And the God of all grace, who called you to his eternal glory in **Christ**, after you have suffered a little while, will himself restore you and make you strong, firm and steadfast.
1841: En Guð allrar náðar, sem yður hefir kallað til sinnar eilífu dýrðar í **Jesú Kristi**, eftir að þér þjást hafið um lítinn tíma, hann fullkomni yður, styrki, efli og staðfesti;
1908: En Guð allrar náðar, sem kallaði yður lil sinnar eilífu dýrðar í **Kristi**, eftir að þér þjáðst halið lítinn tíma, hann mun sjálfur fullkomna yður, styrkja og öfluga gjöra.
1981: En Guð allrar náðar, sem hefur kallað yður í **Kristi** til sinnar eilífu dýrðar, mun sjálfur, er þér hafið þjáðst um lítinn tíma, fullkomna yður, styrkja og öfluga gjöra
2007: En er þið hafið þjáðst um lítinn tíma mun Guð, sem veitir alla náð og hefur í **Kristi** kallað ykkur til sinnar eilífu dýrðar,

sjálfur fullkomna ykkur, styrkja og gera ykkur öflug

5:11 *Dýrð til Guðs fjarlægð*

NT ODDS: Þeim hinum sama **sé dýrð** og veldi um aldur og að eilífu. Amen.
GUÐBRANDS: Þeim hinum sama **sé dýrð** og veldi um aldur og að eilífu. Amen.
KJV: To him **be glory** and dominion for ever and ever. Amen.
NIV 1984: To him be the power for ever and ever. Amen.
NIV 2011: To him be the power for ever and ever. Amen.
1841: hans er **dýrðin** og valdið um aldir alda. Amen.
1908: Hans er mátturinn um aldir alda. Amen.
1981: Hans er mátturinn um aldir alda. Amen.
2007: Hans er mátturinn um aldir alda. Amen.

5:14 *Jesús og Amen fjarlægt*

NT ODDS: Heilsið yður innbyrðis með heilögum kærleikskossi. Friður sé með öllum yður sem að eru í **Kristo Jesú**. **Amen**.
GUÐBRANDS: Heilsið yður innbyrðis með heilögum kærleikskossi. Friður sé með öllum yður sem að eru í **Christo Jesú**. **Amen**.
KJV: Greet ye one another with a kiss of charity. Peace be with you all that are in **Christ Jesus**. **Amen**.
NIV 1984: Greet one another with a kiss of love. Peace to all of you who are in **Christ**.
NIV 2011: Greet one another with a kiss of love. Peace to all of you who are in **Christ**.
1841: Heilsið hvör öðrum með kærleikskossi. Friður sé með yður öllum, sem eruð í **Kristi Jesú.**
1908: Heilsið hver öðrum með kærleikskossi. Friður sé með yður öllum, sem eruð í **Kristi.**
1981: Heilsið hver öðrum með kærleikskossi. Friður sé með yður öllum, sem eruð í **Kristi.**
2007: Heilsið hvert öðru með kærleikskossi. Friður sé með yður öllum sem eruð í **Kristi.**

SEINNA PÉTURSBRÉF

1:21

Heilagir menn, fjarlægt

NT ODDS: Því að þar er eigi nokkurn tíma neinn spádómur eftir mannsins vilja framfluttur verið, heldur af Heilögum Anda tilknúðir hafa þeir **Guðs heilagir menn** talað.
GUÐBRANDS: Því að þar hefur eigi nokkurn tíma neinn spádómur eftir mannsins vilja framfluttur verið heldur af Heilögum Anda tilknúðir hafa þeir **Guðs heilagir menn** talað.
KJV: For the prophecy came not in old time by the will of man: but **holy men of God** spake as they were moved by the Holy Ghost.
NIV 1984: For prophecy never had its origin in the will of man, **but men spoke from God** as they were carried along by the Holy Spirit.
NIV 2011: For prophecy never had its origin in the human will, but prophets, **though human**, spoke from God as they were carried along by the Holy Spirit.
1841: því að aldrei hefir nokkur spádómur framfluttur verið eftir mannsins vild, heldur töluðu **þeir heilögu Guðs menn** knúðir þar til af heilögum Anda.
1908: Því að aldrei var nokkur spádómur borinn fram að vilja manns, heldur **töluðu menn frá Guði** bornir af heilögum anda.
1981: Því að aldrei var nokkur spádómur borinn fram að vilja manns, heldur **töluðu menn orð frá Guði**, knúðir af heilögum anda
2007: Því að aldrei var nokkur spádómur borinn fram að vilja manns **heldur töluðu menn orð frá Guði**, knúðir af heilögum anda.

2:1

Það er í raun ekki hægt að tala um breytingu þar sem engin Íslensk biblía hljómar nákvæmlega eins og Kjv, hinsvegar er vert að þekkja Kjv lesninguna á þessu versi. Köllum þetta bara rétttu nafni sem er Bölvaðar villutrúarkenningar. Sem felur vissulega í sér að þær eru varasamar.

NT ODDS: En þar voru falsspámenn meðal fólksins. Svo munu og einninn meðal yðar verða lygisamir lærendur sem jafnframt **innleiða munu háskasamlegar tvídrægnir** og afneita Drottni, þeim sem þá hefir endurkeypt, og munu yfir sjálfa sig leiða snöggva glatan.
GUÐBRANDS: En þar voru falsspámenn meðal fólksins. So munu og einnin meðal yðar verða lygisamir lærendur sem jafnframt **innleiða munu háskasamlegar tvídrægnir** og afneita Drottni þeim sem þá hefur endur-

keypt og munu yfir sjálfa sig leiða snöggva glatan
KJV: But there were false prophets also among the people, even as there shall be false teachers among you, **who privily shall bring in damnable heresies**, even denying the Lord that bought them, and bring upon themselves swift destruction.
NIV 2011: But there were also false prophets among the people, just as there will be false teachers among you. **They will secretly introduce destructive heresies,** even denying the sovereign Lord who bought them—bringing swift destruction on themselves.
1841: En líka sem (áður) voru alsspámenn meðal lýðsins, þannig munu líka falskennendur rísa upp á meðal yðar, er **innsmeygja munu háskalegum villum**, afneita Drottni, sem þá hefir keypt og yfir sig leiða bráða glötun,
1908: En falsspámenn komu einnig upp meðal lýðsins, eins og falskennendur munu líka verða á meðal yðar, er **smeygja munu inn háskalegum flokkum** og jafnvel afneita herra sínum, sem keypti þá, og leiða yfir sig sjálfa bráða glötun,
1981: En falsspámenn komu einnig upp meðal lýðsins. Eins munu falskennendur líka verða á meðal yðar, er **smeygja munu inn háskalegum villukenningum** og jafnvel afneita herra sínum, sem keypti þá, og leiða yfir sig sjálfa bráða glötun
2007: En falsspámenn komu einnig upp meðal lýðsins. Eins munu falskennendur líka verða á meðal ykkar er **smeygja munu inn háskalegum villukenningum** og jafnvel afneita Drottni sínum, sem keypti þá, og leiða yfir sjálfa sig bráða glötun.

2:17 *að eilífu fjarlægt*

NT ODDS: Þeir eru brunnar án vats og ský af vindi drifin, hverjum að varðveitist myrkvanna þoka **að eilífu**.
GUÐBRANDS: Þeir eru brunnar án vats og ský af vindi drifin, hverjum að varðveitist myrkvanna þoka **að eilífu**.
KJV: These are wells without water, clouds that are carried with a tempest; to whom **the** mist of darkness is reserved **for ever**.
NIV 1984: These men are springs without water and mists driven by a storm. Blackest darkness is reserved **for them.**
NIV 2011: These people are springs without water and mists driven by a storm. Blackest darkness is reserved **for them**.
1841: Þvílíkir eru brunnar án vatns og ský af hvirfilbyli hrakið, hvörjum myrkursins dimma er **að eilífu geymd**
1908: Þessir menn eru vatnslausir brunnar og þoka, hrakin af hvassviðri, og er þeim geymd **dimma myrkursins**.
1981: Vatnslausir brunnar eru þessir menn, þoka hrakin af hvassviðri, þeirra bíður **dýpsta myrkur**.
2007: Vatnslausir brunnar eru þessir menn, þoka hrakin af hvassviðri, þeirra bíður **dýpsta myrkur**.

3:9

Pétur gerir sig ekki undanskilin og talar um okkur, ekki ykkur, eða þig

NT ODDS: Drottinn seinkar eigi því hann fyrirhét svo sem það sumir halda, heldur hefir hann **þolinmæði við oss** og vill eigi það nokkur fortapist, heldur það hver maður snúi sér til yfirbótar.
GUÐBRANDS: Drottinn seinkar eigi því hann fyrirhét so sem það sumir halda heldur hefur hann **þolinmæði við oss** og vill eigi það nokkur fortapist heldur það hver maður snúi sér til yfirbótar.
KJV: The Lord is not slack concerning his promise, as some men count slackness; **but is longsuffering to us-ward**, not willing that any should perish, but that all should come to repentance.
NIV 1984: The Lord is not slow in keeping his promise, as some understand slowness. **He is patient with you**, not wanting anyone to perish, but everyone to come to repentance.
NIV 2011: The Lord is not slow in keeping his promise, as some understand slowness. **Instead he is patient with you**, not wanting anyone to perish, but everyone to come to repentance.
1841: Ekki seinkar Drottinn sínu fyrirheiti (þó sumir álíti þetta fyrir seinlæti); **heldur hefir hann biðlund við oss**, þar eð hann ekki vill að nokkur fyrirfarist, heldur að allir komist til sinnisbetrunar.
1908: Ekki er drottinn seinn á sér með fyrirheitið, þótt sumir álíti það seinlæti, **heldur er hann langlyndur við yður**, þar eð hann vill ekki að neinir glatist, heldur að allir komist til iðrunar.

1981: Ekki er Drottinn seinn á sér með fyrirheitið, þótt sumir álíti það seinlæti, **heldur er hann langlyndur við yður**, þar eð hann vill ekki að neinir glatist, heldur að allir komist til iðrunar.
2007: Ekki er Drottinn seinn á sér með fyrirheitið þótt sumir álíti það seinlæti, **heldur er hann langlyndur við ykkur** þar eð hann vill ekki að neinn glatist heldur að allir komist til iðrunar.

3:10 *nótt fjarlægð*

NT ODDS: En dagur Drottins man koma **sem þjófur um nótt,** á hverjum himnarnir munu forganga meður stórbrestum, en himintunglin af hita bráðna, og jörðin **og þau verk, sem þar eru inni,** munu uppbrenna.
GUÐBRANDS: En dagur Drottins mun koma **sem þjófur um nótt**, á hverjum himnarnir munu forganga meður stórbrestum en höfuðskepnunar af hita bráðna og jörðin og þau verk sem þar eru inni munu upp brenna
KJV: But the day of the Lord will **come as a thief in the night**; in the which the heavens shall pass away with a great noise, and the elements shall melt with fervent heat, the earth also and the works that are therein shall be burned up.
NIV 1984: But the day of the Lord will **come like a thief**. The heavens will disappear with a roar; the elements will be destroyed by fire, and **t**he earth and **everything in it will be laid bare**
NIV 2011: But the day of the Lord will **come like a thief**. The heavens will disappear with a roar; the elements will be destroyed by fire, and the earth **and everything done in it will be laid bare.** [a]
[a] Neðanmálsgrein segir: Some manuscripts *be burned up*
1841: En dagur Drottins mun koma **sem þjófur á nóttu,** þá munu b) himnarnir forganga með stórbrestum, frumefnin af eldi sundurleysast, og jörðin með því, sem í henni er, uppbrenna.
1908: En dagur drottins mun koma **sem þjófur,** og þá munu himnarnir með miklum gnjr líða undir lok, frumefnin sundurleysast í hrennandi hita, og jörðin og þaú verk, sem á henni eru, uppbrenna.
1981: En dagur Drottins mun koma **sem þjófur,** og þá munu himnarnir með miklum gný líða undir lok, frumefnin sundurleysast í brennandi hita og jörðin og þau verk, sem á henni eru, upp brenna.
2007: En dagur Drottins mun koma **sem þjófur** og þá munu himnarnir líða undir lok með miklum gný, frumefnin sundurleysast í brennandi hita og jörðin og þau verk, sem á henni eru, upp brenna

BREYTINGAR Á JÓHANNESARBRÉFUM

FYRSTA JÓHANNESARBRÉF

1:7 *Kristur fjarlægður*

NT ODDS: En ef vér göngum í ljósinu líka sem hann sjálfur í ljósinu er þá höfum vér samfélag innbyrðis. Og blóðið **Jesú Christi, hans Sonar**, hreinsar oss af allri synd

GUÐBRANDS: En ef vér göngum í ljósinu líka sem hann sjálfur í ljósinu er þá höfum vér samfélag innbyrðis. Og blóðið **Jesú Christi, hans Sonar**, hreinsar oss af allri synd.

KJV: But if we walk in the light, as he is in the light, we have fellowship one with another, and the blood of Jesus **Christ his Son** cleanseth us from all sin.

NIV 1984: But if we walk in the light, as he is in the light, we have fellowship with one another, and the **blood of Jesus**, **his Son**, purifies us from all sin.

NIV 2011: But if we walk in the light, as he is in the light, we have fellowship with one another, and the blood of **Jesus, his Son**, purifies us from all sin.

1841: En ef vér framgöngum í ljósinu , eins og hann er sjálfur í ljósinu, þá höfum vér samfélag innbyrðis og blóðið **Jesú Krists, hans Sonar,** hreinsar oss af allri synd.

1908: En ef vér framgöngiim í ljósinu, eins og hann er sjálfur í ljósinu, þá höfum vér samfélag hver við annan, og blóðið **Jesú, sonar hans**, hreinsar oss af allri synd.

1981: En ef vér göngum í ljósinu, eins og hann er sjálfur í ljósinu, þá höfum vér samfélag hver við annan og blóð **Jesú, sonar hans,** hreinsar oss af allri synd.

2007: En ef við göngum í ljósinu, eins og hann sjálfur er í ljósinu, þá höfum við samfélag hvert við annað og blóð **Jesú, sonar hans**, hreinsar okkur af allri synd.

2:7 *heyrt frá upphafi, fjarlægt*

NT ODDS: Kærir bræður, eg skrifa yður ekki nýtt boðorð heldur gamalt boðorð það þér hafið frá upphafi haft. **Það gamla boðorð er það orð hvört þér hafið heyrt frá upphafi**

GUÐBRANDS: Kærir bræður, eg skrifa yður ekki nýtt boðorð heldur gamalt boðorð það þér hafið frá upphafi haft. **Það gamla boðorð er það orð hvört þér hafið heyrt frá upphafi.**

KJV: Brethren, I write no new commandment unto you, but an old commandment which ye had from the beginning. **The old commandment is the word which ye have heard from the beginning.**

NIV 1984: Dear friends, I am not writing you a new command but an old one, which you have had since the beginning. **This old command is the message you have heard.**

NIV 2011: Dear friends, I am not writing you a new command but an old one, which you have had since the beginning. **This old command is the message you have heard.**

1841: Elskanlegir! nýtt boðorð skrifa eg yður ekki, heldur gamalt boðorð, sem þér hafið haft frá upphafi, **það gamla boðorð er sá lærdómur, hvörn þér heyrt hafið frá upphafi.**

1908: Þér elskaðir, það er ekki nýtt boðorð sem eg rita yður, heldur gamalt boðorð, sem þér hafið haft frá upphafi; **hið gamla boðorð er orðið, sem þér heyrðuð.**

1981: Þér elskaðir, það er ekki nýtt boðorð, sem ég rita yður, heldur gamalt boðorð, sem þér hafið haft frá upphafi. **Hið gamla boðorð er orðið, sem þér heyrðuð**

2007: Þið elskuðu, það er ekki nýtt boðorð sem ég rita ykkur, heldur gamalt boðorð sem þið hafið haft frá upphafi. **Hið gamla boðorð er orðið sem þið heyrðuð**

3:5 *Tæki burt OKKAR syndir, fjarlægt*

NT ODDS: Og þér vitið það hann birtist upp á það **hann vorar syndir burt tæki** og engin synd er í honum

GUÐBRANDS: Og þér vitið það hann birtist upp á það **hann vorar syndir burt tæk**i og engin synd er í honum.

KJV: And ye know that he was manifested to **take away our sins**; and in him is no sin.

NIV 1984: But you know that he appeared so that he might **take away our sins**. And in him is no sin.

NIV 2011: But you know that he appeared so that he might **take away our sins**. And in him is no sin.
1841: en þér vitið, að hann hefir birst til þess að **hann burttæki vorar syndir og** að engin synd finnst hjá honum;
1908: En þér vitið, að hann hefir birzt, lil þess að **burttaka syndir**, og í honum er ekki synd.
1981: Þér vitið, að Kristur birtist til þess að **taka burt syndir**. Í honum er engin synd.
2007: Þið vitið að Kristur birtist til þess að **taka burt syndir**. Í honum er engin synd.

3:14 *Áherslan á bræður, fjarlægð*

NT ODDS: Vér vitum það vér úr dauðanum erum komnir til lífsins því að vér elskum bræðurna. **Hver hann elskar eigi bræðurna** sá blífur í dauðanum.
GUÐBRANDS: Vér vitum það vér úr dauðanum erum komnir til lífsins því að vér elskum bræðurna. **Hver hann elskar eigi bræðurna** sá blífur í dauðanum
KJV: We know that we have passed from death unto life, because we love the brethren. **He that loveth not his brother** abideth in death.
NIV 1984: We know that we have passed from death to life, because we love our brothers. **Anyone who does not love** remains in death
NIV 2011: We know that we have passed from death to life, because we love each other. **Anyone who does not love** remains in death.
1841: Vér vitum að vér erum komnir úr dauðanum til lífsins, af því vér elskuðum bræðurnar; **hvör**, **sem ekki elskar sinn bróður**, hann er enn í dauðanum
1908: Vér vitum, að vér erum komnir yfir frá dauðanum til lífsins, af því að vér elskum bræðurna. **Sá sem ekki elskar**, er áfram í dauðanum.
1981: Vér vitum, að vér erum komnir yfir frá dauðanum til lífsins, af því að vér elskum bræður vora. **Sá sem ekki elskar** er áfram í dauðanum
2007: Við vitum að við erum komin yfir frá dauðanum til lífsins af því að við elskum bræður okkar og systur. **Sá sem ekki elskar** er áfram í dauðanum.

4:3

Sá sem viðurkennir ekki að Jesú kom í holdi fjarlægt

NT ODDS: Og hver andi **sem eigi viðurkennir það Jesús Christus sé í holdgan kominn**, sá er ekki af Guði. Og það er sá andi þess Antakrists af hverjum þér hafið heyrt það hann mundi koma og er nú þegar í heiminum
GUÐBRANDS: Og hver andi **sem eigi viðurkennir það Jesús Christus sé í holdgan kominn**, sá er ekki af Guði. Og það er sá andi þess Antakrists af hverjum þér hafið heyrt það hann mundi koma og er nú þegar í heiminum
KJV: And every spirit **that confesseth not that Jesus Christ is come in the flesh** is not of God: and this is that spirit of antichrist, whereof ye have heard that it should come; and even now already is it in the world.
NIV 1984: but every spirit that **does not acknowledge Jesus** is not from God. This is the spirit of the antichrist, which you have heard is coming and even now is already in the world.
NIV 2011: but every spirit that **does not acknowledge Jesus** is not from God. This is the spirit of the antichrist, which you have heard is coming and even now is already in the world.
1841: En hvör sá andi, **sem ekki viðurkennir, að Jesús Kristur hafi komið í holdinu** hann er ekki frá Guði, heldur er hann Krists óvinur (andi) um hvörn þér hafið heyrt, að koma muni og er nú þegar í heiminum
1908: og sérhver andi, **sem ekki játar Jesúm, er ekki af Guði**; og hann er andkristins andi, sem þér hafið heyrt um að komi, og nú þegar er hann í heiminum.
1981: En sérhver andi, **sem ekki játar Jesú, er ekki frá Guði.** Hann er andkristsins andi, sem þér hafið heyrt um að komi, og nú þegar er hann í heiminum.
2007: En sérhver andi **sem ekki játar Jesú er ekki frá Guði**. Hann er andkristsins andi sem þið hafið heyrt um að komi og nú þegar er hann í heiminum.

4:9 *Einsgetin sonur breytt í einkasonur*

NT ODDS: Í því auðbirtist kærleiki Guðs viður oss það Guð **sendi sinn eingetinn Son** í heiminn að vér skyldum fyrir hann lifa.
GUÐBRANDS: Í því auðbirtist kærleiki Guðs viður oss það Guð **sendi sinn eingetinn Son** í heiminn að vér skyldum fyrir hann lifa.
KJV: In this was manifested the love of God toward us, because that God **sent his only begotten Son** into the world, that we might live through him.
NIV 2011: This is how God showed his love among us: He **sent his one and only Son** into the world that we might live through him.
1841: í því opinberast elska Guðs til vor, að Guð **sendi sinn eingetinn Son** í heiminn, svo vér skyldum lifa fyrir hann.
1908: Í því birtist kærleikur Guðs í oss, að Guð **hefir sent sinn eingetinn son** í heiminn, til þess að vér skyldum lifa fyrir hann.
1981: Í því birtist kærleikur Guðs meðal vor, að Guð **hefur sent einkason sinn** í heiminn til þess að vér skyldum lifa fyrir hann.
2007: Í því birtist kærleikur Guðs til okkar að Guð **hefur sent einkason sinn** í heiminn til þess að hann skyldi veita okkur nýtt líf.

4:19

Fjarlægt að við eigum að elska Jesú því að hann elskaði okkur fyrst, og svo var Guði bætt inn í versið.
NT ODDS: **Látum oss hann elska** því að hann hefur elskað oss fyrri.
GUÐBRANDS: **Látum oss hann elska** því að hann hefur elskað oss fyrri.
KJV: **We love him**, because he first loved us.
NIV 1984: **We love** because he first loved us
NIV 2011: **We love** because he first loved us.
1841: **Vér elskum hann**, því hann hefir elskað oss fyrri.
1981: **Vér elskum**, því að hann elskaði oss að fyrra bragði.
2007: **Við elskum** því að Guð elskaði okkur að fyrra bragði.

5:7

Andleg merking þessa versa fær ekki að vera óafskipt
NT ODDS: Því að þrír eru sem vitnisburðinn gefa á himni: **Faðirinn, Sonurinn og Heilagur Andi, og þeir þrír eru eitt**
GUÐBRANDS: Því að þrír eru sem vitnisburðinn gefa á himni: **Faðirinn, Sonurinn og Heilagur Andi, og þeir þrír eru eitt.**
KJV: For there are three that bear record in heaven, **the Father, the Word, and the Holy Ghost: and these three are one.**
NIV 1984: For there are three that testify:
NIV 2011: For there are three that testify:
1841: Því þeir eru þrír, sem vitna í himninum**: Faðirinn, orðið og heilagur Andi og þessir þrír eru eitt.**
1908: Því að þrír eru þeir sem vitna:
1981: Því að þrír eru þeir sem vitna **[í himninum: Faðirinn, orðið og heilagur andi, og þessir þrír eru eitt. Og þeir eru þrír sem vitna á jörðunni:] Segir í neðanmáli að vanti í sum handrit.**
2007 Þrír eru þeir sem vitna **[í himninum: Faðirinn, orðið og heilagur andi, og þessir þrír eru eitt. Og þeir eru þrír sem vitna á jörðunni:] Segir í neðanmáli að vanti í sum handrit.**

5:8

NT ODDS: **Og þrír eru sem vitnisburðinn gefa á jörðu**: Andinn, vatnið og blóðið **og þau þrjú eru eitt**
GUÐBRANDS: **Og þrír eru sem vitnisburðinn gefa á jörðu:** Andinn, vatnið og blóðið **og þau þrjú eru eitt.**
KJV: A**nd there are three that bear witness in earth,** the Spirit, and the water, and the blood: **and these three agree in one.**
NIV 1984: the Spirit, the water and the blood; **and the three are in agreement**
NIV 2011: the Spirit, the water and the blood; **and the three are in agreement.**
1841: **Og þeir eru þrír, sem vitna á jörðunni** : andinn, vatnið og blóðið **og þessir þrír vitna eitt og hið sama**
1908: andinn og vatnið og blóðið, **og þeim þremur ber saman.**
1981: Andinn og vatnið og blóðið, **og þeim þremur ber saman.**
2007: Andinn og vatnið og blóðið **og þeim þremur ber saman**

5:13 *Áherslan á að trúa á nafn Guðs sonar fjarlægð*
NT ODDS: Þetta skrifaði eg yður, þér sem trúið á nafn Guðs Sonar, so að þér vitið það þér hafið eilíft líf **og það þér trúið á nafn Guðs Sonar.**
GUÐBRANDS: Þetta skrifaði eg yður, þér sem trúið á nafn Guðs Sonar, so að þér vitið það þér hafið eilíft líf **og það þér trúið á nafn Guðs Sonar**
KJV: These things have I written unto you that believe on the name of the Son of God; that ye may know that ye have eternal life, **and that ye may believe on the name of the Son of God.**
NIV 2011: I write these things to you who believe in the name of the Son of God so that you may know that you have eternal life.
1841: Þetta hefir eg skrifað yður, sem trúið á nafn Guðs Sonar, svo þér vitið, að þér hafið eilíft líf **og þér trúið á nafn Guðs Sonar.**
1908: Þetta hefi eg skrifað yður, til þess að þér vitið að þér hafið eilíft líf, yður, sem trúið á nafn Guðs sonar.
1981: Þetta hef ég skrifað yður, sem trúið á nafn Guðs sonar, til þess að þér vitið, að þér hafið eilíft líf.
2007: Þetta hef ég skrifað ykkur sem trúið á nafn Guðs sonar til þess að þið vitið að þið eigið eilíft líf.

5:21 *Amen*
NT ODDS: Sonakorn, varðveitið yður frá skúrgoðum.
A M E N.
GUÐBRANDS: Sonakorn, varðveitið yður frá skúrgoðum. **AMEN.**
KJV: Little children, keep yourselves from idols. **Amen.**
NIV 1984: Dear children, keep yourselves from idols.
NIV 2011: Dear children, keep yourselves from idols.
1841: Börn mín! varið yður við afguðum
1908: Börnin mín, gætið yðar sjálfra fyrir skurðgoðunum.
1981: Börnin mín, gætið yðar fyrir skurðgoðunum
2007: Börnin mín, gætið ykkar á falsguðunum.

ANNAÐ JÓHANNESARBRÉF

1:3 *Drottinn fjarlægður*
NT ODDS: Náð, miskunn, friður af Guði föður og af **Drottni Jesú Kristo,** syni Föðursins, í sannleik og kærleika sé yður með.
GUÐBRANDS: Náð, miskunn, friður, af Guði föður og af **Drottni Jesú Christo** syni föðursins í sannleika og kærleika sé með yður.
KJV: Grace be with you, mercy, and peace, from God the Father, and from the **Lord Jesus Christ**, the Son of the Father, in truth and love.
NIV 1984: Grace, mercy and peace from God the Father and from **Jesus Christ**, the Father's Son, will be with us in truth and love.
NIV 2011: Grace, mercy and peace from God the Father and from **Jesus Christ**, the Father's Son, will be with us in truth and love.
1841: Náð, miskunn, friður verið með yður frá Guði Föður og **Drottni Jesú Kristi**, Syni Föðursins í sannleika og elsku.
1908: náð, miskunn, friður frá Guði föður og frá **Jesú Kristi**, syni föðurins, mun vera með oss í sannleika og elsku
1981: Náð, miskunn og friður frá Guði föður og frá **Jesú Kristi**, syni föðurins, mun vera með oss í sannleika og kærleika.
2007: Náð, miskunn og friður frá Guði föður og frá **Jesú Kristi**, syni föðurins, mun vera með okkur í sannleika og kærleika.

1:9
Gjörbreytt hvað er verið að tala um
NT ODDS: **Hver hann skrikar** og blífur ekki í lærdómi Krists, sá hefir öngvan Guð. Hver eð blífur í lærdóminum, sá hefir bæði Föðurinn og Soninn
GUÐBRANDS: **Hver hann skrikar** og blífur ekki í lærdómi Christi sá hefur öngvan Guð. Hver eð blífur í lærdóminum sá hefur bæði Föðurinn og Soninn
KJV: **Whosoever transgresseth**, and abideth not in the doctrine of Christ, hath not God. He that abideth in the doctrine of Christ, he hath both the Father and the Son.

NIV 1984: Anyone **who runs ahead** and does not continue in the teaching of Christ does not have God; whoever continues in the teaching has both the Father and the Son.
NIV 2011: Anyone **who runs ahead** and does not continue in the teaching of Christ does not have God; whoever continues in the teaching has both the Father and the Son.
1841: **Sérhvör yfirtroðslumaður**, og sá sem ekki stendur stöðugur í Krists lærdómi, heldur ekki Guði , en sá, sem stendur stöðugur í Krists lærdómi, heldur bæði Föðurnum og Syninum.
1908: **Sérhver sem fer of langt,** og er ekki stöðugur í kenningu Krists, hefir ekki Guð. Sá sem er stöðugur í kenningunni, hann hefir bæði föðurinn og soninn.
1981: **Sérhver sem fer of langt** og er ekki stöðugur í kenningu Krists, hefur ekki Guð. Sá sem er stöðugur í kenningunni, hann hefur bæði föðurinn og soninn.
2007: **Sérhver sem fer sínu fram** og er ekki staðfastur í kenningu Krists á ekki Guð. Hinn sem er staðfastur í kenningunni á bæði föðurinn og soninn.

1:13 *Amen*

NT ODDS: Þér heilsa börn systur þinnar, hinnar útvöldu. **Amen.**
GUÐBRANDS: Þér heilsa börn systur þinnar hinnar útvöldu. **A M E N**.
KJV: The children of thy elect sister greet thee. **Amen**.
NIV 1984: The children of your chosen sister send their greetings.
NIV 2011: The children of your sister, who is chosen by God, send their greetings.
1841: Þér heilsa börn systur þinnar, hinnar útvöldu.
1908: Þér heilsa börn systur þinnar, hinnar útvöldu.
1981: Börn systur þinnar, hinnar útvöldu, biðja að heilsa þér.
2007: Börn systur þinnar, hinnar útvöldu, biðja að heilsa þér.

BREYTINGAR Á BRÉFI JÚDASAR

1:4 *Guð fjarlægður úr endanum*
NT ODDS: Því að þar eru nokkrir menn, þeir jafnframt inn hafa læðst, út af hverjum forðum tíð skrifað er til þessa dómsáfellis. Þeir eru ómildir og umvenda náð Guðs vors í munaðlífi **og afneita Guði og vorn Drottin Jesúm Kristum, þann einkunnardrottnar**
GUÐBRANDS: Því að þar eru nokkrir menn þeir jafnframt inn hafa læðst, út af hverjum forðum tíð skrifað er til þessa dómsáfellis. Þeir eru ómildir og umvenda náð Guðs vors í munaðlífi **og afneita Guði og vorn Drottni Jesú Christo, þeim einka drottnara**
KJV: For there are certain men crept in unawares, who were before of old ordained to this condemnation, ungodly men, turning the grace of our God into lasciviousness, **and denying the only Lord God, and our Lord Jesus Christ.**
NIV 1984: For certain men whose condemnation was written about long ago have secretly slipped in among you. They are godless men, who change the grace of our God into a license for immorality and **deny Jesus Christ our only Sovereign and Lord.**
NIV 2011: For certain individuals whose condemnation was written about[b] long ago have secretly slipped in among you. They are ungodly people, who pervert the grace of our God into a license for immorality and **deny Jesus Christ our only Sovereign and Lord.**
1841: því inn í söfnuðinn hafa nokkrir læðst, hvörjir fyrir löngu eru þvílíku straffi ætlaðir, óguðlegir menn, sem vanbrúka náð Guðs vors til stjórnlauss lífernis og **afneita vorum einasta alvalda, og Drottni Jesú Kristi.**
1908: Því að inn liafa læðst nokkurir menn, sem fyrir löngu voru fyrirfram innritaðir til þessa dóms, óguðlegir menn, sem vanbrúka náð Guðs vors til ólifnaðar, **og afneita vorum einasta lávarði og drotni, Jesú Kristi**
1981: Því að inn hafa læðst nokkrir menn, sem fyrir löngu var ritað um að þessi dómur biði þeirra. Þeir eru óguðlegir menn, sem misnota náð Guðs vors til taumleysis **og afneita vorum einasta lávarði og Drottni, Jesú Kristi**

2007: Nokkrir menn hafa laumast inn í söfnuðinn. Það eru óguðlegir menn sem misnota náð Guðs okkar til taumleysis **og afneita okkar eina lávarði og Drottni, Jesú Kristi.** Fyrir löngu var ritað um þann dóm sem biði þeirra.

1:19
Viðeyjarbiblía 1841 er skýrust, seinni breyta frásögninni
NT ODDS: Þeir eru hverjir **tvídrægni gjöra**, hverjir líkamlegir eru, þeir öngvan Anda hafa.
GUÐBRANDS: Þeir eru hverjir **tvídrægni gjöra**, hverjir líkamlegir eru, þeir öngvan Anda hafa.
KJV: These be they who **separate themselves**, sensual, having not the Spirit.
NIV 1984: These are the men **who divide you**, who follow mere natural instincts and do not have the Spirit.
NIV 2011: These are the people **who divide you**, who follow mere natural instincts and do not have the Spirit.
1841: Þessir eru þeir, sem **gjöra sig fráskila**, holdlegir, sem ekki hafa andann.
1908: Þessir menn eru þeir, sem **valda sundrungu**, holdlegir menn, sem eigi hafa andann.
1981: Þessir menn eru þeir, sem **valda sundrungu**, holdlegir menn, sem eigi hafa andann.
2007: Það eru þeir sem **valda sundrungu**, þeir eru bundnir við þennan heim og hafa eigi andann.

1:25 *Alleina vitur Guð fjarlægt*
NT ODDS: **þeim Guði sem alleina er vitur, vorum lausnara** sé dýrð og miklan og vald og makt nú og um allar aldir að eilífu. Amen.
GUÐBRANDS: **þeim Guði sem alleina er vitur, vorum Lausnara,** sé dýrð og miklan og vald og magt, nú og um allar aldir að eilífu. Amen
KJV: **To the only wise God our Saviour,** be glory and majesty, dominion and power, both now and ever. Amen.
NIV 1984: **to the only God our Savior** be glory, majesty, power and authority, through Jesus Christ our Lord, before all ages, now and forevermore! Amen.

NIV 2011: **to the only God our Savior** be glory, majesty, power and authority, through Jesus Christ our Lord, before all ages, now and forevermore! Amen.
1841: **einum Guði**, **vorum Frelsara** fyrir Jesúm Krist vorn Drottin, sé dýrð og hátign, kraftur og veldi, frá allri eilífð, nú, og um allar aldir. Ame
1908: **einum Guði, frelsara vorum,** sé fyrir Jesúm Krist, drottin vorn, dýrð, hátign, máttur og vald, fyrir allar aldir og nú og um allar aldirnar. Amen.
1981: **einum Guði, sem frelsar oss f**yrir Jesú Krist, Drottin vorn, sé dýrð, hátign, máttur og vald fyrir allar aldir, nú og um allar aldir. Amen
2007: **einum Guði sem frelsar oss** fyrir Jesú Krist, Drottin vorn, sé dýrð, hátign, máttur og vald frá alda öðli, nú og um allar aldir. Amen.

BREYTINGAR Á OPINBERUNARBÓKINNI

1:8

Upphaf og endir, fjarlægt og Guð bætt við

NT ODDS: Eg em A og Ö, **upphaf og endi**, **segir Drottinn**, sá sem er og sá eð var og sá sem koma mun, hinn almáttugi

GUÐBRANDS: Eg em A og Ö, **upphaf og endir**, **segir Drottinn**, sá sem er og sá sem var og sá sem koma mun, hinn almáttugi.

KJV: I am Alpha and Omega, the **beginning and the ending**, saith the **Lord**, which is, and which was, and which is to come, the Almighty.

NIV 1984: "I am the Alpha and the Omega," **says the Lord God**, "who is, and who was, and who is to come, the Almighty."

NIV 2011: "I am the Alpha and the Omega," **says the Lord God**, "who is, and who was, and who is to come, the Almighty."

1908: 8 Eg er Alfa og Omega, segir **drottinn Guð**, hann sem er og var og kemur, hinn alvaldi

1841: Eg em A og Ö, segir **Guð Drottinn**, sá, sem er og var og koma mun, sá alvaldi.

1981: Ég er Alfa og Ómega **segir Drottinn Guð**, hann sem er og var og kemur, hinn alvald

2007: „Ég er Alfa og Ómega, hann sem er og var og kemur, hinn alvaldi," **segir Drottinn Guð**.

1:9 *Kristur fjarlægður tvisvar úr einu versi*

NT ODDS: Eg, Jóhannes, yðar bróðir og hluttakari í hörmunginni og á ríkinu og **þolinmæði Jesú Kristi**, var í eynni Patmos fyrir Guðs orðs sakir og vitnisburðar **Jesú Kristi**

GUÐBRANDS: Eg Jóhannes, yðar bróðir og hluttakari í hörmunginni og ríkinu og **þolinmæði Jesú Christi**, var í eynni Patmos fyrir Guðs orðs sakir og vitnisburðar **Jesú Christi**.

KJV: I John, who also am your brother, and companion in tribulation, and in the kingdom and **patience of Jesus Christ**, was in the isle that is called Patmos, for the word of God, and for the testimony of **Jesus Christ**.

NIV 1984: I, John, your brother and companion in the suffering and kingdom and patient **endurance that are ours in Jesus**, was on the island of Patmos because of the word of God and the **testimony of Jesus**.

NIV 2011: I, John, your brother and companion in the suffering and kingdom and patient **endurance that are ours in Jesus**, was on the island of Patmos because of the word of God and the **testimony of Jesus**.

1841: Eg Jóhannes, yðar bróðir og ásamt yður hluttakandi í þrengingu, í ríki og **eftirvæntingu Jesú Krists,** eg var á þeirri eyju, sem kallast Patmus, fyrir sakir Guðs orðs og **vitnisburðar Jesú Krists**.

1908: Eg, Jóhannes, bróðir yðar og samfélagi i þrengingunni og konungsríkinu og **þolinmæðinni í Jesú**, var á eynni, sem Palmos heitir, fyrir sakir orðs Guðs **og vitnisburðar Jesú**.

1981: Ég, Jóhannes, bróðir yðar, sem í **Jesú** á hlutdeild með yður í þrengingunni, ríkinu og þolgæðinu, var á eynni Patmos fyrir sakir Guðs orðs og **vitnisburðar Jesú**

2007: Ég, Jóhannes, bróðir yðar, sem í **Jesú** á hlutdeild með yður í þrengingunni, ríkinu og þolgæðinu, var á eynni Patmos sakir Guðs orðs og **vitnisburðarins um Jesú**.

1:11

Jesús fyrstur og síðastur fjarlægt og Asía

NT ODDS: svo segjandi: **Eg em A og Ö, fyrstur og síðastur.** Og hvað þú sér, það skrifa í bók og sent það til **samkundanna í Asía,** til Efeso og til Smýrnem, til Pergamon og til Týatíras, til Sarden og til Fíladelfían og til Laódíkeam.

GUÐBRANDS: so segjandi: **Eg em A og Ö, fyrstur og síðastur.** Og hvað þú sér það skrifa í bók og send það til **samkundanna í Asia**: Til Epheso og til Smyrnem, til Pergamum og til Thyatiras, til Sarden og til Philadelphiam og til Laodiceam

KJV: **Saying, I am Alpha and Omega, the first and the last:** and**,** What thou seest, write in a book, and send it unto the seven churches **which are in Asia;** unto Ephesus, and unto Smyrna, and unto Pergamos, and unto Thyatira, and unto Sardis, and unto Philadelphia, and unto Laodicea.

NIV 1984: I, John, your brother and companion in the suffering and kingdom and patient endurance that are ours in Jesus, was on the island of Patmos because of the word of God and the testimony of Jesus.

NIV 2011: which said: "Write on a scroll what you see and send it to the seven churches: to Ephesus, Smyrna, Pergamum, Thyatira, Sardis, Philadelphia and Laodicea."
1908: Rita þú í bók það sem þú sér, og scnd það söfnuðunum sjö, til Efesus, og lil Smýrna, og til Pergamos, og til Pýatira, og lil Sardes, og til Fíladelfíu og til Laódíkeu
1841: skrifa þú í bók það, sem þú sér, og send það þeim sjö söfnuðum í Efesus, Smyrna, Pergamus, Tyatíra, Sardes, Fíladelfíu og Laódíseu.
1981: er sagði: „Rita þú í bók það sem þú sérð og send það söfnuðunum sjö, í Efesus, Smýrnu, Pergamos, Þýatíru, Sardes, Fíladelfíu og Laódíkeu."
2007: er sagði: „Rita þú í bók það sem þú sérð og send það söfnuðunum sjö í Efesus, Smyrnu, Pergamos, Þýatíru, Sardes, Fíladelfíu og Laódíkeu."

1:18

Helvíti breytt í hel eða hades og Amen er eingöngu í Kjv
NT ODDS: og lifandi. Eg var dauður, og sjá, að eg em lifandi um aldir að eilífu og hefi lykla **helvítanna og dauðans**.
GUÐBRANDS: og lifandi. Eg var dauður og sjá, að eg em lifandi um aldir að eilífu og hefi lykla **helvítanna og dauðans**
KJV: **I am he that liveth,** and was dead; and, behold, I am alive for evermore, **Amen**; and have the keys of **hell and of death**.
NIV 1984: I am the Living One; I was dead, and behold I am alive for ever and ever! And I hold the keys of **death and Hades**.
NIV 2011: **I am the Living One**; I was dead, and now look, I am alive for ever and ever! And I hold the keys of **death and Hades**.
1841: hræðstu ekki, eg em hinn fyrsti og síðasti og sá lifandi; eg dó, en sjá, eg lifi um aldir alda; og eg hefi lykla **dauðans og undirheima**.
1908: Óttast þú ekki, eg er hinn fyrsti og hinn siðasti og hinn lifandi; og eg var dauður, en sjá, lifandi er eg um aldir alda; og eg hefi lykla **dauðans og heljar**
1981: Og hinn lifandi." Ég dó, en sjá, lifandi er ég um aldir alda, og ég hef lykla **dauðans og Heljar.**
2007: og hinn lifandi. Ég dó en nú lifi ég um aldir alda og ég hef lykla **dauðans og heljar.**

2:5

Snarlega eða fljótlega fjarlægt
NT ODDS: Minnst á hvar þú ert affallinn, og gjör iðran, og gjör þín fyrru verkin. **En ef ekki, man eg þér snarlega koma** og þína ljósastiku í burtu hrinda úr sínum stað utan þú gjörir iðran.
GUÐBRANDS: Minnst á hvar þú ert af fallinn og gjör iðran og gjör hin fyrru verkin. **En ef ekki man eg þér snarlega koma** og þinni ljósastiku í burt hrinda úr sínum stað, utan þú gjörir iðran.
KJV: Remember therefore from whence thou art fallen, and repent, and do the first works; **or else I will come unto thee quickly,** and will remove thy candlestick out of his place, except thou repent.
NIV 2011: Consider how far you have fallen! Repent and do the things you did at first. If you do not repent, **I will come to you** and remove your lampstand from its place.
1841: Gáðu því að, hvörju þú hefir sleppt, sjáðu að þér og breyttu eins og fyrrum; **ellegar skal eg bráðum koma,** og þoka þinni ljósastiku úr stað, nema þú sjáir að þér.
1908: Minst þú því, úr hvaða hæð þú hefir hrapað, og gjör iðrun, og gjör hin fyrri verkin; **að öðrum kosti kem eg til þín** og færi ljósastiku þína úr stað, ef þú ekki gjörir iðrun.
1981: Minnst þú því, úr hvaða hæð þú hefur hrapað, og gjör iðrun og breyttu eins og fyrrum. **Að öðrum kosti kem ég til þín** og færi ljósastiku þína úr stað, ef þú gjörir ekki iðrun.
2007: Minnst þú því úr hvaða hæð þú hefur hrapað, sjáðu að þér og breyttu eins og fyrrum. **Að öðrum kosti kem ég til þín** og færi ljósastiku þína úr stað nema þú sjáir að þér.

2:9

Ég veit þín verk fjarlægt
NT ODDS: **Eg veit þín verk** og þína hörmung og fátækt, en þú ert auðigur, og lastan þeirra sem segja sig Gyðinga vera og eru ekki, heldur eru þeir Satans söfnuður.
GUÐBRANDS: **Eg veit þín verk** og þína hörmung og fátækt (en þú ert auðigur) og lastan þeirra sem segja sig Gyðinga vera og eru ekki heldur eru þeir Satans söfnuður
KJV: **I know thy works,** and tribulation, and poverty, (but thou art rich) and I know the blasphemy of them which say they are

Jews, and are not, but are the synagogue of Satan.
NIV 1984: I know your afflictions and your povertyyet you are rich! I know the slander of those who say they are Jews and are not, but are a synagogue of Satan.
NIV 2011: know your afflictions and your poverty—yet you are rich! I know about the slander of those who say they are Jews and are not, but are a synagogue of Satan.
1841: **eg þekki þín verk**, þröng þína og fátækt (en þú ert samt ríkur) og lastmæli þeirra gegn þér, sem kalla sig Gyðinga, en eru það þó ekki, heldur söfnuður Satans.
1908: Eg þekki þrengingu þína og fálækl en þú ert samt auðugur— og lastmælið frá þeim, sem segja sjálfa sig vera Gyðinga, en eru það ekki, heldur samkunda Satans.
1981: Ég þekki þrengingu þína og fátækt – en þú ert samt auðugur. Ég veit hvernig þú ert hrakyrtur af þeim, sem segja sjálfa sig vera Gyðinga, en eru það ekki, heldur samkunda Satans
2007: Ég þekki þrengingu þína og fátækt – en þú ert samt auðugur. Ég veit hvernig þú ert hrakyrtur af þeim sem segja sjálfa sig vera Gyðinga en eru það ekki heldur samkunda Satans.

2:13

Ég veit þín verk aftur fjarlægt og satan eða andskotin fær núna hásæti
NT ODDS: **Eg veit hvað þú gjörir** og hvar þú býr, hvar helst að er **andskotans sæti**. Og þú heldur mitt nafn og afneitaðir eigi mína trú, og á mínum dögum er Antípas, minn trúr vottur, hjá yður í hel sleginn, hvar eð Satan byggir
GUÐBRANDS: **Eg veit hvað þú gjörir** og hvar þú býr, hvar helst að er **andskotans sæti**, og þú heldur mitt nafn og afneitaðir eigi mína trú. Og á mínum dögum er Antipas, minn trúr vottur, hjá yður í hel sleginn hvar eð Satan byggir
KJV: **I know thy works,** and where thou dwellest, even where **Satan's seat** is: and thou holdest fast my name, and hast not denied my faith, even in those days wherein Antipas was my faithful martyr, who was slain among you, where Satan dwelleth.

NIV 1984: I know where you live-where **Satan has his throne**. Yet you remain true to my name. You did not renounce your faith in me, even in the days of Antipas, my faithful witness, who was put to death in your city-where Satan lives.
NIV 2011: I know where you live—where **Satan has his throne**. Yet you remain true to my name. You did not renounce your faith in me, not even in the days of Antipas, my faithful witness, who was put to death in your city—where Satan lives.
1841: **eg þekki þín verk**, og veit, að þú býr þar, sem **Satans hásæti** er. Samt heldur þú stöðugt við mitt nafn og hefir ekki afneitað minni trú, jafnvel ekki á þeim dögum, er minn n) trúfasti vottur Antípas var uppi, hvör eð líflátinn var hjá yður, þar, sem Satan býr.
1908: Eg veit hvar þú býr, þar sem er **hásæti Satans**. Og þú heldur stöðugt við nafn mitt, og afneitaðir ekki trú minni, jafnvel ekki á dögum Anlípasar voltar míns liins trúa, sem deyddur var hjá yður, þar sem Satan býr.
1981: Ég veit hvar þú býrð, þar sem **hásæti Satans** er. Þú heldur stöðugt við nafn mitt og afneitar ekki trúnni á mig, jafnvel ekki á dögum Antípasar, míns trúa vottar, sem deyddur var hjá yður, þar sem Satan býr.
2007: Ég veit að þú býrð þar sem **hásæti Satans** er. Samt hefur þú verið mér trúr og ekki afneitað trúnni á mig, jafnvel ekki á dögum Antípasar, míns trúa vottar, sem deyddur var hjá yður þar sem Satan býr.

2:15

*Hérna þarf að taka fram að **Nicolaitanes** þýðist sem "þeir sem taka stjórn á söfnuðinum" og það túlkast þá sem svo að Heilagur Andi ræður ekki söfnuðum sem þeir stjórna og þess vegna tekur Jesú fram að hann hatar þá.*
NT ODDS: Líka svo einninn hefir þú þá sem halda **kenningar Níkólaítarum, hvað er eg hata**
GUÐBRANDS: Líka so einnin hefur þú þá sem halda **kenningar Nicolaitarum**, **hvað er eg hata**
KJV: So hast thou also them that hold the doctrine **of the Nicolaitanes, which thing I hate.**
NIV 1984: Likewise you also have those who hold to the **teaching of the Nicolaitans.**

NIV 2011: Likewise, you also have those who hold to the **teaching of the Nicolaitans**.
1841: allt eins hefir þú nokkra hjá þér, sem halda við k**enningu Nikolaitanna.**

1908: Svo hefir þú og líka menn, sem halda fast við **kenningu Nikólaíta**
1981: Þannig hefur þú líka hjá þér menn, sem halda fast við **kenningu Nikólaíta.**
2007: Þannig hefur þú líka hjá þér menn sem halda fast við **kenningu Nikólaíta.**

2:16

Iðrun fjarlægð
NT ODDS: Gjör yfirbót. En ef ekki þá mun eg þér snarlega koma og stríða viður þá með-ur sverði míns munns
GUÐBRANDS:Gjör iðrun! En ef ekki, þá mun eg þér snarlega koma og stríða viður þá með sverði míns munns
KJV: **Repent**; or else I will come unto thee quickly, and will fight against them with the sword of my mouth.
NIV 2011: **Repent** therefore! Otherwise, I will soon come to you and will fight against them with the sword of my mouth.
1841: **sjáðu því að þér**, ellegar mun eg bráðum koma, og vega að þeim með sverði míns munns.
1908: **Gjör því iðrun**; að öðrum kosti kem eg skjótt til þín, og mun berjast við þá með sverðinu munns míns.
1981: **Gjör því iðrun**! Að öðrum kosti kem ég skjótt til þín og mun berjast við þá með sverði munns míns
2007: **Sjá því að þér**! Að öðrum kosti kem ég skjótt til þín og mun berjast við þá með sverði munns míns

2:20 *Fleirtölu breytt í eintölu*

NT ODDS: **En fátt nokkuð hefi eg á móti þér**, það þú leyfir þeirri kvinnu, Jessabel, sem segir sig spákonu vera, að læra og villa mína þjóna, hóranir að drýgja og skurgoðafórnir að eta
GUÐBRANDS: **En fátt nokkuð hefi eg á móti þér** það þú leyfir þeirri kvinnu Jesabel, sem segir sig spákonu vera, að læra og villa mína þjóna hóranir að drýgja og skúrgoðafórnir að eta.
KJV: **Notwithstanding I have a few things against thee,** because thou sufferest that woman Jezebel, which calleth herself a prophetess, to teach and to seduce my servants to commit fornication, and to eat things sacrificed unto idols.
NIV 1984: **Nevertheless, I have this against you:** You tolerate that woman Jezebel, who calls herself a prophetess. By her teaching she misleads my servants into sexual immorality and the eating of food sacrificed to idols.
NIV 2011: **Nevertheless, I have this against you:** You tolerate that woman Jezebel, who calls herself a prophet. By her teaching she misleads my servants into sexual immorality and the eating of food sacrificed to idols
1841: **En það þykir mér að þér,** að þú leyfir Jessabel konu þinni, sem þykist vera spákona og afvegaleiðir mína þjóna með sínum kenningum, að drýgja saurlifnað og eta afguða fórnir.
1908: **En eg hefi á móti þér,** að þú líður Jessabel, konuna, sem segir sjálfa sig vera spákonu, og kennir þjónum mínum og afvegaleiðir þá til að drýgja hór og eta skurðgoðafórnir.
1981: **En það hef ég á móti þér**, að þú líður Jessabel, konuna, sem segir sjálfa sig vera spákonu og kennir þjónum mínum og afvegaleiðir þá til að drýgja hór og eta kjöt helgað skurðgoðum.
2007: En það hef ég á móti þér að þú líður Jessabel, konuna sem segist vera spámaður og kennir þjónum mínum, afvegaleiðir þá til að drýgja hór og eta kjöt helgað skurðgoðum.

2:21

Hér er iðrun breytt í að sjá að sér, og samhengið hér er að hin illa Jezibel þar bara að sjá að sér
NT ODDS: Og eg hefi henni tíma gefið það **hún skyldi iðran gjöra** fyrir hennar hóranir, **og hún gjörir öngva iðran.**
GUÐBRANDS: Og eg hefi henni tíma gefið það hún **skyldi iðran gjöra** fyrir hennar hóranir **og hún gjörir öngva iðran**.
KJV: And **I gave her space to repent** of her fornication; **and she repented not.**
NIV 2011: I have given her time **to repent** of her immorality, but she is unwilling.
1841: Eg hefi gefið henni frest **til að sjá að sér**, en hún vill þó ekki láta af sínum saurlifnaði
1908: Og eg hefi gefið henni frest, til þess **að hún gjöri iðrun**, **og hún vill ekki gjöra iðrun** og láta af hórdómi sínum.
1981: Ég hef gefið henni frest til þess **að hún gjöri iðrun, en hún vill ekki gjöra iðrun** og láta af hórdómi sínum.

2007: Ég hef gefið henni frest **til þess að hún sjái að sér en hún vill ekki bæta ráð sitt** og láta af hórdómi sínum.

3:3 *Iðrun fjarlægð*

NT ODDS: Því legg í minni hvað þú hefir meðtekið og heyrt, og varðveit það **og gjör iðran**. Því ef þú mant eigi vaka, þá mun eg yfir þig koma sem þjófur, og eigi munt þú vita á hverri stundu er eg mun koma yfir þig

GUÐBRANDS: Því legg í minni hvað þú hefur meðtekið og heyrt og varðveit það **og gjör iðran.** Því ef þú munt eigi vaka þá mun eg yfir þig koma sem þjófur og eigi munt þú vita á hverri stundu er eg mun koma yfir þig.

KJV: Remember therefore how thou hast received and heard, and hold fast, **and repent**. If therefore thou shalt not watch, I will come on thee as a thief, and thou shalt not know what hour I will come upon thee.

NIV 2011: Remember, therefore, what you have received and heard; hold it fast, **and repent**. But if you do not wake up, I will come like a thief, and you will not know at what time I will come to you.

1841: Rifjaðu upp fyrir þér, hvað þú hefir numið og heyrt, varðveit það **og bæt ráð þitt;** því ef þú vakir ekki, mun eg koma að þér eins og þjófur, svo þú skalt ekki vita, á hvörri stundu eg muni koma yfir þig.

1908: Minst þú því, hvernig þú tókst á móti og heyrðir, og varðveit það **og gjör iðrun**. Ef þú nú vakir ekki, mun eg koma eins og þjófur, og þú munt alls ekki vita, á hverri stundu eg kem yfir þig.

1981: Minnst þú því, hvernig þú tókst á móti og heyrðir, og varðveit það og **gjör iðrun**. Ef þú vakir ekki, mun ég koma eins og þjófur, og þú munt alls ekki vita, á hverri stundu ég kem yfir þig.

2007: Minnst þú þess sem þú hefur numið og heyrt og varðveit það og **bæt ráð þitt**. Ef þú vakir ekki mun ég koma eins og þjófur og þú munt alls ekki vita á hverri stundu ég kem yfir þig

3:19

Iðrun breytt í að leggja kapp á að bæta ráð þitt, nema iðrun á sér stað einu sinni, þannig að málið er afgreitt og fyrirgefið og þú heldur áfram að gana með Jesú, en með því að taka burt fyrirgefninguna innfalda í að iðrast, þá er þetta vers að pína þig til að gera þitt besta holdlega og reka sjálfan þig áfram holdlega, sem brestur alltaf og gefst alltaf upp fyrir rest

NT ODDS: Hverja eg elska, þá straffa eg og tyfta. **Því vert kostgæfinn og gjör iðran.**

GUÐBRANDS: Hverja eg elska þá straffa eg og tyfta. **Því vert kostgæfinn og gjör iðran**

KJV: As many as I love, I rebuke and chasten**: be zealous therefore, and repent.**

2011: Those whom I love I rebuke and discipline. **So be earnest and repent.**

1841: Eg aga og vanda um við þá, sem eg elska; **legg þú því allt kapp á að bæta ráð þitt.**

1908: *Alla þá sem eg elska, þá tyfta eg og aga; ver því kostgæfinn og gjör iðrun.*

1981: Alla þá, sem ég elska, tyfta ég og aga. **Ver því heilhuga og gjör iðrun**

2007:Ég tyfta og aga alla þá sem ég elska. **Legg þú því allt kapp á að bæta ráð þitt**

4:5 *Raddir fjarlægðar*

NT ODDS: Og af stólinum útgengu eldingar, reiðarþrumur **og raddir**. Sjö eldslampar brunnu fyrir stólnum, hverjir að eru sjö Andar Guðs

GUÐBRANDS: Og af stólnum útgengu eldingar, reiðarþrumur **og raddir**. Sjö eldslampar brunnu fyrir stólnum, hverjir að eru sjö Andar Guðs.

KJV: And out of the throne proceeded lightnings and thunderings **and voices**: and there were seven lamps of fire burning before the throne, which are the seven Spirits of God.

NIV 1984: From the throne came flashes of lightning, rumblings and peals of thunder. Before the throne, seven lamps were blazing. These are the seven spirits of God.

NIV 2011: From the throne came flashes of lightning, rumblings and peals of thunder. In front of the throne, seven lamps were blazing. These are the seven spirits of God.

1841: Út frá hásætinu gengu eldingar, gnýhljóð og þrumur, og sjö logandi eldleg blys brunnu fyrir hásætinu, það eru þeir sjö andar Guðs.

1908: Og út frá hásætinu gengu eldingar, **raustir** og þrumur, og sjö eldblys brunnu fyrir hásætinu, og eru það hinir sjö andar Guðs.

1981: Út frá hásætinu gengu eldingar, dunur og þrumur, og sjö eldblys brunnu frammi fyrir hásætinu. Það eru þeir sjö andar Guðs.

2007: Út frá hásætinu gengu eldingar, dunur og þrumur og sjö eldblys brunnu frammi fyrir hásætinu. Það eru þeir sjö andar Guðs

4:8 *Dýr urðu af verum*
NT ODDS: Og hvert þeirra **fjögra dýranna** hafði sex vængi og utan um kring og innan full augna og höfðu eigi hvíld dag og nótt, segjandi: Heilagur, heilagur, heilagur er Guð Drottinn almáttugur, sá sem var og sá sem er og sá sem koma mun.
GUÐBRANDS: Og hvert þeirra **fjögra dýranna** hafði sex vængi og utan um kring og innan full augna og höfðu eigi hvíld dag og nótt, segandi: „Heilagur, heilagur, heilagur er Guð Drottinn Almáttugur, sá sem var og sá sem er og sá sem koma mun.“
KJV: And the **four beasts** had each of them six wings about him; and they were full of eyes within: and they rest not day and night, saying, Holy, holy, holy, Lord God Almighty, which was, and is, and is to come.
NIV 1984: Each of the **four living creatures** had six wings and was covered with eyes all around, even under his wings. Day and night they never stop saying: "Holy, holy, holy is the Lord God Almighty, who was, and is, and is to come."
NIV 2011: Each of the **four living creatures** had six wings and was covered with eyes all around, even under its wings. Day and night they never stop saying: “‘Holy, holy, holy is the Lord God Almighty,’ who was, and is, and is to come.”
1841: Þau **fjögur dýrin** höfðu sex vængi hvört, alsetta augum umhverfis og innanvert. Þau kölluðu án afláts dag og nótt: heilagur, heilagur, heilagur, Drottinn Guð alvaldi, sá, sem er og var og vera mun.
1908: Og **verurnar fjórar**, ein og sérhver þeirra, höfðu sex vængi, og voru alsettar augum, alt um kring og að innanverðu. Og eigi láta þær af, dag og nótt, að segja: Heilagnr, heilagur, heilagur, drottinn Guð, hinn alvaldi, Iiann sein var og er og kemur.
1981: **Verurnar fjórar** höfðu hver um sig sex vængi og voru alsettar augum, allt um kring og að innanverðu. Og eigi láta þær af, dag og nótt, að segja: Heilagur, heilagur, heilagur, Drottinn Guð, hinn alvaldi, hann sem var og er og kemur.
2007: **Verurnar fjórar** höfðu hver um sig sex vængi og voru alsettar augum, allt um kring og að innanverðu. Dag og nótt syngja þær án afláts: Heilagur, heilagur, heilagur, Drottinn Guð, hinn alvaldi, hann sem var og er og kemur.

4:11 *Guð bætt við*
NT ODDS: **Þú Drottinn** ert verðugur að meðtaka dýrð og heiðran og kraft því að þú hefir alla hluti skapað, og fyrir þinn vilja urðu þeir og eru skapaðir
GUÐBRANDS: „**Þú Drottinn**, ert verðugur að meðtaka dýrð og heiðran og kraft því að þú hefur alla hluti skapað og fyrir þinn vilja urðu þeir og eru skapaðir.“
KJV: Thou art worthy, **O Lord**, to receive glory and honour and power: for thou hast created all things, and for thy pleasure they are and were created.
NIV 1984: You are worthy, our Lord **and God**, to receive glory and honor and power, for you created all things, and by your will they were created and have their being
NIV 2011: “You are worthy, our **Lord and God**, to receive glory and honor and power, for you created all things, and by your will they were created and have their being.”
1841: þér, **Drottinn**! ber vegsemd, heiður og kraftur, því þú hefir skapað alla hluti og fyrir þinn vilja eru þeir til orðnir og skapaðir.
1908: Verður ert þú, **drottinn og Guð** vor, að fá dýrðina og heiðurinn og máttinn, því að þú hefir skapað alla hluti, og fyrir þinn vilja urðu þeir til og voru skapaðir.
1981: Verður ert þú, **Drottinn vor og Guð**, að fá dýrðina og heiðurinn og máttinn, því að þú hefur skapað alla hluti, og fyrir þinn vilja urðu þeir til og voru skapaðir.
2007: Verður ert þú, **Drottinn vor og Guð**, að fá dýrðina og heiðurinn og máttinn því að þú hefur skapað alla hluti og að þínum vilja urðu þeir til og voru skapaðir.

5:4 *og að lesa fjarlægt*
NT ODDS: Og eg æpta ógurlega að enginn fannst þar verðugur þeirri bók upp að lúka **og að lesa** né þar í að sjá
GUÐBRANDS: Og eg æpta ógurlega að enginn fannst þar verðugur þeirri bók upp að lúka **og að lesa** né þar í að sjá.
KJV: And I wept much, because no man was found worthy to open and to **read the book**, neither to look thereon.

NIV 1984: I wept and wept because no one was found who was worthy to open the scroll or look inside
NIV 2011: I wept and wept because no one was found who was worthy to open the scroll or look inside.
1841: Eg grét stórum af því, að enginn skyldi sá finnast, sem verðugur væri að opna bókina og líta í hana.
1908: Og eg grét stórum af því, að enginn fanst maklegur að ljúka upp bókinni og líta í hana.
1981: Og ég grét stórum af því að enginn reyndist maklegur að ljúka upp bókinni og líta í hana.
2007: Og ég grét stórum af því að enginn reyndist maklegur að ljúka henni upp og líta í hana.

5:9 *Endurleystir eða endurheimtir breytt í keyptir*

NT ODDS: og sungu nýjan lofsöng og sögðu: Þú ert verðugur að meðtaka bókina og upp að brjóta hennar innsiglin því að þú ert slátraður **og endurleystir oss** með þínu blóði út af allsháttuðum kynkvíslum og tungum, fólki og þjóðum
GUÐBRANDS: og sungu nýjan lofsöng og sögðu: „Þú ert verðugur að meðtaka bókina og upp að brjóta hennar innsigli því að þú ert slátraður **og endurleystir oss** með þínu blóði út af allsháttuðum kynkvíslum og tungum, fólki og þjóðum
KJV: And they sung a new song, saying, Thou art worthy to take the book, and to open the seals thereof: for thou wast slain, and **hast redeemed us to God** by thy blood out of every kindred, and tongue, and people, and nation;
NIV 1984: And they sang a new song: "You are worthy to take the scroll and to open its seals, because you were slain, and with your blood **you purchased men for God** from every tribe and language and people and nation.
NIV 2011: And they sang a new song, saying: "You are worthy to take the scroll and to open its seals, because you were slain, and with your blood **you purchased for God persons** from every tribe and language and people and nation.
1841: Þá sungu þeir nýjan lofsöng, svo mælandi: verðugur ert þú að taka við bókinni og opna hennar innsigli, því þér hefir verið slátrað og þú hefir **keypt oss Guði til handa**, af öllum kynkvíslum, tungumálum, þjóðum og ættum með þínu blóði;
1908: Og þeir syngja nýjan söng, segjandi: Verður ert þú að taka við bókinni og Ijúka upp innsiglum hennar, því að þér var slátrað, **og þú keyptir menn**, **Guði til handa**, með blóði þínu, af sérhverri kynkvísl og tungu og lýð og þjóð,
1981: Og þeir syngja nýjan söng: Verður ert þú að taka við bókinni og ljúka upp innsiglum hennar, því að þér var slátrað **og þú keyptir menn Guði til handa** með blóði þínu af sérhverri kynkvísl og tungu, lýð og þjóð.
2007: Og þeir sungu nýjan söng: Verður ert þú að taka við bókinni og rjúfa innsigli hennar því að þér var slátrað og með blóði þínu **keyptir þú Guði til handa menn** af sérhverri kynkvísl og tungu, lýð og þjóð.

5:10 *Okkur gert að þeim*

NT ODDS: og hefir **oss gjört** Guði til konunga og kennimanna. **Og vér** munum ríkja á jörðu.
GUÐBRANDS: og hefur **oss gjört** Guði til konunga og kennimanna. **Og vér** munum ríkja á jörðu."
KJV: And hast **made us unto** our God kings and priests: **and we shall** reign on the earth.
NIV 1984: You have **made them** to be a kingdom and priests to serve our God, **and they** will reign on the earth."
NIV 2011: You have **made them** to be a kingdom and priests to serve our God, and **they will** reign on the earth."
1841: þú hefir **gjört oss** að konungum og kennimönnum fyrir vorum Guði, **að vér** skyldum ríkja yfir jörðunni
1908: og **gjörðir þá**, Guði vorum til handa, að konungsríki og að prestum, **og þeir** ríkja á jörðinni.
1981: Og þú **gjörðir þá**, Guði vorum til handa, að konungsríki og prestum. **Og þeir** munu ríkja á jörðunni.
2007: Og þú **gerðir þá** að konungum og prestum Guði vorum til handa. **Og þeir** munu ríkja á jörðunni.

5:14

*Fjöldi öldungana og **þann sem lifir um aldir alda að eilífu,** fjarlægt*
NT ODDS: Og þau fjögur **dýrin** sögðu: Amen. **Og þeir fjórir og tuttugu** öldungar

féllu fram og tilbáðu **þann sem lifir um aldir alda að eilífu**
GUÐBRANDS: Og þau fjögur **dýrin** sögðu: Amen. Og þeir **fjórir og tuttugu öldungar** féllu fram og tilbáðu **þann sem lifir um aldir alda að eilífu.**
KJV: And the four **beasts** said, Amen. **And the four and twenty elders** fell down and worshipped **him that liveth for ever and ever.**
NIV 1984: The four **living creatures** said, "Amen," and the elders **fell down and worshiped.**
NIV 2011: The four **living creatures said**, "Amen," and the elders **fell down and worshiped.**
1841: og þau fjögur **dýrin** sögðu: Amen! en öldungarnir **féllu fram og tilbáðu.**
1908: Og **verurnar** fjórar sögðu amen, og öldungarnir **féllu fram og tilbáðu.**
1981: Og **verurnar** fjórar sögðu: „Amen.“ Og öldungarnir **féllu fram og veittu lotningu.**
2007: Og **verurnar** fjórar sögðu: „Amen.“ Og öldungarnir **féllu fram og tilbáðu.**

6:1,3,5,7

Og sjá eða skoða, fjarlægt og bætt við áherslu sem var ekki til staðar
GUÐBRANDS: **6:1** Og eg sá það að Lambið opnaði eitt af innsiglunum. Og eg heyrði eitt af þeim fjórum **dýrunum** segja líka sem með reiðarþrumu skrýð: **„Kom og skoða."**
6:3 Og þá það opnaði hið annað innsigli heyrða eg hið annað **dýrið** segja: **„Kom og gæt að.“ 6:5** Og er það opnaði hið þriðja innsiglið heyrða eg hið þriðja **dýrið** segja: **„Kom og skoða.“** Og eg gætta að og sjá, að brúnn hestur og sá þar sat á hafði met í sinni hendi. **6:7** Og þá það opnaði hið fjórða innsiglið heyrða eg rödd hins fjórða **dýrsins**, segandi: **„Kom og skoða.“**
KJV: 6:1 And I saw when the Lamb opened one of the seals, and I heard, as it were the noise of thunder, one of the four **beasts** saying, **Come and see. 6:3** And when he had opened the second seal, I heard the second **beast** say, **Come and see. 6:5** And when he had opened the third seal, I heard the third **beast** say, **Come and see**. And I beheld, and lo a black horse; and he that sat on him had a pair of balances in his hand. **6:7** And when he had opened the fourth seal, I heard the voice of the fourth **beast** say, **Come and see.**
NIV 2011: **6:1** I watched as the Lamb opened the first of the seven seals. Then I heard one of the four living creatures say in a voice like thunder, **“Come!” 6:3** When the Lamb opened the second seal, I heard the second **living creature** say, **“Come!” 6:5** When the Lamb opened the third seal, I heard the third **living creature** say, **“Come!”** I looked, and there before me was a black horse! Its rider was holding a pair of scales in his hand. **6:7** When the Lamb opened the fourth seal, I heard the voice of the fourth **living creature** say, **“Come!”**
1841: 6:1 Nú sá eg, að lambið opnaði eitt af þeim sjö innsiglum, og heyrða eitt af þeim fjórum **dýrum** segja, eins og með þrumugný: **kom þú! 6:3** Þegar lambið opnaði annað innsiglið heyrða eg annað **dýrið** segja: **kom!**
6:5 Þegar lambið opnaði þriðja innsiglið, heyrða eg þriðja **dýrið** segja**: kom!** Þá sá eg svartan hest; sá sem honum reið, hélt á metum í hendinni**6:7** Þegar lambið opnaði fjórða innsiglið, heyrða eg fjórða dýrið segja: **kom!**
2007: 6:1 Og ég sá er lambið rauf hið fyrsta af innsiglunum sjö og ég heyrði eina af **verunum** fjórum segja með þrumuraust: **„Kom!“ 6:3** Þegar lambið rauf annað innsiglið heyrði ég aðra **veruna** segja: **„Kom!“**
6:5 Þegar lambið rauf þriðja innsiglið heyrði ég þriðju **veruna** segja: **„Kom!“** Ég leit upp og sjá: Svartur hestur og sá er á honum sat hafði vogarskálar í hendi sér.**6:7** Þegar lambið rauf fjórða innsiglið heyrði ég rödd fjórðu **verunnar** er sagði: **„Kom!“**

6:8

Helvíti fjarlægt og Hel eða Hades er í staðin
NT ODDS: Og sjá, að bleikur hestur og sá þar á sat, þess nafn hét Dauði, **og helvíti** honum eftirfylgdi. Og honum varð makt gefin til að deyða í fjórum áttum jarðar meður sverði og hungri og meður drápi af dýrum jarðar.
GUÐBRANDS: Og eg sá að bleikur hestur og sá þar á sat. Þess nafn hét „Dauði“ **og helvíti** honum eftirfylgdi. Og honum varð magt gefin til að deyða í fjórum áttum jarðar meður sverði og hungri og meður drápi af dýrum jarðar.
KJV: And I looked, and behold a pale horse: and his name that sat on him was Death, **and Hell** followed with him. And power was given unto them over the fourth part of the earth, to kill with sword, and with hunger,

and with death, and with the beasts of the earth.
NIV 2011: I looked, and there before me was a pale horse! Its rider was named Death, **and Hades** was following close behind him. They were given power over a fourth of the earth to kill by sword, famine and plague, and by the wild beasts of the earth.
